

2017

Þjóðarspegilinn

Ráðstefna í félagsvísindum XVIII

Ágripabók

Rannsóknir í félagsvísindum XVIII. Ágrip erinda flutt á ráðstefnu 03. nóvember 2017

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-23-5



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Málstofur

A small state in the New Global Order: Iceland's Foreign Policy

Iceland's alignment with the EU-US sanctions on Russia: Why has Iceland disappeared from the EU's declarations on the sanctions? 1

Iceland and Brexit: Icelxit from the EU membership application 2

Áhugi, frásagnir og náms- og starfsfræðsla - Einhver tenging?

Frásagnir og starfsáhugi 3

Námsáhugi unglunga 4

Mat skólastjóra grunnskóla á mikilvægi náms- og starfsfræðslu 5

Tengsl tekjujöfnuðar í skólahverfum við andlega heilsu og hegðun íslenskra unglunga 6

Bergmál: Menningararfur og þjóðfræði

Túlkun hversdagsins: Þjóð, fræði og menningararfur 7

Fortíðleiki miðborgarinnar 8

Endurvarp, falsfræði og menningarnám í alþjóðlegri umræðu um varðveislu menningararfða 9

Heilagur Ambrósíus kirkjufaðir – Biskup og stjórnmalamaður 10

Eldra fólk, viðhorf og áskoranir

Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við afkomendur sína og aðra 11

Eldri einstaklingar og nýjar áskoranir: Breytingar á notendendahópi sjúkraþjálfunar á árunum 1999-2015 12

Samgöngur eldri kvenna sem tilheyra minnihlutahópum í Bandaríkjunum 13

Miðaldra og eldri konur á vinnumarkaði 14

Stefnan í þjónustu við elda fólk - heilsteyp eða steinsteyp? 15

Farsæl samskipti í nærumhverfinu: Sýn feðra, raddir ungmenna og vinatengsl barna

Feður og uppeldi 16

Samskipti foreldra og barna - Raddir ungmenna 17

Vinir hlusta, hjálpa og gefa góð ráð: Félagslegur stuðningur og ungmenni í nýju landi.....	18
Ferðaþjónusta í byggðum landsins: Viðhorf og innsýn I.	
Dreifing ferðamanna um byggðir landsins	19
Erlendir gestir á einstökum svæðum.....	20
Harmur eða hamingja? Félags- og menningarleg áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi	21
Af hópum og hálfopnum dyrum: Umferð skemmtiferðaskipa við Norðurland.....	22
Ferðaþjónusta í byggðum landsins: Viðhorf og innsýn II.	
Hlutverk leiðsögumanna og framlag til náttúruverndar.....	23
Markhópagreining íslenskrar ferðaþjónustu: Norðlægar slóðir, ferðalög utan háannar og lengd ferðar	24
Tourists as Explorers and Vikings.....	25
Polmörk vinsælla ferðamannastaða á Suður- og Vesturlandi eftir árstíðum	26
Fjölmiðlar og samtíminn	
Lýðræðishlutverk landsmálblaða, notkun þeirra í kosningum og ógn sem að þeim steðjar	27
Hnýsni í gær – Aðhald í dag	28
Hlutleysi og afstaða í íslenskri blaðamennsku - Pólítísk skipting á fjölmiðlamarkaði.....	29
Fake news and alternative facts, living in a world of simulation.....	30
Foreldrar og foreldrahlutverk	
Constructing parenthood in times of crisis.....	31
Frá ósýnileika til (takmarkaðrar) þátttöku. Feður í uppeldisritum 1846 til 2010	32
Ráðandi orðræður um hina „góðu“ móður.....	33
Framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins	
Hvernig heilbrigðiskerfi vilja Íslendingar?	34
Flutningur íslenskra lækna milli landa og framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins.....	35
Heilbrigði þjóðar er samfélagsverkefni	36
Forgangsverkefni í heilbrigðisþjónustu.....	37

Fritíminn og forvarnir

Frumherjar í æskulýðsmálum – Ágúst Sigurðsson magister38

Gæði eða geymsla? Hlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn.....39

Íþrótt- og tómstundastarf sem verndandi þáttur gegn einelti40

Grænt litróf - Sögur af sambandi manna og plantna

Tré í Norrænni trú41

Það vex eitt blóm fyrir vestan – Sæhvönn á Snæfellsnesi42

Framtíðin býr í fræjum43

Historical transformations in the oral and written narratives of the Roma

If you have nothing to hide, you have nothing to fear: Gender, state policies and lived experience among Romanian Roma during the Communist regime44

Talks about Bosnia: Young Bosnian Roma’s narratives about home?45

Ma bistar! Do not forget: Romani authors narrating Kosovo conflict and its consequences46

Hlutabréfamarkaðurinn og laun sjómanna

It is not SAD if you sell in May: Seasonal effects in stock markets revisited47

Resource rent spillovers to fishers remuneration48

Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi I: Flóttafólk og hælisleitendur

„Ég vil bara byrja líf mitt hér og byggja mig upp“: Reynsla kvenna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi49

Sálrænn og félagslegur stuðningur við kvótaflóttafólk á Íslandi 2005-2017 á vegum Reykjavíkurborgar50

Hvað hefur Dyflinni sem Genf og Nýja-Jórvík hafa ekki?51

Ísland og Evrópuvirknið -íslenska ríkið og samevrópskt landamæraeftirlit52

Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi II: Þverþjóðleiki og vinnumarkaður

Viðhorf til uppruna og erlendar reynslu á íslenskum vinnumarkaði53

Afdrif flóttafólks á vinnumarkaði54

Icelandic Expatriate Adjustment in Hardship Countries55

Frelsi eða fjötrar? Um greiningu sjálfbóðaliðastarfa á Íslandi56

Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi III: Félags- og menningarlegar hliðar hreyfanleikans

Aðstæður innflytjendafjölskyldna sem eiga fötluð börn57

Sjálfskilningur og félagsleg staða fjölskyldna heyrnarlausra barna af erlendum uppruna á Íslandi.....58

Úr klakaböndum: Hreyfanlegir hópar í vestnorðri.....59

Hreyfanleiki og þverþjóðleiki á Íslandi IV: Félagsleg aðild

Young adult refugees and asylum seekers: Making transitions into adulthood60

Brúnir Íslendingar: Viðhorf, upplifun og að tilheyra íslensku samfélagi61

„Mig langar til að flýja“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda frá Filippseyjum á íslenskum vinnumarkaði.....62

Immigrants in the North of Iceland, comparison between Akureyri, Dalvík and Húsavík.....63

Hvað er ferðamálafræði? Viðfangsefni, aðferðir og vísindaleg sýn I.

Tengsl ferðamálafræði við markaðsfræði64

Arfur eða arður – Tenging við menningu65

Rannsóknir í markaðsfræði á sviði ferðaþjónustu á Íslandi: Eiga markaðsfræði og ferðamálafræði samleið?.....66

Rannsóknir í ferðamálum - Á mörkum fræða og þjónustu67

Hvað er ferðamálafræði? Viðfangsefni, aðferðir og vísindaleg sýn II.

Ljóðræna ferðamenskunnar: Iðkun skapandi veruleika68

Fegurðin og ferðamálin.....69

Hugsað út fyrir kassann: Er samvinna félags- og lífvísinda vænleg leið fyrir nýsköpun þekkingar á ferðamennsku og útivist?70

Ferðamálafræði sem samvinna? Sköpun þekkingar og gildi hennar.....71

Hvers vegna ungt fólk kýs ekki

Ég kýs ekki glæpamenn: Hvers vegna ungt fólk kýs ekki og hvernig má breyta því72

Höfundarréttindi innan opinberra háskóla

Almennt um höfundarrétt í launþega- og verktakasamböndum.....73

Höfundarréttur að kennslugögnum í opinberum háskólum og réttur til aðgangs að slíkum gögnum samkvæmt upplýsingalögum	74
Höfundarréttur starfsmanna Háskóla Íslands og leyfiskerfi til að deila höfundarréttarvörðu efni	75
International Development in Transition: Critical Perspectives	
(Ad)Ventures in Development: Reflections on the “Social” in International Development	76
McDonaldization of development	77
Participation in the post-2015 national consultations in Senegal	78
Íslenskur tónlistarvettvangur og -veruháttur í ljósi hugtakalíkans Bourdieu	
„Petta er bara bévítans hark“ - Veruháttur og vettvangur íslenskra óperusöngvara	79
„Er ekki gaman að spila?“ - Viðtalsrannsókn á viðhorfum atvinnufólks í sígildri tónlist til menntunar sinnar og starfa út frá kenningum Bernard Lehmann um habitus, verðmætamat og bakgrunn hljóðfæraleikara	80
Vettvangur dægurtónlistar á Íslandi	81
Dægurtónlistarmenning við ysta haf: Ísland og „þorpseinkennið“	82
Kennsluhættir og kennslumat	
Leikskóli í krísu	83
Reading problems: The possible role of attention and object recognition abilities	84
Student evaluations of teaching in gender studies	85
Kreppan, viðbrögð stjórnvalda og lífskjör í Evrópu	
Áhrif kreppunar á lífskjör ólíkra hópa og ólíkra landa	86
Mat á fjárhagsþrengingum í Lífskjararannsókn Evrópusambandsins: Líkön, aðferðir og þróun	87
Börn og fjárhagsþrengingar á Íslandi, 2008-2015	88
Viðbrögð stjórnvalda og velferð almennings í Evrópu	89
Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna	
Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna og unglinga: Umbreytingarannsókn*	90
Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna í ljósi gagnrýnna fötlunarfræða: Kenningar og hugtök*	91

Líðan og lífsgæði 8-18 ára barna með hreyfihömlun*	92
MARK I: Kyngervi, kynferðiseinelti og kynlífsmenning	
Hreyfanleiki kyngervanna: að ögra eða staðfesta hugmyndir samfélagsins	93
Ekki vera eins og þú ert: Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans.....	94
Upplifun ungra karla á kynlífsmenningu framhaldsskólanema.....	95
MARK II: Kynin í stjórnendastöðum	
Konur og karlar í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi og í Noregi	96
Konur og karlar í stjórnendastöðum á Íslandi: Menning fyrirtækja og valdatengsl einstaklinga	97
Búsetumynstur karla og kvenna í stjórnendastöðum.....	98
Mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta: Áriðandi en eldfimt úrlausnarefni	
Sambúð/arvandi virkjana og ferðapjónustunnar	100
Að móta aðferðafræði við mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta. Lærdómurinn af starfi faghóps 3 í 3. áfanga rammaáætlunar.....	102
Samfélagsleg áhrif: Tenging við svæði, hópa og málefni í rammaáætlun.....	103
Málstofa Höfða friðarseturs	
Afstaða Íslendinga til utanríkis- og öryggismála.....	104
Greining á þjónustu við flóttafólk	105
Friðarfræðsla og fordómaleysi	106
Frá vopnaskaki til friðaruppbyggingar: Aðkoma fyrrverandi búrúndískra hermanna og skæruliða að friðaruppbyggingu	107
Meginreglur fjöleignarhúsalaga og hagnýting séreignar	
Meginreglur fjöleignarhúsalaga	108
Hagnýting séreignar í fjöleignarhúsum og nábýlisréttarleg álitamál henni tengd.....	109
Breytt hagnýting séreignar í fjöleignarhúsi.....	110
Menntun og félagslegt réttlæti	
Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun í íslensku skólakerfi	111
Proskapjálfar í skóla án aðgreiningar: Fagleg sýn og reynsla	112

Skóli án aðgreiningar sem námssamfélag: Hvað hafa þroskþjálfar fram að færa?.....	113
„Þetta lotteri“: Samvinna foreldra barna með röskun á einhverfurófi við skóla og sérfræðinga	114
Náms- og starfsferill ungmenna. Hvað er að fréttá?	
Margbreytileiki brotthvarfsmemnda. Tengsl við námslegan stuðning og áhættuhegðun.....	115
„Er þá enginn sem hugsar um þau?“ Eftirfylgni við ungmenni í Noregi sem ekki eru í skóla eða vinnu.....	116
„Nú veit ég svona nokkurn veginn hvað ég vil gera“: Vinna með námi og starfsferilsþróun framhaldsskólanemenda.....	117
„Maður er bara sinn eigin skapari“	118
Náttúruhvörf og ímyndaflakk á norðurlóð: samskipti mannfólks, dýra og náttúruvætta	
Sjónarhorn álfa: Áhrif álfatrúar á mannert umhverfi	119
Kynjasögur um hvítabirni.....	120
Birtingarmyndir hvítabjarnarins í sagnaefni, ímyndum og efnismenningu	121
The relationship between Greenlanders and sled dogs: an ethnographic case study in Kulusuk, East Greenland.....	122
Óvæntir gestir: Grænlandingar á Íslandi árið 1925	123
Nýsköpun og viðskiptaþróun I	
Nýsköpun, netvangar og starfsumhverfi	124
Netviðskipti í Kína: innsýn frá Ali Express og Zenni Optical	125
Tækninýsköpun með aðstoð hópverkunar.....	126
„Hugmyndir verða til í samtali frekar en eintali“ - Klasi í listum á Íslandi.....	127
Nýsköpun og viðskiptaþróun II	
Þróun nýrrar þekkingar til nýsköpunar í samstarfi háskóla, sjúkrastofnana og fyrirtækja: Hvaða áskoranir eru í stjórnskipulagi slíks samstarfs?.....	128
The effect of customer involvement in developing of new products and services	129
Nýsköpun í vefjalækningum – Er það eitthvað fyrir okkur á Íslandi?	130
Gæðaþjónusta fyrir fjölskyldur með krabbamein. Tilraunaverkefni janúar- júní 2017....	131

Populism, Trust and Post-Crisis Politics

Europe's Trust Deficit: Sources, Correlates and Remedies.....	132
On the Causes of Brexit.....	133
Who Votes for Right-Wing Populist Parties in Europe?	134
Institutionalized Mistrust – Accountability in Crisis Restoring trust in the aftermath of the financial crisis in Iceland.....	135
Political trust: Performance or Politics?.....	136

Pönkast í safnafræðum

Pönkast í söfnum: Róttækni og Pönksafn Íslands.....	137
Dauður fugl dafnar vel á safni.....	139
Torfhús í sýningarrýmum safna	140
Models, mission, methods.....	141

Rannsóknastofa í afbrotafræði: Fangar, löggæsla og kannabisneysla

Upplifun fanga á félagslegum veruleika sínum og öryggi í fangelsi.....	142
Lögregla á landsbyggðinni.....	143
Hefur kannabisneysla aukist á Íslandi?.....	144

Rannsóknastofa í afbrotafræði: Ofbeldisbrot, öryggistilfinning og afbrotapróun

Stórfelld ofbeldisbrot: Eðli þeirra og þróun skv. gögnum lögreglu.....	145
Öryggistilfinning Íslendinga í miðborg Reykjavíkur: Hverjir óttast afbrot mest og hvað veldur því?.....	146
Afbrotapróun í síbreytilegu samfélagi: Hverjar eru skýringarnar á fækkun auðgunarbrotá síðastliðin ár?.....	147

Rannsóknir í hagskýrslugerð

Nýjar aðferðir við mælingar á skorti efnislegra gæða meðal einstaklinga og heimila í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands.....	148
Dreifing tekna á Íslandi: Jafngildi heimilisgerða.....	149
Hæsta menntun Íslendinga 1981—.....	150

Réttur og kynferði

Ljúfar konur og sterkir karlar	151
„Hún reyndi ekki að kalla á hjálp..“ Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum.....	152
Réttarstaða kvenna sem brotþola kynbundins ofbeldis í ljósi feminískra lagakenninga	153
Sálræn áföll og ofbeldi	
Kynferðislegt ofbeldi í æsku, afleiðingar og úrræði	154
Ofbeldi og vanræksla í æsku meðal fanga á Íslandi	155
Nauðgun unglingsstúlkna	156
Áfall á áfall ofan: Ofbeldi gegn konu í nánu sambandi frá sjónarhóli kvenna sem þolenda.....	157
Stjórnun og reikningshald	
Prestshempur og lögreglubúningar: Samskipti og stjórnun meðal „íklæddra“ starfsmanna.....	158
Sviðsmyndir í sameiningarferli sveitarfélaga	159
Endurskoðun og væntingabilið.....	160
Endurskoðunarnefndir	161
Stjórnun og vellíðan í vinnu	
Heilsa og vellíðan á vinnustað.....	162
Starfskröfur, sjálfstæði og stuðningur við millistjórnendur með ábyrgð á stjórnun starfsmannamála	163
Virk hlustun stjórnenda í samskiptum við undirmenn	164
Störf og menntun kennara	
Afdrif útskrifaðra grunnskólakennara	165
Tímaatburðagreining á brottfalli grunnskólakennara.....	166
Brottfall í námi leikskólakennara	167
Sumardvöl í sveit á 20. öldinni	
Sumardvalir barna - Úrræði sveitarfélaga	168
Siðurinn að senda börn í sveit á 21. öldinni.....	169

The Challenges of International Law and the United Nations related to the Civil War in Syria

Does International Law on the Use of Force and on Armed Conflict apply in the Civil War in Syria? 170

The UN Humanitarian System in Syria 171

United Nations Constitutional Assistance and Human Rights Protection in Post-Conflict Situations..... 172

Veð- og samningaréttur

Nýlegir dómur um ógildingu veðsamninga á grundvelli 36. gr. samningalaga..... 173

Eru skilyrði fyrir veðsetningu rekstrartækja of ströng?..... 174

Tryggingarbréf og fyrning kröfu 175

Velferð í skólum

Reynsla foreldra barna sem eiga við námserfiðleika að stríða af þjónustu í skólum..... 176

Upplifun og reynsla kennara og annarra fagmenntaðra starfsmanna grunnskóla af því að sinna nemendum með námserfiðleika 177

Reynsla ungra mæðra sem hafa takmarkaða skólagöngu að baki og búa við fátækt. „Hin dulda útilokun“ 178

Reynsla nemenda sem glíma við námsvanda af námi við Háskóla Íslands – Forvarni gegn streitu, aukin velferð..... 179

Vinnskipulag og öryggi starfsfólks

Vald og fagmennska í hjúkrun á tímum niðurskurðar..... 180

Sýn ungmenna á öryggi á vinnustað 181

Áhrif ofbeldis/áreitni í vinnu á starfsferil þolanda 182

Vinumarkaður

New types of work and employment forms: The atypical working life of millennials ... 183

„Hagsmunir hverra ráða?": Upplifun stjórnenda og sérfræðinga á áhrifum birtinga umsækjendalista á umsækjendur í opinberum ráðningum..... 184

Ofmenntun á íslenskum vinnumarkaði: Staða meðal háskólamenntaðs fólks 185

Þróun þverfaglegra matstækja fyrir íslenska velferðarþjónustu

Mat á færni og fötlun - WHODAS 2.0 186

Mat á Starfshlutverki - Þróun íslenskrar útgáfu WRI 9.0.....	187
Evrópski heilsulæsilistinn HLS-EU-Q16: Þýðing, staðfærsla og prófun.....	188
Ögunaraðferðir barna og ofbeldi og vanræksla í æsku	
Ögunaraðferðir barna.....	189
„Beta er heilt en vel gróíð“.....	190
Veggspjaldamálstofa	
Fjarvinna starfsfólks og upplýsingaöryggi.....	191
Millistjórnendur og stefnumótun: Helstu viðfangsefni millistjórnenda í Arion banka og aðkoma þeirra að stefnumótun fyrirtækisins.....	192
Sameiginlegt eignarhald á íslenskum hlutabréfamarkaði.....	193
Vistvottunarkerfið BREEAM: Greining á aðlögunarhæfni matskerfisins að íslenskum aðstæðum.....	194
Inleiðing samfélagslegrar ábyrgðar hjá íslenskum aðilum að United Nations Global Compact.....	195
In Search of Lost Time - The mechanics of minimalistic lifestyle.....	196
Qualitative scenarios for energy: A tool for engaging the public?.....	197
„That’s so 2007“: Icelanders’ perceptions of ‚crisis‘ and ‚recovery‘.....	198
Depression, Anxiety, and Stress from Substance Use Disorder Among Family Members in Iceland.....	199
Innovation in Icelandic tourism. A case study.....	200
Þýr Íslendingur hér?.....	201
Family firms in Iceland.....	202
Höfundalisti.....	203

Iceland's alignment with the EU-US sanctions on Russia: Why has Iceland disappeared from the EU's declarations on the sanctions?

The paper examines the Icelandic government's consideration to withdraw its support for the sanctions against Russia over Ukraine in 2015. The consideration came as a surprise to many since Iceland in the past has habitually aligned itself closely with the United States and the European Union in such matters. The Icelandic fishing industry lobbied hard for the sanctions to be lifted to avoid Russian counter-sanctions on Iceland. After considerable internal debate, the government decided to uphold the sanctions, but settled on a policy of not taking part in EU's foreign policy declarations about the sanctions. This move is interesting given Iceland's traditional positioning between two gravitational centres in world politics: the EU and the US. The paper discusses what this case tells us about Icelandic policymakers' room for maneuvering in the formulation and enactment of its foreign policy, and about Iceland's foreign policy bonds to the US and the EU. A number of interviews were conducted for the study and data collected on Iceland's participation in the EU's foreign policy declarations.

Baldur Þórhallsson
Pétur Gunnarsson

Iceland and Brexit: Icelxit from the EU membership application

Brexit will create uncertainty in the Icelandic-British relations and the Icelandic government faces several challenges in relation to it. Thus far, most Icelandic politicians have until recently focused on Iceland's opportunities in relations to Brexit and ignored associated challenges due to their opposition to Iceland's membership of the EU. Many of them wish for Iceland and Britain to form an informal or formal alliance outside the Union. The aim of this research is to answer the question whether these opportunities are likely to materialize for Iceland and what hindrance the Icelandic government might encounter on its way to accomplish them.

The research is structured as follows: First, we elaborate on the relationship between Iceland and Britain in a historical context. Second, the paper will examine how Brexit has been debated in Iceland. Third, we examine the formal responses of the Icelandic government to Brexit. Forth, the paper analyses whether Brexit will have a say on Iceland membership application to join the EU. The concluding remarks will elaborate on Iceland's hindrances on its way to accomplish its wishes for free trade with Britain post Brexit and follow its lead and make free trade agreements with states around the globe. We will furthermore suggest a strategy for the Icelandic government.

Pétur Gunnarsson
Baldur Þórhallsson

Frásagnir og starfsáhugi

Frásagnaraðferðir í náms- og starfsráðgjöf ganga út frá því að fólk skrifi sögu sína inn í framtíðina. Í erindinu verða gefin dæmi um þetta úr nýlegri viðtalsrannsókn. Frásagnarkenning sú sem stuðst er við í öflun og greiningu gagnanna í rannsókninni hefur verið kölluð Starfshyggjukenning. Hún gengur út á að gerð sjálfsins sé verkefni þar sem tungumálið og frásagnir eru byggingarefnið. Myndun á huglægum starfsferli lýtur sömu lögmálum og vitund hvers og eins um sjálfan sig í starfi (career identity) byggist upp út frá frásögnum af eigin reynslu. Í frásagnarráðgjöf sem byggir á Starfshyggjukenningu er frásögnum skjólstæðings veitt í ákveðinn farveg sem aðstoðar hann við að skoða eigin reynslu í jákvæðu ljósi og byggja sér hugmyndir um sjálfan sig í starfi í framtíðinni. Ráðgjöfin hefst á upphafssamningi og er síðan skipulögð í kringum sex spurningar sem gefa mynd af hugarheimi og reynslu skjólstæðingsins í tveimur til þremur viðtölum. Dæmi um spurningar eru: Hverjar voru þínar helstu fyrirmyndir í æsku? Eða: Hver er þín uppáhaldsbók eða kvikmynd? Við greiningu gagna er m.a. stuðst við aðferð úr bókmenntafræði sem kallast frásagnargreining. Niðurstöður sýna að starfshyggjuráðgjöfin er árangursrík þar sem skjólstæðingar upplifa öryggi og skapa sér leiðarljós inn í framtíðina. Að lokum verður rætt hvort og hvernig skólakerfið styður ungt fólk almennt í þessu sköpunarferli.

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir

Námsáhugi unglinga

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort og hvernig andleg líðan, skjánotkun og svefn hefur áhrif á námsáhuga nemenda á unglingastigi í grunnskóla. Notast var við fyrirbyggjandi gögn úr könnuninni *Ungt fólk 2016* sem Rannsóknir og greining lögðu fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk í febrúar 2016. Unnið var með slembiúrtak úr heildarsvörum sem samanstóð af 2.021 nemanda. Af þeim voru 980 strákar (48,5%) og 1.041 stelpa (51,5%). Niðurstöður voru fengnar með því að reikna fylgni milli breyta, krosstöflum og fjölbreytuaðhvarfsgreiningu. Niðurstöður sýndu að samanlögð áhrif andlegrar vanlíðunar, skjánotkunar og svefns hafa töluverð áhrif á námsáhuga nemenda. Því meiri vanlíðan, meiri skjánotkun og minni svefn því minni námsáhuga sýna nemendur. Andleg vanlíðan hafði þar mestu neikvæðu áhrifin. Þá voru tengslin mun sterkari hjá stelpum en strákum. Í niðurstöðum kom fram að flestir nemendur eru áhugasamir um námið sitt þó námsáhugi nemenda dvíni eftir því sem þau færast ofar bekkjarkerfinu. Nýta má niðurstöður í ráðgjöf með unglíngum sem sýna áhugaleysi í námi. Einnig til að auka fræðslu til kennara og foreldra svo hægt sé að efla áhuga nemenda til frekara náms.

Kolbrún Vilhjálmsdóttir
Helga Tryggvadóttir

Mat skólastjóra grunnskóla á mikilvægi náms- og starfsfræðslu

Markmið rannsóknarinnar var að kanna mat skólastjóra á mikilvægi náms- og starfsfræðslu, viðhorf þeirra til þarfa nemenda fyrir aðstoð og upplýsingar vegna undirbúnings náms í framhaldsskóla. Einnig var kannað hvort þeir upplifi hindranir við að tryggja nemendum fullnægjandi kynningar á framhaldsnámi og störfum.

Notast var við blandaða aðferðafræði við framkvæmd rannsóknarinnar og í megindelega hluta hennar var úrtakið allt þýðið eða allir skólastjórar á Íslandi. Skólastjórar voru 173 en 103 svöruðu, sem er tæplega 60% svarhlutfall. Spurningalistinn skiptist í fjóra hluta; mikilvægi náms- og starfsfræðslu, viðhorf til hennar, framkvæmd fræðslunnar og bakgrunnsupplýsingar.

Niðurstöðurnar sýna að skólastjórar meta fræðslu um tengsl náms og starfa mikilvæga og eru jákvæðir gagnvart náms- og starfsfræðslu. Þeir töldu helstu hindranir við skipulag náms- og starfsfræðslu með fullnægjandi hætti vera fjáruþlutanir til grunnskólans. Þegar svör skólastjóra á landsbyggðinni voru borin saman við svör skólastjóra höfuðborgarsvæðisins kom í ljós marktækur munur á veitingu fjármuna í náms- og starfsfræðslu og eins var erfiðara að fá menntaða náms- og starfsráðgjafa til starfa á landsbyggðinni.

Niðurstöður þessarar rannsóknar geta veitt frekari upplýsingar sem hægt er að nýta við markvissa stefnumótun í náms- og starfsfræðslu á landsvísi í grunnskólum.

Hildur Ingólfssdóttir

Tengsl tekjujöfnuðar í skólahverfum við andlega heilsu og hegðun íslenskra unglunga

Talið er að mikill tekjujöfnuður sé skaðlegur andlegri heilsu og auki félagsleg vandamál. Fáar rannsóknir eru þó til um tengsl tekjujöfnuðar við heilsu og hegðun yfir tíma. Það er því markmið þessarar rannsóknar að prófa hvort tengsl séu á milli breytinga á tekjujöfnuði í íslenskum skólahverfum á tímabilinu 2006 til 2016, og breytinga á kvíða, þunglyndi og afbrotahegðun unglunganna sem þar búa. Rannsóknin byggði á þrepaskiptum gögnum frá Hagstofu Íslands yfir 76 skólahverfi og frá 24.107 unglungum í 9. og 10. bekk sem safnað var af Rannsóknum og greiningu. Notuð voru gögn frá fimm tímapunktum yfir tímabilið, sem einkenndist af minnkandi tekjujöfnuði. Hverfagögn voru tengd við gögn frá unglungum með margþrepa aðhvarfsgreiningu. Prófuð var sú tilgáta að þegar tekjujöfnuður innan hverfis minnkar, dregur úr kvíða, þunglyndi og afbrotahegðun unglunga sem þar búa. Niðurstöður sýndu að þegar tekjujöfnuður innan hverfa minnkaði um eitt staðfrávik frá meðaltali, dró úr einkennum kvíða, þunglyndis og afbrotahegðunar meðal unglunga. Niðurstöður benda til þess að tekjujöfnuður hafi tengsl við bæði andlega heilsu og frávikshegðun unglunga. Næstu rannsóknir ættu að kanna hvort þessar niðurstöður eigi við í öðrum samfélögum en íslensku, og hvort skýra megi þessi tengsl með óhagstæðum félagslegum samanburði.

Arndís Vilhjálmisdóttir
Ragna Benedikta Garðarsdóttir
Jón Gunnar Bernburg
Inga Dóra Sigfúsdóttir

*Þetta rannsóknarverkefni hefur hlotið styrki frá Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, RANNÍSog Norræna Sakfræðiráðinu.

Túlkun hversdagsins: Þjóð, fræði og menningararfur

Sjálfhverfan er eitt einkenni nútímasamfélaga. Félags- og mannvísindin hafa þróað með sér sjálfrynibúnað — og finna stöðugt upp á nútímatækni til að takast á við ýmsa fylgikvilla nútímans. Þjóðfræðin er hluti af þessum búnaði og hefur frá upphafi gegnt því hagnýta hlutverki að skapa tímaskyn, móta meðvitund um samfélagsbreytingar og túlka bæði efnismenningu og tjáningu með því að setja hvort tveggja í stærra samhengi í tíma og rúmi. Hefðir, siðir og þjóðhættir voru í brennidepli framan af en á síðustu áratugum hefur menningararfur tekið við sem túlkunnarrammi þar sem húsum, hlutum, fólki og athöfnum þess er gefin merking.

Í fyrirlestrinum verður grafið fyrir um samband þjóðfræðinnar, menningararfsins og nútímans. Í þessu sambandi verður lagt út af völdum dæmum úr samtímanum til að draga fram vaxandi fyrirferð túlkunar í daglegu lífi. Æ fleira er fortúlkað fyrir okkur og merkingin dregin fram á býsna þjóðfræðilegan hátt: allt frá gallabuxunum til flíspeysunnar, frá slowfood til sundlauganna. Sjónarhorn og tungumál þjóðfræðinnar hefur á síðustu áratugum orðið svo útbreitt að nærri stappar að allir séu orðnir að þjóðfræðingum; þjóðfræðileg sýn á daglegt líf er núorðið samofin daglegu lífi. Hvergi er þróunin þó jafn áberandi og í öllu sem varðar menningararf, en menningararfur er fyrirtaks dæmi um sjálfhverfu nútímans sem glímir við sjálfan sig og mótar hagnýtar aðferðir til að takast á við eigin afleiðingar.

Valdimar Tr. Hafstein

Fortíðleiki miðborgarinnar

Miklar umbreytingar standa yfir um þessar mundir í miðborg Reykjavíkur sem breyta ásýnd hennar. Víða rísa nútímalegar byggingar inn á milli gamalla um leið og gömul hús eru gerð upp eða þeim breytt. Hús eru færð úr stað til að mynda nýtt samhengi í nýju umhverfi. Nýbyggingar eru reistar sem í fljótu bragði sýnast gamlar í útliti og stíl. Margir telja húsin sem einkenndu borgina í byrjun tuttugustu aldar hafa sérstakt aðdráttarafi bæði fyrir ferðamenn en ekki síður til að skapa manneskjulegt borgarumhverfi andstætt einsleitum steinsteypu- og glerhúsum. Timburhúsin eru orðin menningararfur sem talinn er hafa margháttað gildi fyrir samfélagið. Í erindinu verður horft til þess hvernig fortíðin hefur verið notuð á síðustu misserum í þróun miðborgarinnar. Sérstaklega verða greind þau áhrif sem gömul hús eða byggingar sem líta út fyrir að vera gamlar hafa á sýn almennra borgara á borgarlandslagið. Í því samhengi verður stuðst við hugtakið fortíðleiki (e. pastness) sem leið til að varpa ljósi á þýðingu fortíðarinnar í hversdagslífi almennings. Rannsóknin byggir á viðtölum við íbúa og vegfarendur um sýn þeirra og afstöðu til eldri húsa og götumynda í miðborginni.

Ólafur Rastrick

Endurvarp, falsfræði og menningarnám í alþjóðlegri umræðu um varðveislu menningararfða

Umræða um menningarnám hefur verið ofarlega á baugi síðustu ár, meðal annars í tengslum við hugmyndir um einkarétt á hagnýtingu menningararfða. Þjóðfræðingar hafa tekið virkan þátt í að skapa þann grundvöll sem hún byggist á. Fræðileg umræða frá 6. og 7. áratugnum um falsfræði (nýnæmi sem er látið líta út fyrir að vera hefðbundið), endurvarp (hvernig alþýðuhefðir geta mótast af akademískri þekkingu um sjálfa sig), og flutning utan hefðbundins samhengis, bergmálar í samtímanum og hefur áhrif á hugmyndir okkar um menningarnám og aðferðir til að tryggja menningarleg réttindi. Þessi umræða hefur einkum verið áberandi í tengslum við réttindabaráttu frumbyggja og minnihlutahópa í landnemaíkjum. Sú barátta byggist meðal annars á alveg nýjum áherslum á menningarleg réttindi sem mannréttindi og hugmyndum um hugverkarétt í tengslum við menningararf og óáþreifanlegar menningararfðir, en hún sækir ekki síður í sígildar hugmyndir um tengsl einstaklinga, samfélaga og menningar, og yfirfærslu menningar frá einum hópi til annars. Sumar þessara hugmynda þykja umdeilanlegar í dag meðan aðrar eru enn í fullu gildi. Í fyrirlestrinum mun ég ræða hugmyndir þjóðfræðinga fyrri tíðar um menningarnám, falsfræði og endurvarp og hvernig þær bergmála í samtímaumræðunni.

Áki Guðni Karlsson

Heilagur Ambrósíus kirkjufaðir – Biskup og stjórnmalamaður

Ambrósíus (340-397) er einn af helstu kirkjufeðrum vesturkirkjunnar og segja má að hann hafi lagt hugmyndagrundvöllinn að þróun kirkjunnar og stöðu hennar gagnvart ríkisvaldinu. Hann er þekktur fyrir það að vera andlegur faðir Ágústínusar kirkjuföður, en sá síðarnefndi getur um hann í Játningum sínum sem hafa komið út á íslensku. Stjórnkænska Ambrósíusar og hæfileiki til að fá fólk á sitt band gerði það að verkum að kristnir í Milanó kölluðu hann til biskups þótt hann væri enn óskírður. Það varð til þess að hann tók skírni og með blessun páfa var hann prestsvígur um leið. Viku seinna tók hann svo biskupsvígslu. Ambrósíus var vel menntaður lögfræðingur og beitti stjórnkænsku sinni til þess að byggja upp rómversk katólsku kirkjuna.

Pétur Pétursson

Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við afkomendur sína og aðra

Eldri borgarar mynda stóran og fjölbreyttan hóp í samfélagi okkar og félagsleg staða þeirra er mismunandi. Umræðan um eldri borgara er þó oft einsleit og fremur horft til slæmrar stöðu þeirra en að kastljósinu sé beint að framlagi þeirra til samfélagsins. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna fjárhagslegan stuðning eldri borgara við afkomendur sína og aðra og skoða breytingar sem hafa orðið á þessum stuðningi á síðustu 10 árum.

Árið 2006 rannsökuðu höfundar framlag eldri borgara. Rannsóknin var endurtekin árið 2016. Gagna var aflað með símakönnunum og voru þátttakendur 1200 einstaklingar 67-85 ára valdir af handahófi úr þjóðskrá. Alls svöruðu 706 þátttakendur eða 59% þeirra sem í úrtakinu voru árið 2016 og árið 2006 svöruðu 725 eða 64,6%.

Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við afkomendur sína og aðra virtist meiri árið 2016 en 10 árum fyrr. Þannig höfðu 59% lánað eða gefið peninga árið 2016 en 54% árið 2006. Um 40% höfðu keypt fatnað, heimilistæki eða nauðsynjar fyrir aðra árið 2016 en 27% árið 2006 og árið 2016 hafði þriðjungur greitt fyrir námskeið, tómstundastarf eða slíkt en 25% árið 2006. Fjárhagslegur stuðningur eldri borgara við aðra virðist því meiri átta árum eftir efnahagshrunið en fyrir það.

Amalía Björnsdóttir

Ingibjörg H. Harðardóttir

Eldri einstaklingar og nýjar áskoranir: Breytingar á notendahópi sjúkraþjálfunar á árunum 1999-2015

Markmið rannsóknarinnar var að greina hvort hækkandi meðalaldur Íslendinga hafi leitt til hærra hlutfalls eldri einstaklinga (≥ 65 ára) í notendahópi sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara (SSS). Rannsóknin byggði á mannfjöldatölum frá Hagstofu Íslands og upplýsingum um alla sem notuðu sjúkraþjálfun með greiðslubátttöku Sjúkratrygginga Íslands á árunum 1999 til 2015 ($N=172071$). Tölfræðigreining byggði á Fisher's exact og kí-kvaðrat prófum. Á árunum 1999 til 2015 jókst hlutfall eldri einstaklinga í notendahópi SSS, úr 18,9% í 24,6% ($OR=1,40$; $95\%CI=1,34-1,45$). Á sama tíma jókst hlutfall þessa aldurshóps á landsvísu úr 11,6% í 13,9% af heildarmannfjölda. Í hópi eldri einstaklinga sem sem leituðu til SSS árið 1999 voru karlar 35,5%; 62,4% voru á aldrinum 65-74 ára, 32,4% 75-84 ára og 5,2% ≥ 85 ára. Á sama tíma, á landsvísu, voru karlar 45% af eldri borgurum og hlutföll fyrrnefndra aldurshópa 56,3%, 33,2% og 10,5%. Í hópi eldri einstaklinga sem sem leituðu til SSS árið 2015 voru karlar 37,8%; 53,7% voru á aldrinum 65-74 ára, 34,4% 75-84 ára og 11,9% ≥ 85 ára. Á sama tíma, á landsvísu, voru karlar 47,4% af eldri borgurum og hlutföll fyrrnefndra aldurshópa 56,8%, 30,1% og 13,1%. Samanburður á þeim sem notuðu þjónustu SSS 1999 og 2015 sýnir að þeim allra elstu hefur fjölgað mest ($p<0,001$) og hlutur eldri karla hefur aukist ($p=0,007$). Breytt aldursamsetning í notendahópi SSS kallar á aukna öldrunarfræðipækkingu á þessum vettvangi heilbrigðisþjónustunnar.

Sólveig Ása Árnadóttir

*Þessi rannsókn var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Samgöngur eldri kvenna sem tilheyra minnihlutahópum í Bandaríkjunum

Í Bandaríkjunum býr eldra fólk við hvað verstar samgöngur, sérstaklega konur 65 ára og eldri sem tilheyra minnihlutahópum. Hér var sá hópur rannsakaður og unnið með gögn um einstaklinga, fjölskyldu, hverfi og samgöngur. Tilgátur voru m.a. að samgöngur séu minni með aldrinum, fyrir innflytjendur og konur sem ekki keyra. Gögn voru úr ferðavenjukönnun Bandaríkjanna 2009. Könnuð var dagleg ferðalengd, ferðatími og fjöldi ferða frá heimili en þetta eru atriði sem eru tengd. Til að rannsaka þau var búinn til „hreyfanleika“-stuðull með hornréttu ofanvarpi (e. orthogonal projection) á þessar breytur (e. principal component analysis).

Niðurstöðurnar sýna að eldri konur í minnihlutahópum sem fæddar eru erlendis hafa annað samgöngumynstur en konur fæddar í Bandaríkjunum. Aðgangur að almenningsamgöngum og háskólamenntun tengdust auknum samgöngum. Konur sem ekki gátu keyrt og konur með lágar tekjur tengdust skertum samgöngum. Þéttbýli (m.v. dreifbýli) tengist auknu aðgengi að athöfnum utan heimilis en aukinn þéttleiki þéttbýlis tengist ekki hækkandi „hreyfanleika“-stuðli. Eldri konur úr minnihlutahópum eru ekki samleitur hópur. Því þarf að rannsaka undirhópa til þess að skilja ferðaparfir betur í fjölbreyttum þjóðfélögum.

Sungyop Kim

Guðmundur F. Úlfarsson

Miðaldra og eldri konur á vinnumarkaði

Konur á Íslandi eru hlutfallslega fleiri á vinnumarkaði en konur í öðrum löndum. Mikil atvinnuþátttaka þeirra hefur haft jákvæð áhrif á samfélagið og vinnumarkaðinn í heild. Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á upplifun kvenna á aldrinum 55-75 ára á viðhorf til þeirra á vinnumarkaði. Tilgangur hennar er að öðlast þekkingu og skilning á stöðu miðaldra og eldri kvenna á vinnumarkaði með það fyrir augum að hafa áhrif á viðhorf vinnuveitenda og annarra til þessa hóps. Tekin voru eigindleg viðtöl við sjö konur á aldrinum 57-84 ára, sem allar hafa að minnsta kosti 10 ára reynslu af því að vera á vinnumarkaði eftir 40 ára aldur. Notað var snjóboltaúrtak til að fá viðmælendur.

Niðurstöður benda til að margar kvennanna hafi upplifað mismunun á vinnumarkaði eftir að þær urðu 55 ára. Þær telja að það sé erfiðara að vera eldri kona á vinnumarkaði en karl, jafnvel þótt þær nefni líka dæmi um mismunun gegn eldri körlum. Konurnar telja að eiginleikar eins og það að vera óspör á tímann sinn og skyldurækni gagnvart vinnuveitanda vegi þyngra fyrir konur á vinnumarkaði en kunnátta, reynsla og það að vera góður í starfi sínu. Konurnar sjá sig ekki sem eftirsóttá starfskrafta á vinnumarkaði.

Sigurveig H. Sigurðardóttir

Stefnan í þjónustu við eldra fólk - heilsteypt eða steinsteypt?

Í erindinu verður leitað svara við spurningunni um hvort væntanleg breyting á aldursamsetningu þjóðarinnar og hvort nýjar tillögur að stefnumiði gefi vísbendingar um breytingar í áherslum um stuðning í heimahúsi eða stofnanadvöl eldra fólks. Er áherslan á heilsteypta þjónustu eða steinsteypta?

Í erindinu verður fjallað um og leitast við að greina nokkra þætti í nýju tillögunum að stefnu í þjónustu við eldra fólk og velt upp hvaða áhrif breytingarnar muni hafa á uppbyggingu og skipulag þjónustunnar. Samkvæmt tillögum er m.a. gert ráð fyrir að hlutfall þeirra sem þurfa að dvelja á hjúkrunarheimili verði um 15% af fjölda þeirra sem eru 85 ára og eldri. Þetta viðmið hefur verið nokkru hærra og einnig hefur verið bent á að stofnanarými fyrir aldraða á Íslandi sé umtalsvert meira en á hinum norðurlöndunum. Sé tekið mið af nýju viðmiði eru árið 2017 um 700 hjúkrunarrými á Íslandi umfram viðmið um ætlaða þörf og ekki tilefni til fjölgunar hjúkrunarrýma fyrr en upp úr árinu 2025. Verði unnið samkvæmt nýjum tillögunum frá mars 2016 þarf væntanlega að fækka hjúkrunarrýmum á Íslandi og þar með skapast tækifæri til að færa umtalsverða fjármuni frá rekstri stofnana yfir í heimaþjónustu og stuðning við eldra fólk í heimahúsum.

Halldór S. Guðmundsson

Feður og uppeldi

Foreldrahlutverkið hefur verið skilgreint sem það hlutverk fullorðinsáranna sem er hvað flóknast og mest krefjandi. Því er brýnt að vera í stöðugri leit að því hvernig best megi styrkja foreldra í þessu ábyrgðarmikla hlutverki og standa að uppeldi barna. Ein leið til þess er að skoða uppeldissýn foreldra og nota þá þekkingu sem grunn að starfi með þeim. Í tímans rás hafa feður fengið minni athygli en mæður sem uppalendur. Markmið rannsóknarinnar var því að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra; gildum þeirra, markmiðum og leiðum. Annað markmið var að aðlaga og þróa nýtt greiningarlíkan um uppeldissýn feðra sem byggist á líkani um uppeldis- og menntunarsýn kennara og skólastjórnenda sem síðarnefndi höfundurinn hefur sett fram. Þróun líkansins felst einkum í því að varpa ljósi á hvernig félagslegar aðstæður, menning og sögulegt samhengi tengist sýn feðra. Við söfnun og greiningu gagna var fyrirbærafræðilegri nálgun beitt. Greiningarlíkanið og niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar. Dæmi verður tekið af uppeldissýn eins þátttakenda/föður með hliðsjón af greiningarlíkaninu. Rannsóknin ætti að hafa gildi fyrir fagfólk sem starfar með foreldrum sem og vera mikilvægt framlag til rannsókna á uppeldissýn feðra bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi.

Hrund Þórarins Ingudóttir
Sigrún Aðalbjarnardóttir

Samskipti foreldra og barna - Raddir ungmenna

Kenningar um uppeldishætti hafa lagt áherslu á hið mikilvæga hlutverk foreldra í lífi barna sinna. Kenning Diónu Baumrind með síðari útfærslum skiptir uppeldisháttum í leiðandi, skipandi, eftirláta og afskiptalaus. Rannsóknir hafa bent til þess að börn leiðandi foreldra standi betur að vígi en börn skipandi, eftirlátssamra og afskiptalausra foreldra. Sérstaklega hefur þá verið rætt um tengsl uppeldishátta og félags- og tilfinningaþroska barna, sjálfstrausts, sálfræðilegs þroska, námsárangurs og andlegs og líkamlegs heilbrigðis.

Einn af þeim þáttum sem einkenna leiðandi uppeldishætti snúa að góðum samskiptum foreldris og barns. Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf ungmenna til þess hvað einkenni góð samskipti foreldra og barna. Mikilvægt er að fá fram sýn þeirra þar sem sýn foreldra og barna á samskipti í fjölskyldunni getur verið ólík.

Notuð var eigindleg aðferð þar sem tekin voru djúpvíðtöl við 21 ungmenni, 14 og 18 ára, frá þremur svæðum á Íslandi. Víðtölin voru tekin í skólum þar sem ungmennin stunduðu nám. Þau voru þemagreind og gefa niðurstöður til kynna að ungmennin telji góð samskipti foreldra og barna einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti samhliða góðu og hlýju viðmóti. Niðurstöður varpa ljósi á viðhorf ungmennanna til þess hvernig best megi leysa ágreiningsmál á heimilum og hvaða gildi skuli höfð að leiðarljósi í þeim samskiptum.

Ragný Þóra Guðjohnsen
Sigrún Aðalbjarnardóttir

Vinir hlusta, hjálpa og gefa góð ráð: Félagslegur stuðningur og ungmenni í nýju landi

Félagslegur stuðningur, til dæmis frá foreldrum, vinum og kennurum, kemur víða við sögu í rannsóknum á stöðu, líðan og lífi barna og unglinga. Fræðileg umræða og þróun mælinga á félagslegum stuðningi hefur leitt í ljós að greina má milli stuðnings sem er skynjaður og móttækinn, á milli mismunandi gerða stuðnings og hvaðan stuðnings er að vænta. Til að mynda hefur stuðningur verið flokkaður í tilfinningastuðning, hagnýtan og ráðgefandi stuðning ásamt stuðningi sem felst í samveru og viðurkenningu. Í erindinu verður fjallað um ofangreind hugtök og líkön sem sett hafa verið fram til að lýsa tengslum félagslegs stuðnings við mismunandi aðstæður, þroskaþætti og verkefni í lífi ungmenna. Markmið erindisins er jafnframt að beina sjónum að þörfum unglinga sem flytjast milli landa fyrir stuðning með hliðsjón af umræðu um stuðningsflokka og form stuðnings. Rætt verður um þátt vina sem mikilvægra stuðningsaðila við aðlögun að nýjum heimkynnum og hvers konar stuðningur vina geti skipt þar máli. Í þessu skyni verður leitað fanga í rannsóknum á nýlegu rannsóknarsviði um vinatengsl ungmenna í fjölmennningarlegum samfélögum. Í lokin verður sagt frá fyrirhugaðri rannsókn á vinatengslum og félagslegum stuðningi ungmenna af erlendum uppruna á Íslandi.

Eyrún María Rúnarsdóttir

Dreifing ferðamanna um byggðir landsins

Ferðamönnum til Íslands hefur fjölgað mjög undanfarin ár. Vísbendingar eru um að fjölgunin sé mest á höfuðborgarsvæðinu en mun minni á landsbyggðinni og þar sé árstíðasveifla meiri. Heilsársstörf eru hins vegar mikilvæg fyrir byggðaþróun. Margir virðast gista í Reykjavík og fara þaðan í dagsferðir. Sé það rétt þá sýna gistináttagögn hvorki álag á einstaka áfangastaði né á nærliggjandi byggðarlög. Álag af ferðamönnum á byggðarlög getur því verið meira en gistináttagögnin sýna án þess að byggðarlögin hafi af því beinar tekjur, til dæmis af gistingu eða matsölu.

Í erindinu verða tvö gagnasett borin saman, gistináttagögn og gögn um fjölda ferðamanna sem heimsækja mismunandi áfangastaði á landinu. Markmiðið er að sýna að gistináttagögn duga ekki til að mæla árstíðabundinn mun í dreifingu ferðamanna um landið, það þarf einnig að skoða hvert ferðamennirnir fara.

Niðurstöður verksins sýna að til að fá góða mynd af dreifingu ferðamanna um landið eftir árstíðum er nauðsynlegt að nýta bæði gagnasettin. Þannig fæst fyllri mynd af bæði hvar ferðamenn gista og hvert þeir fara. Það fer eftir landshlutum hversu mikið samræmi er í niðurstöðum gagnasettanna en á svæðum í kringum höfuðborgarsvæðið er munurinn til dæmis allnokkur en minni annars staðar.

Gyða Þórhallsdóttir

Erlendir gestir á einstökum svæðum

Ísland hefur markað sér sess sem áfangastaður ferðamanna og tekur á móti vaxandi fjölda gesta ár hvert. Efnahagslegt mikilvægi atvinnugreinarinnar er ótvírætt en þó mismikið eftir svæðum. Sumstaðar hefur vöxtur ferðapjónustunnar verið slíkur að greinin telst ein af grunnstöðum atvinnulífsins á meðan hún hefur minniháttar áhrif annars staðar. Ólíkar ástæður ráða vali ferðamanna á áfangastöðum innanlands og þarfir þeirra kunna að vera misjafnar eftir svæðum. Því er afar mikilvægt að hvert svæði þekki sérkenni og þarfir gesta sinna á sama hátt og heimamanna til að atvinnugreinin geti þróast á sem farsælastan veg.

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík og fleiri aðila staðið að svæðisbundnum rannsóknum á ferðahegðun og neyslu erlendra ferðamanna víða um land. Um er að ræða spurningakönnun sem svarað er á staðnum. Sumarið 2016 var könnunin framkvæmd á Húsavík, Mývatnssveit, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Ísafirði og Stykkishólmi. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í þessu erindi. Meðal annars verður farið yfir greiningu erlendra gesta og hvað það er sem dregur þá til svæðisins. Einnig verður ferðahegðun og útgjaldamynstur erlendra gesta skoðað eftir stöðum. Slíkar upplýsingar eru mikilvægar fyrir atvinnugreinina auk þess sem þær gagnast við gerð stefnumótandi stjórnunaráætlana fyrir ferðapjónustu í hverjum landshluta.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Harmur eða hamingja? Félags- og menningarleg áhrif ferðaðjónustu og ferðamennsku á Íslandi

Á landsbyggðinni hefur ferðaðjónusta verið talin til eins af vaxtarbroddum til eflingar byggðar og atvinnulífs. Margvíslegar rannsóknir undirstrika mikilvægi þess að heimamenn upplifi bætt lífsgæði í tengslum við uppbyggingu ferðaðjónustu. Þróun ferðamennsku getur verið valdeflandi fyrir íbúana en getur einnig verið ógn við velferð smærri samfélaga. Það er því brýnt að kanna viðhorf heimamanna sem búa (stöðugt) við nærveru ferðamanna og skoða hvaða áhrif ferðamennska hefur á lífsgæði heimamanna.

Markmiðið með þessu erindi er að rýna heildrænt í rannsóknir síðustu þrjú árin á félags- og menningarlegum áhrifum hins hraða vaxtar ferðaðjónustunnar á íslenskt samfélag. Rannsóknirnar hófust árið 2014 með könnun á landsvísi en síðan hafa verið gerðar rannsóknir í einstaka samfélögum og haustið 2017 verður landskönnunin endurtekin. Þessar rannsóknir sýna glögg að ferðamennska og ferðaðjónusta setja vissulega mark sitt á samfélög en töluverður munur getur verið á því í hverju samfélagi hvaða áhrifaþættir veга mest. Niðurstöður nýrrar könnunar Ferðamálastofu um ferðalög Íslendinga gefa ákveðnar vísbendingar um að viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaðjónustu séu mögulega að breytast. Það er því brýnt ástæða til að halda áfram að kanna viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaðjónustu með reglubundnum hætti; hvort ferðamenn hafi áhrif á daglegt líf landsmanna og þá með hvaða hætti og hvort uppbygging og þróun ferðaðjónustunnar sé í sátt og samlyndi við íbúa á einstökum svæðum.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Af hópum og hálfopnum dyrum: Umferð skemmtiferðaskipa við Norðurland

Í erindinu verða kynntar niðurstöður viðtalsrannsóknar á vegum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála þar sem viðmælendur voru móttöku- og þjónustuaðilar skemmtiferðaskipa; fulltrúar hafna, sveitarfélaga og ferðapjónustuaðila í héraði, auk umboðsaðila skipafélaga og ferðaheildsala hérlendis. Svæði til rannsóknar var afmarkað við Norðurland, frá Fjallabyggð í vestri að Norðurþingi í austri, en þar reyndist unnt að fanga fjölbreytilegar aðstæður umfangs og sögu skemmtiskipaumferðar.

Markmið rannsóknarinnar var að safna raunupplýsingum um móttöku og þjónustu við skemmtiferðaskip hérlendis og meðal annars leggja mat á hvernig hagsmunaaðilar sjálfir sjá þörf fyrir stefnumótun fyrir þennan anga íslenskrar ferðapjónustu. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsramma opinna spurninga sem settar voru fram með hliðsjón af hagsmunaaðilakenningum (e. stakeholder theory). Auk spurninga um hlutverk viðmælenda, móttökuferli og þjónustu við skip og farþega, snertu áherslufni meðal annars viðhorf viðmælenda til helsta ávinnings, áskorana og tækifæra sem tengjast komum skemmtiferðaskipa.

Niðurstöður skýra flókið ferli skipulags, allt frá pöntunum til móttöku skipanna, og mismunandi aðstæður hafna og svæða. Þá vísar heiti erindisins til helstu þema sem fram komu í viðtölunum: Orðræðu um umferð skemmtiferðaskipa, eðli hóp-ferðamennsku og hvort þörf sé á og þá hvernig unnt geti verið að auka arðsemi í héraði af heimsóknum þessara gesta.

Þórný Barðadóttir

Hlutverk leiðsögumanna og framlag til náttúruverndar

Náttúra Íslands er undir gríðarlegu álagi vegna síaukins fjölda ferðamanna. Leiðsögumenn eiga í mestum samskiptum við ferðafólk og eru hlutverk þeirra fjölpætt. Eitt er að mæta væntingum gestanna um ógleymanlega upplifun og annað að vera fyrirmynd í umgengni við samfélög og náttúru. Markmið rannsóknarinnar er að kortleggja hlutverk leiðsögumanna í starfi um leið og sjónum er beint að framlagi þeirra til náttúruverndar í ferðum á náttúruskoðunarstaði. Þátttökuathugun var gerð í átta ólíkum dagsferðum með leiðsögumanni víða um land. Að auki voru hálfskipulögð viðtöl tekin við tíu aðra leiðsögumenn, féлага í Leiðsögn, félagi leiðsögumanna. Veganesti til starfans var skoðað út frá opinberum gögnum úr leiðsögunámi og gögnum ferðapjónustufyrirtækjanna. Niðurstöður gefa vísbendingar um að leiðsögumenn séu bæði tæknilegir og félagslegir. Þeir eru gestrisnir, mennta um land og þjóð og hvetja til varkárni þar sem hættu er á slysum. Umfjöllun um náttúru landsins tekur að miklu leyti mið af jarðfræðilegum fyrirbærum. Hlutur náttúruverndar virðist rýr bæði í gögnum ferðapjónustufyrirtækjanna og umfjöllun leiðsögumanna en vel sýnilegur í umgengni þeirra við náttúruna. Fjallað er um náttúruvernd í leiðsögunámi en eftirfylgni umræðunnar er lítil þegar út í starfið er komið. Með auknu samtali milli aðila er tækifæri til að nýta lykilstöðu leiðsögumanna til styrktar náttúruvernd í landinu.

Anna Vilborg Einarsdóttir

*Rannsóknin hlaut styrk úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.

Markhópagreining íslenskrar ferðapjónustu: Norðlægar slóðir, ferðalög utan háannar og lengd ferðar

Fyrir íslenska ferðapjónustu er mikilvægt að skoða hverjir eru líklegir til að ferðast til Íslands utan háannar á tímabilinu september – maí. Þeirri spurningu sem leitast verður við að svara í erindinu er einn hluti rannsóknarverkefnisins Markhópagreining Íslands. Rannsóknarspurningar í þessu erindi eru: 1) Hverjir eru líklegir til að ferðast á norðlægar slóðir utan háannar? 2) Hverjir eru líklegri til að dvelja lengur á norðlægum slóðum? Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á gögnum frá sjö lykilmarkaðssvæðum íslenskrar ferðapjónustu með svörum minnst 2.000 þátttakenda frá hverju svæði og 36 spurningum. Spurningalíkanið tekur á landfræðilegum-, lýðfræðilegum-, hegðunar- og lífstílsbreytum til að flokka niður markhópa. Helstu niðurstöður lýsa þeim markhópum sem hafa áhuga á að ferðast til Íslands vegna náttúru, menningar og sögu, afþreyingar og þjónustu sem þeir sækjast eftir sem uppfyllir þarfir þeirra og óskir. Mikilvægt er að skoða hverjir eru líklegir til að ferðast til Íslands utan háannatíma. Markhópagreining hefur verið gerð áður fyrir íslenska ferðapjónustu en ekki með þessum hætti. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa því töluvert gildi fyrir ýmsa hagsmunaaðila í íslenskri ferðapjónustu eins og markaðsstofur landshlutanna, Íslandsstofu, Ferðamálastofu sem og fyrirtæki í ferðapjónustu sem gætu hrint nýsköpunarverkefnum í framkvæmd eða beint sjónum sínum að nýjum mörkuðum.

Brynjar Þór Þorsteinsson
Einar Svansson
Kári Joensen

Tourists as Explorers and Vikings

Tourists' interpretation of the unfamiliar requires that they draw upon a lifetime of cultural experiences. When they arrive at Keflavik, from America and Western Europe and China, tourists sometimes bring fantasies of Vikings with visions learned from films and television shows. The idea of a Viking spirit is an example of „constructive authenticity“ – composed of shared visions and tenor; it is escapist role-playing fun of the most extreme order. Iceland, as an otherworldly landscape to American and Western European urban-dwellers, provides the backdrop upon which scripts from films and television shows provide the setting. Visitors to the Mink Viking Portrait studio can have images made of themselves in leather battle gear, draped with fox-skins and mink pelts. These actions invoke a Lacanian fantasy of authenticity.

This paper, based on observations and interviews with tourists, explores idiosyncrasies of tourist perceptions of Icelandic culture. On the tourist side, these behaviors reflect the semiotic process of collateral and misinterpretation best explicated by Peircian semiotics. Implications of this research contribute to theoretical understanding of tourist behavior in an environment very different from their home surroundings.

Amy Savener

Polmörk vinsælla ferðamannastaða á Suður- og Vesturlandi eftir árstíðum

Ferðapjónusta á Íslandi hefur aukist svo um munar frá 2010 með auknum ágangi á helstu ferðamannastaði. Dregið hefur úr árstíðasveiflum greinarinnar og vaxandi fjöldi erlendra ferðamanna kemur til landsins á veturna en náttúran er aðal aðdráttaraflíð óháð árstíð. Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður rannsóknar á viðhorfi ferðamanna á sjö vinsælum náttúruskoðunarstöðum á Suður- og Vesturlandi þar sem greint verður hvort munur sé á viðhorfi þeirra sem koma um sumar annars vegar og vetur hins vegar. Spurningalistunum var dreift meðal ferðamanna á Djúpalónssandi, Geysi, Þingvöllum, við Hraunfossa, Jökulsárlón, Seltún og Sólheimajökul sumarið 2014 og veturinn 2015. Rúmlega 12.600 svör fengust um sumarið og rúmlega 6.800 um veturinn. Niðurstöður leiddu í ljós að almennt eru vetrargestir ánægðari með bæði upplifun á stöðunum sem og stöðu þjónustu og innviða en þeir sem koma þangað á sumrin. Fjöldi ferðamanna skiptir þar væntanlega mestu máli en mikill munur er á því hversu margir eru á stöðunum eftir ársíðum. Í ljósi þess að íslensk náttúra hefur samkeppnisyfirburði yfir aðra staði, óháð árstíð, er mikilvægt að stjórna ferðamennsku á náttúruverndarsvæðum á sjálfbærari hátt með aukinni áherslu á náttúruvernd. Stjórnvöld verða að snúa við neikvæðri þróun ferðamennsku og fjölda ferðamanna til að koma í veg fyrir að Ísland missi það aðdráttarafl sem það byggir sína ferðapjónustu á, náttúruna.

Anna Mjöll Guðmundsdóttir

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Lýðræðishlutverk landsmálblaða, notkun þeirra í kosningum og ógn sem að þeim steðjar

Mikilvægi fjölmiðla fyrir lýðræði er óumdeilt enda hafa þeir stundum verið kallaðir upplýsingakerfi lýðræðis. Á undanförunum árum hefur talsvert verið rætt um erfiða stöðu landsdekkandi fjölmiðla, hvort ástæða sé til að styrkja með einhverjum hætti einkarekna fjölmiðla og er þá vísað til þessa lýðræðishlutverks. Minna hefur hins vegar verið rætt um staðbundna fjölmiðlun og lýðræði í héraði, þó sýnt hafi verið fram á að staðbundnir fjölmiðlar skipta miklu máli fyrir samfélagssamheldni og umræðu í nærsamfélaginu. Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður úr vefkönnun meðal frambjóðenda til Alþingis þar sem spurt var um mikilvægi staðbundinna miðla og könnuð hversu mikil noktun þeirra var fyrir kosningarnar 2016. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri sá um framkvæmd könnunarinnar. Niðurstöður sýna að staðbundnir miðlar eru í mikilvægu hlutverki í kosningabaráttu bæði hvað varðar notkun og mat stjórnmálamanna á þessum miðlum. Hins vegar er tiltrú stjórnmálamanna og notkun þeirra á samfélagsmiðlum jafnframt orðin mikil, einkum Facebook, og gera verður ráð fyrir að þessir nýju miðlar muni ógna tilvist staðbundinna blaða á Íslandi eins og gerst hefur í nágrennalöndum okkar. Í því samhengi verður gerð grein fyrir fræðilegri umræðu um þær áskoranir sem tilkoma samfélagsmiðla og „hyper-local“ vefmiðla hefur á rekstur og tilvist hefðbundinna staðarmiðla.

Birgir Guðmundsson

Hnýsni í gær – Aðhald í dag

Í erindi þessu er fjallað um miklar breytingar á fjölmiðlaumfjöllun á Íslandi í ljósi breyttra siðareglna Blaðamannafélags Íslands og breyttrar áherslu siðanefndar félagsins. Skoðuð eru dæmi um elstu og nýjustu siðanefndarúrskurði og rök færð fyrir því að úrskurðir í málum frá fyrstu 15-20 árum siðanefndarinnar yrðu á allt annan veg í dag. Breytt siðaviðmið eru rakin til endaloka flokksblaðamennskunnar og vaxandi áherslu á málfrelsi, upplýsingaskyldu og á mikilvægi hlutlægs aðhaldshlutverks fjölmiðla.

Friðrik Þór Guðmundsson

Hlutleysi og afstaða í íslenskri blaðamennsku - Pólítísk skipting á fjölmiðlamarkaði

Eitt megin einkenni á sígildri, faglegru blaðamennsku hefur verið krafan um hlutlægni og jafnvel hlutleysi, en þessi krafa birtist með ýmsum hætti í starfsreglum margra helstu fjölmiðla. Bent hefur verið á að samhliða því að markaðsfjölmiðlun hóf innreið sína á Íslandi hafi flokkspólítísk blaðamennska lagst af og pólítísk afstaða komi ekki fram í frétttaflutningi. Í þessu erindi er gerð grein fyrir 3 vefkönnunum meðal frambjóðenda til alþingiskosninga 2013 og 2016 og sveitarstjórnarkosninga 2014 á afstöðu þeirra til hlutleysis og fagmennsku í íslenskri blaðamennsku. Einnig er greint frá niðurstöðu úr úrtakskönnun sem Félagsvísindastofnun framkvæmdi meðal almennings í desember 2015 um viðhorf hans til hlutleysis og fagmennsku blaðamanna. Niðurstöðurnar eru síðan ræddar í ljósi fræðilegrar umræðu um hlutlægni í blaðamennsku (objectivity paradigm) og hugmyndum um fagmennsku og farið yfir það hvort skoðanir og afstaða sé tekin í fréttaskrifum. Þá eru niðurstöður skoðaðar í ljósi kannana meðal blaðamanna sem sýna að þeir telja mikilvægast að vera ekki boðandi og segja frá hlutunum eins og þeir eru.

Niðurstöður sýna litla tiltrú stjórnámamanna og almennings á hlutleysi og fagmennsku blaðamanna og að verulegur munur virðist vera á milli hugmynda blaðamanna sjálfra um hlutlægni sína og hugmynda almennings og stjórnámamanna.

Ingibjörg Elíasdóttir
Birgir Guðmundsson

Fake news and alternative facts, living in a world of simulation

„Fake news“ and „alternative facts“ challenge our understanding of media as the fourth estate, because the seeking of truth has been the core of its justification for centuries. Rejecting the assumption of an objective truth and assuming that all is mere interpretation seems to make the whole concept of the fourth estate crumble. Therefore, it does not come as a surprise that traditional media are on the alert if a speaker for the leader of a modern democracy talks about “alternative facts” in order to justify baseless statements.

However, Jean Baudrillard’s “The Implosion of Meaning In The Media” offers a different approach to interpreting „fake news“ and „alternative facts“. His 30-year-old text suggests that “alternative facts” are an expression of the world of simulation. Or, as Baudrillard puts it, is “the addiction we have for the media [...] is a result of this [...] desire for a show, the desire for simulation.”

In this presentation, I will pursue a critical exegesis of Baudrillard’s text and examine how they might help us to better understand recent developments.

Markus Meckl

Constructing parenthood in times of crisis

Iceland was hit by a financial crisis in October 2008 and in the following year the ceiling on parental leave benefits was significantly lowered. The subsequent drop in fathers' uptake of parental leave raises questions on whether the crisis endangered gender equality when it comes to how parents arranged care for their new-born. The article explores changes in how parents arrange childcare with the use of paid parental leave and unpaid time off work by comparing findings from surveys among parents of firstborn children in 2003 and 2009. The results show that while the financial crisis had a negative impact on fathers' parental leave use, mothers of firstborns in 2009 were more likely to lengthen their time at home with the child than those who had a child in 2003, either by being on part-time leave, vacation or on leave without pay. Furthermore, while findings from the earlier survey showed that the parent with the greater resources was able to bargain into staying at home with the child, this was not the case for parents who had their first child during the crisis.

Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Ann-Zofie Duvander
Guðný Björk Eydal
Ingólfur V. Gíslason

*Verkefnið er styrkt af RANNÍS, Jafnréttissjóði og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands.

Frá ósýnileika til (takmarkaðrar) þátttöku. Feður í uppeldisritum 1846 til 2010

Í rannsókninni er leitast við að svara þeirri spurningu hvernig orðræða um feður og föðurhlutverkið hafi breyst á Íslandi á undanförunum 160 árum. Til að svara spurningunni voru lesnar og innihaldsgreindar allar bækur og bæklingar sem út hafa komið á Íslandi frá 1846 til 2010 og fjalla um meðgöngu, fæðingu og umönnun ungra barna. Þrjú tímabil virðast greinanleg. Fram á sjöunda áratug 20. aldar eru feður svo til ósýnilegir í þessum ritum. Ýmist eru þeir alls ekki nefndir eða það er á einum til tveimur stöðum. Frá sjöunda áratugnum og fram undir aldamót verður hægfara breyting þar sem feður koma við sögu en fyrst og fremst sem klaufskir og ruglaðir aðstoðarmenn móðurinnar. Hlutverk þeirra vex þó eftir því sem líður á tímabilið. Undir lok aldarinnar hefst þriðja tímabilið. Það einkennist í fyrsta lagi af verulega auknu sjálfstæði feðra, klaufaskapurinn hverfur og staðan sem aðstoðarmaður minnkar. Í öðru lagi einkennir það þetta tímabil að út koma bækur og bæklingar sem sérstaklega ávarpa feður auk þess sem feður taka sjálfir til máls. Það er þó alveg ljóst í svo til öllum almennum ritum tímabilsins að feður eru aldrei meira en annars flokks foreldrar, móðirin er alltaf í aðalhlutverki og hið sjálfgefna foreldri. Þátttaka föðurins er meira val, hans eða annarra.

Ingólfur V. Gíslason

Ráðandi orðræður um hina „góðu“ móður

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum úr nýlegri rannsókn á ráðandi orðræðum um móðurhlutverkið á Íslandi. Sérstök áhersla var lögð á það í rannsókninni að skoða hvernig orðræðan um hina „góðu móður“ stjórnar mæðrum og agar þær og hvort, og þá hvernig, andóf mæðra gegn þessari ögun birtist. Unnið var með þrjú gagnasöfn: 40 hálf-stöðluð viðtöl við ljósmæður, óléttar konur og nýbakaðar mæður, textagreiningu á þremur íslenskum upplýsinga- og fræðsluvefsíðum sem veita upplýsingar um meðgöngu, fæðingar, brjóstgjöf og umönnun; og frásagnir 77 kvenna sem áttu í erfiðleikum með brjóstgjöf. Hið kenningarlega sjónarhorn sem stuðst er við í þessari rannsókn byggir á póst-strúktúralisma og feminisma, þar sem litið er til þess hvernig tungumálið bæði viðheldur og endurspeglar þær forskriftir sem félagslegar formgerðir og valdatengsl byggja á. Gerð er grein fyrir ráðandi orðræðum um þrjár athafnir mæðra: tengslamyndun, brjóstgjöf og fæðingu, en niðurstöður benda til þess að þessar athafnir séu skilgreindar sem áhrifamestu kvarðar sem notaðir eru til að meta mæður ungra barna. Menningarlega er mæðrun því oftast vandamálavædd við upphaf móðurhlutverksins. Með því að afbyggja orðræðulega virkni þessara athafna, getum við séð hvernig ráðandi orðræður um móðurhlutverkið renna saman og beinast að líkama móðurinnar til þess að aga hann og stýra virkni hans og starfsemi.

Sunna Símonardóttir

*Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði og Rannsóknasjóði Rannís.

Hvernig heilbrigðiskerfi vilja Íslendingar?

Heilbrigðismál hafa verið í brennidepli í íslensku samfélagi undanfarin ár og tekist hefur verið á um hversu mikið eigi að eyða í þau og hvernig rekstrarformið eigi að vera. Það hlýtur að teljast æskilegt að hvernig heilbrigðismálum er háttað endurspegli vilja almennings og þrátt fyrir að stjórnámamenn hafi oft eigin hugmyndir um hvað sé best, þá eru þeir fulltrúar þjóðarinnar kjörnir til að móta það samfélag sem meirihlutinn vill. Ísland tekur reglulega þátt í alþjóðlegu viðhorfakönnunin (ISSP) en hún er samstarfsverkefni vísindamanna og stofnana í rúmlega 40 löndum. Könnunin var lögð fyrir á Íslandi vorið 2017 og var spurt um viðhorft til hlutverks stjórnvalda að þessu sinni. Niðurstöðurnar sýna, að Íslendingar telja að stjórnvöld eigi að vera ábyrg fyrir heilbrigðismálum, að þau eigi að sjá um að veita þjónustuna, að þau eigi að eyða meira í heilbrigðismál og að þau hafi staðið sig illa þegar kemur að heilbrigðismálum. Að auki kemur fram að, í samanburði við aðra málaflokka, þá virðist staðan í heilbrigðismálum leggjast sérlega þungt á Íslendinga og ekki er mikill hópamunur þegar kemur að því hvernig heilbrigðiskerfi almenningur vill. Í grunninn þá sýna þessar niðurstöður að Íslendingar vilja sterkt velferðarsamfélag þar sem ábyrgð stjórnvalda á velferð þeganna er mikil.

Sigrún Ólafsdóttir

Flutningur íslenskra lækna milli landa og framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins

Íslendingar geta að miklu leiti þakkað fólksflutningum því að eiga heilbrigðiskerfi á heimsmælikvarða. Íslenskir læknar hafa lengi stundað sérnám erlendis. Að öllu jöfnu er þriðjungur íslenskra lækna starfandi erlendis, oft á bestu sjúkrahúsum heims. Sögulega hafa 80% þeirra snúið aftur heim, með nýjustu læknisfræðilegu þekkingu í farteskinu. Þessi atgervishringrás hefur gagnast heilbrigðiskerfinu og það verið mannað læknum í fremstu röð.

Í kjölfar efnahagshrunsins breyttist hringrásin í atgervisflóttu. Á árunum 2009-2014 fluttu 330 læknar frá Íslandi, en 140 læknar snéru heim. Afleiðingin varð meiri fjölgun íbúa á hvern lækni en dæmi eru um. Þetta leiddi til krísu innan heilbrigðisgeirans. Þótt kjarasamningar lækna og ríkis 2001/15 hafi dregið úr mannekluvandann, er enn viðvarandi skortur á læknum í mikilvægum sérgreinum, svo sem krabbameinslækningum og heimilislækningum.

Brottflytningur lækna sýndi okkur hversu berskjaldað Ísland er gagnvart mannaflabreytingum í læknaátt. Þrátt fyrir það vantar opinbera stefnu sem viðheldur atgervishringrás. Aukin hnattræn eftirspurn eftir læknum mun setja meiri þrýsting á stjórnvöld að marka slíka stefnu. Til þess þarf afdráttarlausu heildarstefnu í heilbrigðismálum.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif fólksflutninga lækna á heilbrigðiskerfið, og niðurstöður benda til þess að formgerð heilbrigðiskerfisins hafi áhrif á atgervishringrásina ekki síður en laun. Rannsóknin byggir á djúpvíðtölum við 20 lækna sem hafa starfað erlendis en flutt aftur heim; 10 lækna sem starfa erlendis og sjá ekki fyrir sér að flytja heim; og 15 aðila sem starfa í stjórnslu innan heilbrigðiskerfisins.

Kjartan Sveinsson

Heilbrigði þjóðar er samfélagsverkefni

Heilbrigði þjóðar er einn af hornsteinum hvers samfélags og góð og öflug heilbrigðisþjónusta er mikilvægur þáttur í að tryggja góð lífskjör og samkeppnishæfni við aðrar þjóðir. Í alþjóðlegum samanburði stendur Ísland vel hvað varðar heilsu íbúanna. Jafn aðgangur og réttur til heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag og þjóðfélagsstöðu, eru markmið sem ætíð er leitast við að ná. En við getum gert enn betur. Margbreytilegir þættir geta haft áhrif á heilsu og líðan og að sama skapi hefur heilsufar einstaklinga og fjölskyldna áhrif á þjóðfélagið í heild sinni. Möguleikar til heilbrigðis lífs ráðast oft af þjóðfélagslegum aðstæðum hvers og eins. Þær aðstæður sem við ölumst upp í, lifum við og störfum hafa afgerandi áhrif á heilsu og lífsgæði.

Helsta áskorunin varðandi heilbrigði þjóðarinnar er að skoða áhættuþætti heilsu og vellíðunar og vinna sem mest með þeim sem geta best brugðist við þeim. Það er alls ekki alltaf heilbrigðisþjónustan. Framtíð íslenska heilbrigðiskerfisins þarf að taka miða af nýjum áskorunum, nýjum möguleikum, auknu samráði, samvinnu og samþættingu úrræða þvert á stofnanir og stjórnsýslustig.

Vilborg Ingólfssdóttir

Forgangsverkefni í heilbrigðisþjónustu

Íslenskt heilbrigðiskerfi er skipað vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Í alþjóðlegum samanburði kemur heilbrigðiskerfi okkar oft vel út hvað varðar árangur og aðgengi, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að Ísland ver mun minni hluta af vergri þjóðaframleiðslu til heilbrigðismála borið saman við nágrannalöndin. Við nánari athugun kemur þó í ljós að víða er pottur brotinn. Aðgengi að heilbrigðisþjónustu er misskipt, samfella í þjónustunni er slæm, heilsugæslan annar ekki hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður inn í heilbrigðiskerfið, háskólasjúkrahúsið sem á að vera þungamiðjan í heilbrigðiskerfinu er undirmannað og annar ekki hlutverki sínu, geðheilbrigðisþjónustan er nánast í molum og svo má lengi telja. Opinber þjónusta er fjármögnuð samkvæmt fjárlögum sem hefur lamandi áhrif á afköst þjónustunnar meðan einkarekin þjónusta er fjármögnuð samkvæmt mjög hvetjandi kerfi sem augljóslega leiðir til oflækninga á mörgum sviðum. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar hefur fjármagn til einkarekinnar þjónustu aukist með 40% eftir kreppu meðan það hefur dregist saman með 10% fyrir opinbera þjónustu. Þetta gerist algerlega án íhlutunar stjórnvalda samkvæmt opnum rammamningi Sjúkratrygginga Ísland við sérgreinalækna.

Landlæknir hefur um langt skeið talað fyrir nauðsyn á kerfisbreytingu þar sem fara þarf yfir framtíð og hlutverk LSH, taka þarf á ráðningamálum lækna og efla göngudeildarþjónustu spítalans, efla þarf heilsugæsluna um land allt svo og sérfræðiþjónustuna á landsbyggðinni. Gera þarf auknar kröfur um gæðavísu og árleg uppgjör um hvaða gæðum er komið til leiðar, breyta þarf fjármögnunarkerfi heilbrigðisþjónustunnar og samræma það á milli opinberrar og einkarekinnar þjónustu. Nýlegt fjármögnunarkerfi á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er þar til eftirbreytni. Að auki þarf að fara yfir stjórnskipulag heilbrigðiskerfisins og nýta sér þann möguleika sem felst í því að heilbrigðisstofnanir landsins er nú aðeins níu talsins. Forstjórar þessara stofnana ættu að vera sjálfkjörin framkvæmdastjórn heilbrigðismála í landinu undir stjórn heilbrigðisráðuneytisins.

Birgir Jakobsson, Landlæknir

Frumherjar í æskulýðsmálum – Ágúst Sigurðsson magister

Þegar nafn Ágústs Sigurðssonar magisters er nefnt þá koma upp í huga fólks kennslubækur hans í dönsku frá síðari hluta síðustu aldar. Ágústs er að góðu getið sem kennara og áhrifamanns á sviði skólamála, ekki síst hvað varðaði fullorðinsfræðslu. Störf hans á sviði æskulýðsmála eru hins vegar flestum ókunn. Þar átti hann engu að síður afar merkan feril sem hófst um miðja síðustu öld og setti mark sitt með afgerandi hætti á þá þróun sem síðar varð í málaflokknum. Í fyrsta lagi með því að hvetja stjórnvöld til að formgera vettvang æskulýðsmála með ráðningu sérfræðingis við stjórnarráðið sem hefði það hlutverk að hlúa að æsku landsins og í öðru lagi með hugmyndum sínum um Æskulýðshöllina og vinnu að framgangi þess máls. Í þessu erindi verður fjallað nánar um framlag Ágústs og þýðingu þess fyrir uppbyggingu málsflokksins áratugina á eftir sem að mati höfundar er meiri en almennt er talið. Erindið byggir á gögnum úr einkaskjalasafni Ágústs, skjalasöfnum samherja hans sem og fjölmörgum opinberum gögnum. Rannsóknin er hluti af stærri rannsókn um þróun æskulýðsmála hérlendis sérstaklega hvað varðar opið starf og starfsemi ætlaðri hinni ófélagsbundnu æsku. Niðurstöður þessa hluta rannsóknarinnar sýna ótvírætt að framlag Ágústs á þessum vettvangi var afar merkilegt og að öllum líkindum mun meiri en talið hefur verið.

Árni Guðmundsson

Gæði eða geymsla? Hlutverk frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn

Í erindi þessu er fjallað um hlutverk og stöðu frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn. Nýlega var rekstur frístundaheimila bundin í lög og sveitarfélögum gert að bjóða upp á slíka þjónustu. Markmið rannsóknar er að svara eftirfarandi spurningum: Hvert er megin hlutverk frístundaheimila samkvæmt nýju lagagreininni? Og hvaða þýðingu hefur slík lagasetning fyrir faglega þróun frístundaheimila? Rannsakendur rýndu í sögu frístundaheimila hér á landi og þróun laga sem snerta rekstur þeirra. Rannsóknin byggir ennfremur á fyrri rannsóknum og kenningum um mikilvægi óformlegs nám og tómsunda í lífi barna.

Niðurstöður benda til þess að í dag sé litið á frístundaheimili sem mikilvæga grunnþjónustu innan sveitarfélaga. Samkvæmt nýrri lagagrein um grunnskóla frá 2008 eru frístundaheimili "frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins". Fyrri rannsóknir benda til þess að þátttaka á frístundaheimili og tækifæri til að leika í vinnuhópi skipti börn miklu máli. Þó eru vísbendingar um að starfsumhverfi frístundaheimila sé víða vanbúið, hvað varðar fjármögnun, húsnæði og faglegan stuðning við innra starf. Nýja lagagreinin hvetur til þess að sveitarfélög hugi með markvissari hætti að stefnumótun og fagþróun frístundaheimila og vekur um leið upp áhugaverðar spurningar um tengsl formlegs og óformlegs náms.

Kolbrún Þ. Pálsdóttir
Steingerður Kristjánsdóttir

Íþróttá- og tómsundastarf sem verndandi þáttur gegn einelti

Fjöldi rannsókna sýna fram á langvarandi neikvæðar afleiðingar þess að verða fyrir einelti. Þó eru margir fyrrum þolendur sem lifa góðu lífi og þá helst fyrir tilstilli verndandi þátta (e. protective factors). Verndandi þættir eineltis hafa ekki verið rannsakaðir hér á landi, svo vitað sé, og var markmið rannsóknarinnar að kanna hvað fyrrum þolendur álitu að hefði hjálpað þeim að takast á við afleiðingar þess eineltis sem þeir urðu fyrir. Í þeim tilgangi voru tekin eigindleg viðtöl við 40 viðmælendur á aldrinum 16 til 25 ára. Rannsóknin var unnin í samvinnu við nemendur í námskeiðinu Einelti, leiðir til lausna, sem kennt er á menntavísindasviði HÍ. Í ljós kom að þátttaka í íþróttá- og tómsundastarfi getur virkað sem verndandi þáttur gegn einelti en getur einnig ýtt undir einelti og gert það verra. Hegðun þjálfara og leiðbeinenda skiptir þar sköpum. Niðurstöður gefa vísbendingar um að hægt sé að nota íþróttá- og tómsundastarf með markvissum hætti í forvarnir og inngrip í eineltismál en að árangurinn ráðist af þeim fullorðnu aðilum sem leiða starfið. Fjallað verður um þessar niðurstöður í samhengi við menntun fagfólks sem starfa með börnum í frítíma sem og þau tækifæri sem felast í auknu samstarfi allra þeirra sem starfa með börnum.

Vanda Sigurgeirsdóttir

Tré í Norrænni trú

Frá upphafi fræðilegrar umræðu um Norræna trú og til dagsins í dag hefur verið viðurkennt að tré og trjálundir hafi hér áður fyrr átt mikilvægan sess í heimsmynd Norrænna manna. Snorri Sturluson nefnir í Snorra Eddu einstakt tré með nafni (Yggdrasil), auk þess nafn á einum lundi (Glafir) og nafn á einum skógi (Járnviður). Einnig greinir hann frá sumum þeirra trjategunda (askur og reynir) sem voru hluti af hugarheimi og goðsögum Norðurlandabúa fyrir kristnitöku. Efnismenning norrænna manna úr fornleifarannsóknum hefur skilað af sér miklu efni fyrir fræðimenn að vinna úr. Þegar ritaðar heimildir um andlegt samband trjáa og manna og umrædd efnismenning eru skoðuð í samhengi verður skilningurinn meiri. Markmiðið með rannsókninni og erindinu er að sýna fram á að þegar mannfræðilegum og heimspekilegum kenningum er beitt á þennan aukna skilning er hægt að varpa enn frekar ljósi á mögulegt samband einstaklinga eða hópa manna við trjáplöntur.

Rannsóknin fjallar um samband trjáa og manna á Járnöld á Norðurlöndum og er hluti af MA verkefni mínu í Norrænni Trú og er enn á frumstigi.

Í erindi mínu verður meðal annars leitast við að gefa innsýn í þá möguleika sem fyrirbærafræðin (*phenomenology*) og samanburðar rannsóknaraðferðir (*comparative method*) gefa okkur til að ná markmiðum rannsóknarinnar.

Jan Aksel Harder Klitgaard

Það vex eitt blóm fyrir vestan – Sæhvönn á Snæfellsnesi

Sæhvönn (*ligusticum scoticum*) er planta af sveipjurtaætt. Hún ber hvannarnafnið líkt og Ætihvönnin en er frænka hennar frekar en systir. Aðrar þekktar tegundir af sveipjurtaætt eru til dæmis steinselja og kerfill. Sæhvönn er ekki algeng planta. Hún hefur mjög sérstakan smekk á vaxtarstöðum og stjórnar það útbreiðslu hennar á landinu. Sæhvönnin hefur valið sér vestanvert landið til vaxtar og þá sérstaklega skjólgóða kletta og lautir við fjöruna.

Í rannsókninni var leitast við að gefa heildræna sýn á jurtina sæhvönn, bæði út frá náttúru- og þjóðfræðilegu sjónarhorni. Staðarhættir hennar voru skoðaðir og tekin viðtöl við fólk á Snæfellsnesi sem bæði nýtir og ræktar sæhvönn. Markmiðið var að safna upplýsingum um notkun hennar fyrr og nú í rituðum heimildum og eigindlegum viðtölum og kortleggja og efnagreina vaxtarstaði hennar á Snæfellsnesi með vettvangsrannsókn.

Sem hráefni í matargerð hefur sæhvönninn vakið athygli á Snæfellsnesi vegna ræktunar hennar í gróðurhúsi ásamt nýtilkomnu menningarlegu vægi innan ákveðins hóps á Snæfellsnesi. Þar hefur sæhvönnin sópað að sér dyggum aðdáendum sem dásama sérkenni hennar og vilja gera hana að einkennisplöntu Snæfellsness. Hún er lítt þekkt meðal almennings og heimildir um hana lúta aðallega að nýtingu hennar sem lækningajurt og lýsingu á plöntuhlutum.

Silja Ósk Þórðardóttir

Framtíðin býr í fræjum

Frá örófi alda hefur maðurinn séð sig knúinn til þess að vernda plöntur með margskonar hætti; hvort sem það er í formi þurrkaðra plöntusafna, grasagarða eða fræbanka. Í þessari rannsókn er spjótum beint að grasagörðum á Íslandi, fræbönkum, fræskiptum og fólki sem ræktar gömul yrki. Leitast er við að skilja hvers konar verndunargildi plöntusöfn og fræbankar á Íslandi hafa, það er að segja hvernig plöntusöfn hér á landi stunda mikilvæga vinnu þegar það kemur að því að vernda fágætar plöntur líkt og hvernig fræbankar á Íslandi eiga stóran þátt í því að ýta undir fjölbreytileikann í almenningi og einkagörðum. Þá verður einnig rýnt í það hvernig merking fræja hefur breyst með tilkomu stórfyrirtækja, sem gera tilkall til einkaleyfis á fræjum. Fræskipti hafa fest sig í sessi meðal ákveðins hóps víðs vegar um heiminn, vegna þess að hann sér sig knúinn til þess að vernda gömul afbrigði til þess að halda þeim í eigu alþýðunnar. Sérstaklega verður stuðst við menningararfsfræði á greiningu á efninu og þannig dregið fram hvernig opinber menningararfur og óopinber menningararfur kallast á þegar talað er um að verndun plantna og fræja. Sem dæmi má um slíkt má nefna hvernig opinberar stofnanir, eins og grasagarðar og fræbankar, þjóna slíkum menningararfi með allt öðrum hætti en áhugamannfélög og sjálfstæðir ræktendur.

Vilborg Bjarkadóttir
Ólafur Rastrick

If you have nothing to hide, you have nothing to fear: Gender, state policies and lived experience among Romanian Roma during the Communist regime

The attempt of transforming women's bodies into a public affair during the Communist regime, by implementing coercitive measures of increasing birth rates constitutes the fundation of this article. The state, through the policies implemented and its public discourse, managed to "construct" an imagine of who, what and how women must be; therefore feminine sexuality was strictly correlated to the idea of motherhood and women were seen as whole and complete human beings only if they gave birth to children. By using oral history as main method of inquiry, the main objective of this article is to (re)examine the "social memory of the pronatalist times" and its consequences taking into account the patterns of remembering of the Roma women who witnessed the period under scrutiny and their position at the time: from the women who complied with the requirements of the regime, to the ones who are narrating the experiences of the others and to the women who acted against the regulations of the state. The preliminary results formulated after conducting around 150 oral history interviews, suggest the majority of Roma women perceive the pronatalist policies as being oppressive and address these issues not in terms of individual rights but in terms of obligations they have towards the communist state.

Ionela-Maria Bogdan

*The research leading to these results has received funding from EEA Financial Mechanism 2009 – 2014.

Talks about Bosnia: Young Bosnian Roma's narratives about home?

Building on an ongoing ethnographic fieldwork among Bosnian Roma families who live in shanties at the outskirts of Rome (Italy), this paper explores the complex, ambivalent and sometimes ambiguous relation that young Roma have developed with Bosnia, the land their parents and grandparents come from. Contrary to their older relatives, who actually lived in Bosnia (during the Socialist era) and migrated to Italy between 1960s and 1990s (when they joined the diaspora from the war in former-Yugoslavia), young Roma grew up (and often were born) in Italy, and have little or no direct experience of former-Yugoslavia. Besides, the Bosnia that is sometimes nostalgically recalled (especially by elders), and to which young Roma feel attached too, was erased by the war and the post-Dayton transformations and exists only in the elders' memories of the past. By exploring narratives produced by older and younger generations about Bosnia, and situating them in the context of contemporary life in Roman ghettos (so-called "nomad camps"), this paper will show that contemporary Bosnia does not represent a land that young Roma yearn to return to, and that even their parents and grandparents see too transformed, unfamiliar and empty to still consider it home.

Marco Solimene

*The research underpinning this project was funded by the EEA Financial Mechanism 2009-2014.

Ma bistar! / Do not forget: Romani authors narrating Kosovo conflict and its consequences

The historical transformations after the fall of Yugoslavia changed the life of many Roma. During the dramatic events in the 1990s Kosovo conflict Roma suffered accusations of taking 'the other side', some were killed, many were persecuted and forced to leave.

Today Romani authors with Yugoslav background deal in their works with the destiny of Roma in Yugoslav territories, and particularly in Kosovo. The paper looks into two such literary narrations, *Kosovo mon amour*, a drama text written by Ruždija-Ruso Sejđović and Jovan Nikolić, and the bilingual poetry collection *My bleeding heart*, a report from Kosovo by the Kosovo born Rom Nedžmedin Neziri–Nedžo.

The goal of the paper is to analyse and compare the (re)presentations of Kosovo Roma destiny built in these textual narrations. This is done through textual analyses and applying the minor literature theory as defined by Deleuze and Guattari. The conclusions made are that first, the fictional works are based on almost documental representation of authentic experience of Romani families and second, the literary production is tightly interrelated with the memory politics and collective Romani identities in the post-Yugoslav context.

Sofiya Zahova

It is not SAD if you sell in May: Seasonal effects in stock markets revisited

This paper examines one type of calendar effect in financial markets, seasonal variation in the return on stocks. The effect analyzed is referred to as the *Halloween Effect* or *Sell in May and Go Away*. This refers to the finding that stock markets have a tendency to return considerably less in the six months beginning in May than in the other half of the year. This effect has persisted over time and is seemingly large enough to be economically significant. The alternative, but somewhat overlapping hypothesis, that seasonal affective disorder, SAD, creates seasonal variation in the return on stocks is also addressed. In this scenario, stock returns would fall in the autumn, when the prevalence of SAD increases, and rise in spring as those who are affected recover from SAD.

Based on daily data from 75 stock markets during the period 2000-2014 there is a strong calendar effect in a large majority of the markets as the period from November-April witnesses higher returns than do the other six months of the year. Monthly data from a smaller number of countries over a longer period confirmed this finding. However, there is only very weak evidence that SAD had any effect on stock prices. The rate of onset and recovery from SAD did not seem to explain within-year trends in stock prices at all. The incidence of SAD at any given time performed slightly better as an explanatory variable.

The *Halloween Effect* thus seems to be remarkably consistent and both statistically and economically significant. However, it remains unexplained.

Gylfi Magnússon

Resource rent spillovers to fishers remuneration

Icelandic fishers operate on a higher wage rate than they might have attained in another profession. There could be a number of reasons for this. Fishers are more likely to be full-time workers than the average worker in the economy. Fishers are away from home and they experience more occupation-related hazards than the average worker. Part of their higher wage is compensation for such differences. We utilize a database consisting of information gathered from official registry data (tax returns, labour market surveys, education attainment and the national person registry) that has earlier been used to calculate return on education to estimate remuneration gains when a person switches from any occupation to fishing, correcting for individual factors and for factors like working hours. Preliminary results indicate that a person enjoys an hourly wage that is 39 to 50% higher than that they (considering explanatory variables such as age, education and sex) could have earned engaged otherwise.

Thorolfur Matthiasson
Eyjolfur Sigurdsson

„Ég vil bara byrja líf mitt hér og byggja mig upp“: Reynsla kvenna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi

Umsóknum þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd hefur fjölgað mikið á Íslandi síðustu ár og verða rannsóknir um reynslu þeirra á Íslandi sífelld mikilvægari. Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður rannsóknar meðal kvenna sem sótt hafa um lagalega vernd á Íslandi. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að konur sem sækja um aðþjóðlega vernd eru alltaf í að minnsta kosti tvöfaldri jaðarstöðu, vegna þess að þær eru hælisleitendur og vegna þess að þær eru konur. Markmið rannsóknarinnar var að kanna ástæður flótta þeirra og hvernig þær takast á við daglegt líf á Íslandi á meðan umsókn þeirra er til meðferðar hjá íslenskum yfirvöldum. Um er að ræða eigindlega rannsókn sem byggir á viðtölum við 10 konur sem koma frá ólíkum löndum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að flestar kvennanna í rannsókninni höfðu upplifað erfiðleika á flóttanum og í heimalandinu, þeim reyndist erfitt að lifa af vikulegum fjárúthlutunum og þær óttuðust brottvísun. Jafnframt var friðhelgi einkalífs þeirra ekki virt í búsetuúrræði og aðbúnaður var bágur. Niðurstöður benda til að sérstaklega þarf að taka tillit til kvenna í þessari stöðu og huga þurfi að aðbúnaði og mannréttinum þeirra hérlendis og hlusta á raddir þeirra.

Unnur Dís Skaptadóttir
Elísabet Dröfn Kristjánsdóttir

Sálrænn og félagslegur stuðningur við kvótaflóttafólk á Íslandi 2005-2017 á vegum Reykjavíkurborgar

Tilgangur rannsóknar var að kortleggja hvernig sálrænn og félagslegur stuðningur við flóttafólk hefur nýst með því að gera verklagsúttekt á þjónustu Reykjavíkurborgar við kvótaflóttafólk sem kom til Íslands frá Kólumbíu árin 2005 og 2007. Um var að ræða alls 18 konur sem féllu undir viðmið Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, Konur í hættu, og börn þeirra (34 talsins). Í rannsókninni var gerð grein fyrir stuðningi við hinar kólumbísku fjölskyldur í gegnum árin í von um að varpa ljósi á árangur aðlögunar að íslensku samfélagi, en flóttafólk glímur almennt við fjölþættan vanda. Gögnum var aflað úr málaskrá velferðarsviðs, auk þess sem spurningakönnun var send á ráðgjafa velferðarsviðs í von um að skýra myndina af stuðningnum. Niðurstöður sýndu að tæpur helmingur kvenna fór í sálfræðiviðtöl innan við tveimur árum frá komu. Fimm konur af 18 virðast enga sálfræðiaðstoð hafa fengið. Helsti sálræni vandi kvennanna reyndist vera þunglyndi, þá kvíði og samskiptavandi. Sálfræðingar höfðu svo aðkomu að tæpum 40% barnahópsins. Nokkuð var um tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur. Félagsleg staða hópsins er almennt fremur bág árið 2017 en konurnar virðast standa utan við samfélagið þegar kemur að stöðu á vinnumarkaði, húsnæðismarkaði og fleira. Með frekari útlistun á því hvernig bæta megi félagsþjónstu þá aukast líkur á því að unnt sé að þróa langtímastefnu í málefnum flóttafólks og þar með tryggja þessum viðkvæma hópi sem besta þjónustu.

Elín Áslaug Ormslev
Zuïlma Gabriela Sigurðardóttir

Hvað hefur Dyflinni sem Genf og Nýja-Jórvík hafa ekki?

Nokkuð hart hefur verið tekist á um annars vegar fullveldisrétt þjóðríkja, sem m.a. felur í sér rétt til að ákveða hver eiga rétt til dvalar í ríkinu, og hins vegar um rétt flóttafólks til hælís og verndar. Ákveðnar þjóðréttarlegar skyldur um stöðu og rétt flóttamanna hvíla á aðildarríkjum Alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna sem Ísland hefur fullgilt.

Í þessari rannsókn er skoðað hvort og þá að hve miklu leyti íslenskum stjórnvöldum beri skylda til þess að taka mál hælisleitenda til efnislegrar meðferðar og jafnframt undir hvaða kringumstæðum senda megi þá aftur til þess ríkis sem þeir komu frá. Varðandi endursendingar flóttafólks er það reglan um „non-refoulement“ sem setur stjórnvöldum hvað mestar skorður. Hún kemur fram í ofangreindum samningi og er nú lögfest í 42. gr. útlendingalaga.

Með þátttöku sinni í Schengen og aðild að Dyflinnarreglugerðinni geta íslensk yfirvöld endursent flóttafólk til annarra ríkja Evrópu jafnvel þó viðkomandi ríki hafi þegar synjað því um hæli og þess bíði ekki annað en áframsending til heimaríkja sinna, heimaríkja sem íslensk stjórnvöld hafa í öðrum tilfellum talið óörugg. Íslenska ríkið hefur synjað fjölmörgu flóttafólki um efnismeðferð og endursent það til annarra Dyflinnarríkja þrátt fyrir 2. mgr. 42. gr. útlendingalaga.

Í rannsókninni eru ákvarðanir stjórnvalda og dómstóla um efnismeðferð hælisumsókna og endursendingar flóttafólks skoðaðar í ljósi Alþjóðasamnings um stöðu flóttamanna, íslenskra laga og alþjóðlegra mannréttindasáttmála.

Albert Björn Lúðvígsson
Erna Kristín Blöndal

Ísland og Evrópuvirkið - íslenska ríkið og samevrópskt landamæraeftirlit

Í erindinu er fjallað um fyrstu niðurstöður úr yfirstandandi MA-rannsókn í mannfræði sem jafnframt er hluti af verkefninu *Mobilities and Transnational Iceland*. Í rannsókninni er sjónum beint að landamæraeftirliti Landhelgisgæslu Íslands á Miðjarðarhafi og undan ströndum Afríku og samstarfi við Frontex, með það að markmiði að varpa ljósi á upplifanir starfsmanna Landhelgisgæslunnar af þessum störfum. Rannsóknin byggir á viðtölum ásamt orðræðugreiningu á fjölmiðlaumfjöllun og opinberum gögnum.

Í erindinu er starfsemi og samstarf Landhelgisgæslunnar og Fontex sett í víðara hnattrænt samhengi, einkum með tilliti til ríkjandi aðstæðna á ytri landamærum Evrópusambandsins í suðri. Horft er til stöðu íslenska ríkisins á alþjóðlegum vettvangi sem herlausrar þjóðar í hernaðarbandalagi (NATO) og þátttakanda í alþjóðlegum hernaðarverkefnum. Jafnframt er fjallað um margræða stefnu íslenska ríkisins í málefnum flóttafólks og hælisleitenda með tilliti til þess hvernig stjórnvöld bjóða reglulega hópum flóttafólks til landsins í gegnum Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á sama tíma er hins vegar Dyflinnarreglugerðinni beitt í stórum hluta hælisumsókna og meirihluta þeirra sem hér leita verndar á eigin vegum er vísað úr landi.

Fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til að viðmælendur leggi áherslu á þann þátt verkefnisins sem snýr að leit og björgun umfram eftirlit og staðsetji samstarfið við Frontex innan ramma mannúðarstarfs.

Eyrún Ólöf Sigurðardóttir

James Rice

Helga Björnsdóttir

Viðhorf til uppruna og erlendra reynslu á íslenskum vinnumarkaði

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að útlendingar upplifa töluverða mismunun á vinnumarkaði. Þó umræðan á Íslandi bendi til sömu vandamála hafa fáar rannsóknir verið gerðar á þessu vandamáli hérlendis. Eigindlegar rannsóknir hafa staðfest það sama fyrir íslenskan vinnumarkað og benda meðal annars til þess að íslensk reynsla sé betur metin en erlend reynsla og að erlend nöfn séu hindrun í ráðningarferlinu. Til að rannsaka þessar hugmyndir setjum við upp rannsókn með tilraunasniði og athugum áhrif erlendra reynslu og nafns á líkur á ráðningu. Tíu mismunandi ferlskrár voru metnar af starfsmönnum á íslenskum vinnumarkaði. Allar ferilskrárnar voru eins að öllu leiti, nema að menntun og starfsreynsla eru annað hvort erlendis frá eða íslensk. Þá verða fimm mismunandi nöfn sem gefa til kynna uppruna. Þátttakendur í rannsókninni eru starfsmenn í stórum fyrirtækjum í fjármála- og tryggingargeiranum og hver þátttakandi fékk handahófskennt eina af þeim þeim tíu ferilskrám sem búnar voru til. Rannsóknin veitir mikilvægar upplýsingar um ráðningaferli fólks af erlendum uppruna á Íslandi og hvort og hvernig uppruni, kyn og reynsla skiptir máli á íslenskum vinnumarkaði.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Kári Kristinsson

Afdrif flóttafólks á vinnumarkaði

Rannsóknin fjallar um hvernig flóttakönur sem komu til Íslands árin 2005 og 2007 hefur reitt af á vinnumarkaði. Markmið rannsóknarinnar er að kanna tíðni heilsufarsvanda sem hefur áhrif á starfsgetu meðal þessara kvenna. Reynt var að greina ástæður þess að sumum hefur farnast vel en öðrum ekki og hvaða þættir í móttöku flóttafólks og stuðningi á vinnumarkaði stuðli að velgengni. Tekin voru tólf hálfstöðluð, eigindleg viðtöl við konurnar um menntun þeirra, atvinnuþátttöku og starfsgetu, annars vegar fyrir og hins vegar eftir komuna til Íslands, og huglægt mat þeirra á eigin stöðu í dag. Einnig voru tekin hálfstöðluð, eigindleg viðtöl við fagfólk sem kom að móttöku þeirra. Helmingur kvennanna missti starfsgetuna um fimm árum eftir komu en hinn helmingur eru í vinnu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að þeir þættir sem hafi áhrif á starfsgetu til langframa séu meðal annars lengd og gæði náms eftir komu áður en farið er út á vinnumarkað og missir félagslegrar stöðu samanborið við upprunaland. Konurnar töldu allar að betur hefði mátt standa að íslenskukennslu til að undirbúa þær fyrir atvinnuþátttöku, allar telja þær að aukin færni í íslensku myndi færa þeim aukin tækifæri varðandi vinnu, nám og starfsendurhæfingu og margar hafa menntun og starfsreynslu sem þær vildu nýta en hafa ekki getað.

Gerður Gestsdóttir

*Rannsóknin var unnin með styrk úr Próunarsjóði innflytjendamála hjá velferðarráðuneytinu.

Icelandic Expatriate Adjustment in Hardship Countries

Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða reynslu og upplifun íslenskra útsendra starfsmanna í fjarlægum löndum af aðlögun ásamt því að skoða hvort fyrri reynsla þeirra af því að búa erlendis hafi haft áhrif á aðlögun þeirra í núverandi landi. Með fjarlægum löndum er hér átt við lönd sem reynast af einhverjum ástæðum erfiðara fyrir vesturlandabúa að aðlagast, t.d. vegna fjarlægðar frá heimaslóðum, mjög ólíks tungumáls eða ólíkrar menningar, ólíkrar leturgerðar eða ólíks pólitísku eða efnahagslegs umhverfi. Einnig var skoðað hvort stuðningur var veittur af hálfu vinnuveitenda þeirra og þá hvers konar. Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við níu útsenda starfsmenn sem allir bjuggu á fjarlægum stöðum í heiminum þegar viðtölin fóru fram. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að almennt var aðlögun þátttakenda góð en stuðningur vinnuveitenda var yfir heildina ekki mikill né heldur undirbúningur fyrir flutninga. Þá var ekki var samræmi á milli þátttakenda hvort þeir teldu fyrri reynslu sína af því að búa erlendis hafa hjálpað til með aðlögun á núverandi staðsetningu.

Ragnhildur Lena Helgadóttir
Svala Guðmundsdóttir

Frelsi eða fjötrar? Um greiningu sjálfboðaliðastarfa á Íslandi

Samhliða hnattvæðingu vinnunnar hefur átt sér stað sambland sjálfboðaliðastarfa (e. voluntourism) og ferðamennsku. Sumir fræðimenn vara við því að sjálfboðaliðar ríkra landa nýti sér fátækt í fjarlægum löndum til að uppfylla þörf sína fyrir ævintýramennsku, þótt auglýsingum eftir sjálfboðaliðum fjölgi meðal ríkra þjóða.

Markmiðið er að greina frá ráðningarferli sjálfboðaliða á Íslandi, kjörum, vinnuskyldu og aðstæðum. Auglýsingum um sjálfboðaliðastörf var safnað 27. febrúar 2017 af www.workaway.info og www.helpx.net (246 auglýsingar), sem voru greindar með Atlas forritinu.

Niðurstöðurnar sýna að algengast er að sjálfboðaliðar fái frítt fæði og húsnæði. Þeir borða með fjölskyldunni, fá oft sérherbergi, en stundum sofa þeir í tjaldi eða húsnæði fyrir vinnufólk. Oft er óskað eftir sjálfboðaliðum án sérþarfa varðandi mat og jafnvel að þeir séu kjötætur. Algengustu sjálfboðaliðastörfin eru svipuð og á almennum vinnumarkaði, þ.e. þjónusta við ferðamenn, umönnun, landbúnaðarstörf auk aðstoðar við heimilshald. Almennt er lögð áhersla á vinnusemi og óreglulegan vinnutíma, en samkvæmt reglum áður nefndra heimasíðna skal vinnutíminn vera að hámarki 4-5 tímar á dag, 5 daga vikunnar. Oft er bent á sérkenni héraðsins og að sjálfboðaliðar geti upplifað hreina og ósnorta náttúru og íslenskt mannlíf. Umsagnir sjálfboðaliða á heimasíðunum benda til þess að margir fái ævintýraþrá sinni fullnægt. Frekari rannsóknar er þörf til að meta í hvaða mæli atvinnurekendur nota sjálfboðaliða sem ólöglegt ódýrt vinnuafli.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir,
Jónína Einarsdóttir
Ragnhildur Guðmundsdóttir

Aðstæður innflytjendafjölskyldna sem eiga fötluð börn

Á síðustu árum hefur innflytjendum fjölgað mikið hér á landi. Þótt töluvert sé vitað um aðstæður fjölskyldna fatlaðra barna á Íslandi er þekking á stöðu innflytjendafjölskyldna með fötluð börn takmörkuð. Erlendar rannsóknir benda til að þessar fjölskyldur glími við fjölmörg úrlausnarefni umfram innfæddar fjölskyldur. Í fyrirlestrinum fjöllum við um rannsókn sem nú stendur yfir. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna hvernig fjölskyldur af fyrstu kynslóð innflytjenda sem eiga fötluð börn takast á við daglegt líf, samskipti þeirra við nærsamfélagið og við þjónustukerfið. Stuðst er við kenningar Bourdieu um félags- og menningarauð. Um er að ræða tilviksathuganir sem beinast að fjölskyldum þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis, eru með fjölbreyttan bakgrunn og koma víðs vegar að af landinu. Tengiliðir á vegum sveitarfélaga aðstoða við val fjölskyldna sem uppfylla ofangreind skilyrði. Auk viðtala fara fram þátttökuathuganir og rýnt í skrifleg gögn þar sem það á við. Rannsóknin varpar mikilvægu ljósi á aðstæður fjölskyldnanna hér á landi, samskipti þeirra við nærsamfélagið og hvernig þjónustukerfið nýtist þeim til stuðnings. Þessar upplýsingar geta einnig nýst til að þróa þjónustu sem tekur mið af þörfum innflytjendafjölskyldna með fötluð börn.

Snæfríður Þóra Egilson
Guðbjörg Ottósdóttir
Unnur Dís Skaptadóttir

*Próunarsjóður innflytjendamála og Mark styrkja rannsókna.

Sjálfskilningur og félagsleg staða fjölskyldna heyrnarlausra barna af erlendum uppruna á Íslandi

Fjölskyldur með heyrnarlaus börn (og foreldrar í sumum tilvikum líka) eru oft hluti af Döff samfélögum. Í þessum samfélögum ríkir Döff menning og tákniál gegnir lykilhlutverki. Döff samfélög eru til um allan heim og líkt og heyrandi samfélög eru þau menningarlega ólík. Þegar fjölskyldur heyrnarlausra barna, af erlendum uppruna, flytja til Íslands upplifa þær fjölmenningu því ekki einungis í heyrandi heimi heldur einnig í Döff heiminum. Þetta á við um talað mál og tákniál, kennsluaðferðir, tjáningarhefðir, samskipta- og umgengnisreglur auk fjölda annarra menningarlegra þátta. Vaxandi hópur innflytjenda með heyrnarlaus börn kallar eftir endurskoðun á sviði menntunar, félags-, og heilbrigðisþjónustu. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á sjálfskilning og félagslega stöðu fjölskyldna heyrnarlausra barna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og byggir á viðtölum við foreldra heyrnarlausra barna af erlendum uppruna. Í viðtölunum er fjallað um upplifun fjölskyldna af því að flytja til Íslands með sérstakri áherslu á reynslu þeirra af fjölmenningu, þjónustu, menntun, málnotkun og félagslegri þátttöku. Viðtölin voru greind með eiginlegri lífssöguaðferð og fyrstu niðurstöður benda til þess að heilbrigðis- og menntakerfið virðist illa í stakk búið til að mæta þörfum þessara fjölskyldna á meðan aðgangur að íslenska Döff samfélaginu og stuðningur við málþroska virðist styðja við félagslega þátttöku fjölskyldna.

Stefan C. Hardonk
Hanna Björg Sigurjónsdóttir

Úr klakaböndum: Hreyfanlegir hópar í vestnorðri

Í kjölfar loftslagsbreytinga má búast við miklum áskorunum og auknum hreyfanleika landa á milli nyrst í Norður-Atlantshafi. Áskoranirnar verða ekki einungis á sviði stjórn mála heldur ekki síður í daglegu lífi fólks. Á hinu svokallaða vestnorræna svæði veltur margt á því hvernig staðbundnir og hreyfanlegir hópar munu mæta nýjum tækifærum og ógnum. Þetta erindi fjallar um sjálfsmyndarsköpun og ímyndapólitík svæðisins. Hvernig styrkjast eða veikjast böndin innan nýrra tengslaneta? Hvernig vinna hópar fólks úr rótgrónum staðalmyndum og rísandi ímyndum? Með áherslu á samskipti ólíkra þverþjóðlegra tengslaneta í Grænlandi og Íslandi verður horft til þess hvernig fólk mótar og notar þjóðernisímyndir og menningararf. Notast er við kenningarlegan ramma um þverþjóðleg tengsl og hreyfanleika (e. mobilities) þar sem lögð er áhersla á tengsl fólks, hugmynda og hluta þvert á landamæri. Í rannsókninni er notast við blandaða aðferðafræði, viðtals- og vettvangsrannsóknir, sjónræna greiningu og textarýni. Beitt er þjóðfræðilegu sjónarhorni hversdagslegrar fagurfræði, hefða og sköpunar á menningariðkun og tengslamyndun en einnig er sýnt fram á hvernig orðræður tengdar loftslagsbreytingum og auðlindanýtingu hafa áhrif á sjálfsmyndarsköpun ólíkra hópa og einstaklinga.

Kristinn Schram
Katla Kjartansdóttir

* Rannsóknin er styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands.

Young adult refugees and asylum seekers: Making transitions into adulthood

Young people aged 16 to 25 are on the cusp of childhood and adulthood, making transitions into adulthood which includes their aspirations for their future such as higher education, independent living and careers. Few studies have explored the impact that migration and legal status may have on such transitions. We discuss findings based on our analysis of four semi-structured interviews with four individuals in the UK aged 16-25 who were part of a larger PhD study in the UK on family care practices of disabled asylum seekers and refugees and six with six individuals aged 16 –25 who took part in an MA qualitative study in Iceland on experiences of young adults with a refugee background of making transitions into adulthood. Our findings indicate that young adults in both studies held high aspirations to their futures but faced great challenges in fulfilling them due to their legal status, limited entitlements and family situations. Yet they were resilient despite the challenges they faced and held onto their aspirations, making plans to fulfil them. The findings suggest a need for asylum policy to engage specifically with needs of young adults in order for this group to have equal opportunities to their peers in making their expected transitions into adulthood.

Guðbjörg Ottósdóttir
Maja Loncar

Brúnir Íslendingar: Viðhorf, upplifun og að tilheyra íslensku samfélagi

Rannsóknir hafa skoðað kynþáttafordóma á Íslandi út frá tengslum við þjóðarímynd fyrri tíma og nútíma, sem og hvað varðar reynslu ólíkra innflytjendahópa. Lítil áhersla hefur þó verið á reynslu þeirra sem teljast „blandaðir“ á einhvern hátt. Rannsóknin skoðar upplifun brúnna Íslendinga af blönduðum uppruna (e. 'mixed race') í íslensku samfélagi. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða hvort kynþáttahugmyndafræði væri undirliggjandi í því að skilgreina hver telst íslenskur og hver ekki. Rannsóknin var eigindleg og byggir á viðtölum við 14 Íslendinga sem áttu það sameiginlegt að annað foreldrið var dökkt og erlent. Þar að auki var viðtal tekið við Íslending með annað foreldri af blönduðum uppruna. Viðtölin voru tekin árið 2016 og byggðu á snjóboltaúrtaki. Viðtölin voru síðan afrituð og þemagreind með aðstoð orðræðugreiningar. Niðurstöður gefa til kynna að hvítur húðlitur er viðmið í íslensku samfélagi sem aðrir einstaklingar eru síðan metnir út frá og brúnir Íslendingar oft staðsettir utan þjóðarímyndarinnar. Upplifun viðmælenda var þó ólík eftir kyni, þar sem konur greindu frekar frá því að samlandar litu ekki á þær sem íslenskar. Rannsóknarniðurstöður sýna jafnframt fram á að þó einstaklingur sé einnig með erlendan uppruna, dregur það ekki úr því að viðkomandi líti á sig sem íslenskan.

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Kristín Loftsdóttir

*Rannsóknin er styrkt af Mobilities and Transnational Iceland verkefninu.

„Mig langar til að flýja“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda frá Filippseyjum á íslenskum vinnumarkaði

Tíundi hluti starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði er af erlendum uppruna. Mest ber á útlendingum í láglau nastörfum en menntunarstig innflytjenda er hins vegar mun hærra en röðun þeirra í störf gefur til kynna og er vinnumarkaðurinn því að glata heilmiklum þekkingarverðmætum. Á síðustu tveimur áratugum hefur fjöldi innflytjenda frá Filippseyjum meira en fjórfaldast. Konur eru helmingi fleiri en karlar sem flust hafa frá Filippseyjum til Íslands og Filippseyingar eru einnig það sem kalla má sjáanlegur minnihlutahópur (*visible minority*) og hefur skörun (*intersectionality*) kyns, kynþáttar, litarhafts og þjóðernis því áhrif á upplifun þeirra af stöðu sinni á íslenskum vinnumarkaði. Markmið rannsóknarinnar er að skoða upplifun háskólamenntaðra innflytjenda frá Filippseyjum á aðlögun og samskiptum við yfirmenn og samstarfsfólk. Tólf viðtöl voru greind og unnin samkvæmt fyrirbærafræði. Íslenskan og að vera af erlendu bergi brotinn hafa mest áhrif á samskipti og aðlögun viðmælenda. Viðmælendur upplifa að vera ekki teknir alvarlega í starfi, ekki virtir viðlits né teknir inn í hópinn. Þessir þættir draga úr möguleikum á að aðlagast vinnustaðnum. Þrátt fyrir að margir viðmælendur upplifi útilokun og mismunun, eiga flestir góð samskipti við yfirmenn sína. Rannsóknin er mikilvægt framlag til að draga fram þörfina fyrir virka og gagnkvæma aðlögun alls samfélagsins þar sem skipulagsheildir og stjórnendur bera mikla ábyrgð.

Erla Sólveig Kristjánsdóttir
Póra Christiansen

Immigrants in the North of Iceland, comparison between Akureyri, Dalvík and Húsavík

The population of immigrants in North Iceland has been increasing steadily over the past twenty years. The presentation builds on the study where three communities at the seaside - Akureyri, Húsavík and Dalvík - were examined in order to compare and understand the economic and social status of immigrants. We also looked at the receptions and attitudes of local people towards new inhabitants. The study employed quantitative and qualitative methods. Separate surveys were conducted in all three towns among both immigrant and native populations, followed by interviews.

The results were unexpected in many ways, as the greatest difference did not exist between smaller communities and Akureyri, but between Húsavík and Akureyri on one side and Dalvík on the other, despite the background of immigrants in Húsavík and Dalvík was similar in many respects. Immigrants in Húsavík were less likely to have Icelandic citizenship, showed less connections with the local community, seemed to have limited opportunity to change work, and spoke less Icelandic than immigrants in Akureyri and Dalvík. Nevertheless, Husavik residents were more positive about the idea of getting more immigrants to the town than the locals in the two-pronged communities.

Anna Wojtyńska

Markus Meckl

Tengsl ferðamálafræði við markaðsfræði

Erindið fjallar um að draga fram hina viðskiptalegu sýn ferðamálafræðinnar en útgangspunkturinn er að ferðalög hafi alla jafna í för með sér einhvers konar viðskipti. Sérstaklega er horft til tengsla ferðamálafræði við markaðsfræði og markaðsáherslu.

Markaðsáherslan (*marketing concept*) hefur gjarnan verið skilgreint þröngt og gjarnan fyrst og fremst verið tengd við viðskipti á einkamarkaði þar sem hagnaður hefur verið hafður að leiðarljósi. Í erindinu er sérstaklega gerð grein fyrir tveimur klassískum nálgunum. Annars vegar sýn Kotlers og Levy (1969) sem birtist í greininni *Broadening the concept of marketing* en þar draga höfundar fram rök fyrir því að nauðsynlegt sé að kynna ný hugtök til sögunnar þar sem þáverandi/núverandi þröng skilgreining komi í veg fyrir að aðrar greinar, s.s. eins og ferðamálafræði, geti nýtt sér aðferðir og hugmyndir markaðsfræðinnar til að ná betri árangri. Síðar, eða árið 1993, skrifuðu Kotler og félagar bók (*Marketing Places*) sem fjallaði sérstakleg um þessa hagnýtingu (Kotler, Haider og Rein, 1993). Hins vegar er gerð grein fyrir sýn Hunts (1976) sem birtist í greininni *The Nature and Scope of Marketing*. Þar dregur Hunt fram það sjónarmið að þröng skilgreining á markaðsfræði útiloki að aðrar greinar, s.s. ferðageirn, geti nýtt sér aðferðir markaðsfræðinnar til að ná betri árangri.

Pórhallur Guðlaugsson

Arfur eða arður – Tenging við menningu

Í greininni verður helstu skilgreiningum á fyrirtækjamenningu gerð skil, sem og rannsóknum sem tengja slíka menningu við árangur, eða betri árangur, fyrirtækja. Erindi þetta byggir á doktorsverkefni höfundar sem snýr að tengslum fyrirtækjamenningar við gæðastarf og árangur ferðapjónustufyrirtækja. Á Íslandi hefur ferðapjónusta sem atvinnugrein verið í mjög örum vexti undanfarin ár og er hægt að halda því fram að ákveðin óvissa ríki á ferðapjónustumarkaðnum, hvort sem litið er til ytri eða innri markaðsaðstæðna. Með óvissu er m.a. átt við skattamál, gjaldtöku á þjónustustöðum, gengismál, samþjöppun á markaði of.l. Slíkar aðstæður geta haft mikil áhrif á starfssemi fyrirtækja innan greinarinnar, bitnað á þjónustu þeirra og gæðastarfi, getu þeirra til að uppfylla þarfir viðskiptavina og þar með hæfi þeirra til að keppa. Því hefur verið haldið fram að menning innan fyrirtækja sé undirstaða eða kjölfesta velgegni þeirra, ekki síst á rokgjörnum mörkuðum. Mismunandi skilgreiningar liggja til grundvallar hugtakinu fyrirtækjamenning, og má segja slíkt hið sama um aðferðir til að mæla fyrirtækjamenningu og tengja við árangur. Rannsóknum tengdum efninu ber þó saman um að fyrirtækjamenning sé samansett úr mismunandi víddum, sem eru mælanlegar og stuðla að sameiginlegri sýn og eða hegðun starfsmanna innan skipulagsheilda.

Magnús Haukur Ásgeirsson

Rannsóknir í markaðsfræði á sviði ferðapjónustu á Íslandi: Eiga markaðsfræði og ferðamálafræði samleið?

Erindið mun segja frá helstu rannsóknum á sviði ferðamálafræða fyrir ferðapjónustu á Norðurlöndum sem kynntar voru á ráðstefnunni Nordic Symposium í október 2017. Þær verða flokkaðar út frá fyrirfram ákveðnum þáttum byggða á „The tourism marketing knowledge grid“ og einnig verður umfang þeirra metið til að geta metið þær á greinagóðan hátt. Út frá þeirri greiningu munu höfundar meta hvar er einna helst þörf á rannsóknum ásamt að koma auga á hvað þessi tvö fræðasvið eiga sameiginlegt og hvar þeim ber á milli. Markaðsfræði gengur í grunninn út á að finna þarfir og óskir ólíkra hópa og undirbúa skipulagsheildina og starfsfólkið til að mæta þörfum þeirra, m.a með því að hann vörur og þjónustuframboð því til samræmis. Þannig geta fyrirtæki staðsett sig á markaði til að höfða til ákveðins hóps og laða hann til sín með markaðssamskiptum. Hvernig samrýmist þetta ferðamálafræðinni og þeirri staðreynd að erfitt er að breyta legu landa, náttúru og menningu hvernar þjóðar? Hvernig getur ferðamálafræði og markaðsfræði sameinað krafta sína þannig að úr verði grundvöllur að góðum rannsóknum? Höfundar eru báðir doktorsnemar við Háskóla Íslands.

Brynjar Þór Þorsteinsson
Magnús Haukur Ásgeirsson

Rannsóknir í ferðamálum - Á mörkum fræða og þjónustu

Erindið mun tíunda þær áherslur sem uppi hafa verið í rannsóknum á ferðamálum á Íslandi á mesta vaxtaskeiði ferðaþjónustu í landinu frá upphafi. Byggt er á reynslu höfundar sem forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála frá sumri 2006 til loka ár 2015. Á því tímabili hefur gríðarlega margt breyst í umhverfi ferðaþjónustu og ferðamálum almennt. Hinsvegar hefur þekkingaröflun og rannsóknir ekki náð að skýra þær breytingar nægjanlega í íslensku samhengi. Erindið mun benda á hvar skóinn helst kreppir í þeim efnum. Þær rannsóknir sem unnar hafa verið frá 2006 og til dagsins í dag verða skilgreindar í þrjá flokka. Þessir flokkar eru gagnaöflun, þjónusta rannsóknir og ráðgjöf og svo fræða rannsóknir. Þessir þrír flokkar verða tengdir saman í erindinu og skýrðir með hliðsjón af þörfum ferðaþjónustu og fræðasamfélagsins. Þannig mun erindið teikna upp rannsóknarumhverfi ferðaþjónustu á Íslandi og hvaða hlutverk hver gæti leikið í því svo að sem best samlegð náist og þekking á ferðamálum á Íslandi byggi á hvað traustustum grunni. Í erindinu verður lagður grunnur að skilningi á hlutverki háskóla í rannsóknum í ferðamálum og sýnt fram á að rannsóknir í dag lúta fyrst og fremst að gagnaöflun. Verulega skortir á greiningu og túlkun og ekki síður að sú greining sem þó er til nái eyrum ráðamanna og hagsmunaaðila. Skýring þessa liggur í litlum skilning á eðli ferðamála og ferðaþjónustu.

Edward H. Huijbens

Ljóðræna ferðamenskunnar: Iðkun skapandi veruleika

Þegar spurt er um viðfangsefni, aðferðir og vísindalega sýn þeirra fræða er snúa að ferðamálafræði má setja spurningamerki við hver vettvangur fræðanna er og hvernig fræðimaðurinn sjálfur er órjúfanlegur hluti vettvangsins. Þetta hefur fengið litla sem enga umfjöllun í ferðamálafræðunum. Fræðimaðurinn velur og mótar vettvanginn, hannar aðferðafræðilega nálgun og fræðilegan grundvöll sem byggir á ákveðinni vísindalegri sýn sem oft á tíðum fjarlægir fræðimanninn frá vettvangnum. Á þennan hátt leitast fræðimenn við að einangra ferðamenskuna sem sérstakt viðfangsefni og aftengja raunverulegt flækjustig veruleikans.

Mannfræðingarnir Michael Jackson og Stuart MacLean hafa í gagnrýni sinni á vísindalega nálganir talað um aðferðafræði sem ljóðrænt ferli sem fléttar saman margbreytilegum þráðum veruleikans. Þeir líta á rannsóknir sem skapandi ferli og vettvanginn sem lifandi rými sem samtvinnast sköpuninni og hefur bein áhrif á hana. Þetta vekur upp spurningar um verund og mæri vettvangsins sem í rauninni er órjúfanlegur frá „lífinu, heiminum og öllu“ svo vitnað sé til Douglas Adam's og skrifa hans um leiðavísi ferðalangsins um Vetrarbrautina. Í erindi þessu mun ég velta því upp hvernig fræði ferðamála eigi að leitast við að spyrða saman ljóðræna ferðamenskunnar til að tengja við þann margþætta veruleika sem að hún er hluti af. Í stað lýsandi niðurstaðna virkjar hin ljóðræna nálgun vettvanginn, hreyfir við honum og opnar fyrir frekari möguleika.

Katrín Anna Lund

Fegurðin og ferðamálin

Náttúrufegurð er eitt helsta aðdráttarafl ferðamanna á Íslandi og þar með efnahagsleg auðlind landsins. En náttúrufegurðin á sér fleiri hliðar, hún er einnig andleg auðlind, og það er sú hlið hennar sem ég hef fjallað um í rannsóknum mínum á sviði heimspekinnar. Fagurfræði, siðfræði og fyrirbærafræði hafa verið þær linsur sem ég hef notað til að rýna í gildi náttúrufegurðar og tengsl þess við gildi landslags. Á síðustu árum hefur aukin umræða um ferðapjónustu og rannsóknir á sviði ferðamálafræði vakið athygli mína á því hversu mikilvægt er að þverfaglegt samtal eigi sér stað á milli heimspeki, ferðamálafræði og fleiri sviða. Í erindinu verður því gerð tilraun til að hefja slíkt samtal með það að leiðarljósi að rýna í hvernig heimspekileg greining á náttúrufegurð; einni frumforsendu þeirrar náttúruferðamennsku sem stunduð er á Íslandi, getur átt erindi inn í rannsóknir í ferðamálafræði. Markmiðið er að draga fram mikilvægi þess að skapa þverfaglegar tengingar á milli fræðasviða sem fjalla um sömu fyrirbærin frá mismunandi sjónarhornum eins og er í þessu tilfalli þar sem náttúrufegurð er skoðuð út frá sjónarhornum ferðamálafræði, heimspeki og fleiri greina svo sem landfræði og mannfræði.

Guðbjörg R. Jóhannesdóttir

*Rannsóknin er styrkt af Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands, RANNÍS, Öndvegissetrinu EDDA, Umhverfis- og orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur, Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar og Heimspekisjóði Brynjólfs Bjarnasonar.

Hugsað út fyrir kassann: Er samvinna félags- og lífvísinda vænleg leið fyrir nýsköpun þekkingar á ferðamennsku og útivist?

Hin síðustu ár hefur tengslahyggja eins og fyrirbærafræði verið að ryðja sér til rúms í ferðamálafræðilegum rannsóknum og félagsvísindum almennt. Um er að ræða heildrænt sjónarhorn sem býður uppá að (1) beina athyglinni að núinu, (2) rannsaka hvernig einstaklingar lifa lífinu og upplifa aðstæður í ákveðnu samhengi og (3) greina hvað hefur áhrif á það á hverjum stað og hverjum tíma. Höfundur hefur beitt þessari nálgun í rannsóknum á aðdráttarafli íslenskrar náttúru fyrir ferðamennsku og útivist og á upplifun innlendra og erlendra ferða- og útivistarfólks á Íslandi. Rannsóknirnar hafa skilað nýjum upplýsingum um tilveru ferðafólks og vísbendingum um að gildi ferðalaga og útivistar tengist streitu og vanlíðan í daglegu lífi. Niðurstöðurnar hvetja til þverfaglegra rannsókna með aðkomu lífvísinda. Í erindinu verður gagnsemi fyrirbærafræðilegar nálgunnar á veruleika ferða- og útivistarfólks reifuð og ný þverfagleg rannsóknarálgun kynnt þar sem kenningar í lífeðlisfræði, umhverfissálfræði og landfræði og megindelegar og eigindlegar rannsóknaraðferðir vinna saman að nýsköpun þekkingar á ferðamennsku og útivist.

Gunnþóra Ólafsdóttir

*Rannsóknar- og þróunarvinnan sem er kynnt í erindinu var fjármögnuð með Archimedesarverðlaunum Evrópusambandsins, Overseas Research Students' Award Scholarship, nýdoktorastyrk frá Rannsóknasjóði Lúxemborgar og rannsóknastyrk frá Háskólanum í Lúxemborg.

Ferðamálafræði sem samvinna? Sköpun þekkingar og gildi hennar

Ferðamálafræði er ungt fræðasvið á alþjóðlegum vettvangi. Í gegnum tíðina hefur verið umtalsverð umræða um hvort að ferðamálafræði sé raunveruleg fræðigrein þar sem hún hefur í raun verið upp á aðrar fræðigreinar komin með sín helstu hugtök og greiningatæki. Svið ferðamála er illskilgreinanlegt. Í grundvallaratriðum tengist það hreyfanleika og samskiptum sem hefur í för með sér að viðfangsefni ferðamálafræðinnar eru síbreytileg. Skortur á skýrri afmörkun ferðamála og ferðamálafræða hefur oft og tíðum verið túlkaður sem veikleiki og eitthvað sem takmarki gildi eða vægi rannsókna í ferðamálafræði, innan og utan akademíunnar.

Í þessu erindi mun ég fjalla um hvernig hægt er að líta á tilurð ferðamálafræða í fjölþættum tengslum frá öðrum sjónarhóli þar sem minni áhersla er á að skilgreina ferðamálafræði í eitt skipti fyrir öll en þess í stað horft til þess hvernig gildi rannsókna og þekkingar er skapað í samvinnu og samneyti ólíkra gerenda. Þetta sjónarhorn vekur spurningar um hvernig hægt sé að meta gildi þekkingar sem sköpuð er og dregur fram mögulega styrkleika rannsókna sem byggja á skýran hátt á samvinnu.

Erindið hefst á stuttri umfjöllun um þekkingakerfi ferðamálafræða og mismunandi leiðir til að lýsa því. Því næst er fjallað um samvinnu í rannsóknum og hvernig hún getur tekið ólík form. Að síðustu er umræðan tengd gagnrýnum hugmyndum um gildi fræðilegrar þekkingar.

Gunnar Þór Jóhannesson

Ég kýs ekki glæpamenn: Hvers vegna ungt fólk kýs ekki og hvernig má breyta því

Kosningaþátttaka ungs fólks er mun minni en þeirra sem eldri eru og vísbendingar eru um að einstaklingar sem ekki kjósa í fyrstu kosningum sem þeir hafa kosningarétt í séu ólíklegri til að kjósa í framtíðinni. Fyrir Alþingiskosningarnar 2017 var hrint af stokkunum fræðsluátaki þar sem nemendur tóku þátt í svokölluðum skuggakosningum. Markmið þessarar rannsóknar er að skilja áhrif þess átaks og hvort slík fræðsla er líkleg til að auka kosningaþátttöku ungs fólks. Send var netkönnun á nemendur í flestum íslenskum framhaldsskólum og svöruðu tæplega 2000 nemendur. Meðal svarenda kom fram að þeir sem tóku þátt í skuggakosningum voru líklegri til að kjósa í Alþingiskosningum en fylgnin var sterkari hjá körlum en konum. Fyrirkomulag skuggakosninga skipti máli fyrir þátttökuna; þegar farið var úr tíma til að kjósa var þátttaka í skuggakosningum hærrí hjá báðum kynjum. Það fyrirkomulag spáði einnig fyrir um aukna þátttöku í Alþingiskosningum, aðeins hjá körlum. Megindleg og eigindleg greining á ástæðum þess að karlar og konur kusu ekki gaf til kynna að karlar sem ekki kusu væru líklegri til að segjast hafa litla trú á stjórnámálum og lítinn áhuga á kosningum. Niðurstöðurnar gefa til kynna að við þróun kosningafræðslu sé mikilvægt að taka tillit til þes hvers vegna ungir karlar annars vegar og ungar konur hins vegar kjósa að sitja heima í stað þess að fara á kjörstað.

Magnús Þór Torfason
Hulda Þórisdóttir

Almennt um höfundarrétt í launþega- og verktakasamböndum

Stór hluti þeirra verka sem vernduð eru af höfundarétti er unninn annað hvort í verksambandi eða vinnusambandi. Mismunandi reglur gilda um framsal höfundaréttarins eftir því hvort um sé að ræða verkkaupa eða vinnuveitanda. Almennar reglur um þetta er ekki að finna í íslenski höfundaréttarlöggjöf heldur eru þær óskráðar. Til þess að þessar reglur eigi við þarf þó að liggja fyrir að framlag verktaka eða starfsmanns njóti höfundaréttarverndar en stundum getur það verið álitamál.

Meginreglan er að hinn sjálfstæði verktaki á höfundarétt yfir þeim verkum sínum sem hann vinnur í tengslum við starf sitt nema um annað hafi verið samið. Ef staða verktaka gagnvart verkkaupa líkist því að vera vinnusamband, m.a. þar sem verktakinn er ekki sjálfstæður í störfum sínum, getur það leitt til þess að sambærilegum reglum sé beitt um framlag verktakans og eiga við um höfundarétt í vinnusambandi.

Það hefur aukist mjög undanfarna áratugi að vinnuveitendur og starfsmenn, eða samtök þeirra, semji um hvernig fara beri með framsal höfundaréttar í vinnusambandi þeirra. Sé það gert sker samningurinn úr um þetta. Sé það hins vegar ekki gert reynir á almenna óskráða reglu sem horfir einkum til þess hvað sé nauðsynlegt fyrir vinnuveitandann í venjulegri starfsemi hans. Hér reynir m.a. á rétt vinnuveitandans til breytinga á verki.

Um þessi viðfangsefni verður fjallað í erindinu.

Ragnar Tómas Árnason

Höfundarréttur að kennslugögnum í opinberum háskólum og réttur til aðgangs að slíkum gögnum samkvæmt upplýsingalögum

Akademískt frelsi í rannsóknum og kennslu er grundvallarregla í háskólastarfi og gildir sú regla m.a. við opinbera háskóla á Íslandi. Á grundvelli þessa frelsis miðla kennarar þekkingu með framlagningu kennslugagna til nemenda sinna. Kennslugögn þjóna öðrum tilgangi en birtar niðurstöður fræðilegra rannsókna, t.d. geta þau verið gerð aðgengileg til að vekja nemendur til umhugsunar og sem hluti af tilraunum kennara að tengja saman kennslu og rannsóknir. Kennslugögn eru háð höfundarrétti kennara en að vissum skilyrðum uppfylltum getur höfundarrétturinn færst til vinnuveitanda.

Opinberir háskólar falla undir gildissvið upplýsingalaga nr. 140/2012. Meginreglan er sú að höfundarréttur sé því ekki til fyrirstöðu að veittur sé aðgangur að gögnum á grundvelli upplýsingalaga. Nýleg stjórnarsýsluframkvæmd úrskurðarnefndar um upplýsingamál gefur til kynna að almenningur eigi rétt á aðgangi að kennslugögnum opinberra háskóla. Slík réttarskipan vekur margar áleitnar spurningar um höfundarrétt að kennslugögnum í opinberum háskólum, m.a. hvort heimildir höfundar til að takmarka aðgang að gögnum sínum hafi verið rýrðar með þeim hætti að brotið sé á stjórnarskrárvörðum eignarréttindum höfundar.

Um þessi viðfangsefni verður fjallað í erindinu.

Helgi Áss Grétarsson

Höfundarréttur starfsmanna Háskóla Íslands og leyfiskerfi til að deila höfundarréttarvörðu efni

Samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972 á höfundur eignarrétt á bókmenntaverki eða listaverki, með þeim takmörkunum sem greinir í lögum. Framsal höfundarréttar getur átt sér stað með ýmsum hætti, svo sem á grundvelli ákvæða ráðningarsamnings, venju á viðkomandi vinnustað auk þess sem túlkun á vinnusambandi getur leitt líkur á að þegjandi samkomulag hafi stofnast milli aðila um höfundarréttinn. Samkvæmt kenningum norrænna fræðimanna fær vinnuveitandi einungis þann höfundarrétt, sem honum er nauðsynlegur til þess að nýta verkið í venjulegri starfsemi sinni, að svo miklu leyti sem sanngjarnt, nauðsynlegt og eðlilegt getur talist, ef markmiðið með vinnusamningum á að nást.

Markmið framlagsins er að velta upp spurningum um eignarrétt á höfundarréttarvörðu efni starfsmanna Háskóla Íslands auk þess sem fjallað verður um leyfiskerfi alþjóðlegu félagasamtakanna Creative Commons og möguleika starfsmanna á að nýta sér þá við að deila höfundarréttarvörðu efni. Leyfiskerfið, sem er gjaldfrjálst, felur í sér einfalda og staðlaða leið fyrir höfunda til að deila efni sínu. Höfundar ákveða á hvaða forsendum þeir deila efninu með því að velja viðeigandi leyfi. Í erindinu verður farið sérstaklega yfir leyfistegundir og möguleika við samsetningu þeirra.

Ólöf Vigdís Rafnsdóttir

(Ad)Ventures in Development: Reflections on the “Social” in International Development

White elephants, unintended consequences and development mistakes are prominent concepts in discourses on development. International development has been critiqued for not achieving the goals it sets out to accomplish, which includes eradicating poverty and helping those in need. The development concept has had to fight for its survival on all frontiers; political, social and academic. Complex realities, cultural factors, and conflicting ideologies are, for example, thought to stand in the way of development successes.

The ethnographic field research on which this presentation is based took place in the Kigoma region of Tanzania in 2015 and 2016. It is based on a gender focused value chain analysis of fish and fish processing, a qualitative research methodology originating in business studies but used in this case as an applied development research methodology. Research results have shown that the value chain of fish in Kigoma is highly divided by gender.

The main focus of this presentation is on the diverse complexities of development research and representations of complex socio-economic variables that are important to understand and acknowledge for development interventions to succeed and become sustainable. Empirical examples are offered from fieldwork in Tanzania where piracy, human trafficking and sex work, among other factors, all became an unexpected part of an applied development research project.

Pétur Waldorff

McDonaldization of development

The study is part of a PhD research in political science at the University of Iceland which critically addresses the concept of performance within development cooperation and explores how the quest for performance affects organizational behavior.

It may be difficult to envision how an American fast food chain is embodied in institutional changes within the sphere of development. Based on Weber's notion of the iron cage, George Ritzer introduced his theory of McDonaldization of society in 1993, with a focus on the irrational consequences of rational systems. In this paper it is argued that McDonaldization of development can be regarded as a manifestation of the standardization within the sector and the prevailing tyranny of the measurable. The analysis relies on data collected from the rural water supply sector in Namibia and actors within the international development sphere.

Some primary components of McDonaldization such as efficiency, predictability, and calculability, often imposed by the standardization of international organizations, are highly prominent within the development sector. It is argued that such unintended neo-colonialism affects the behavior of individuals and institutions in various ways, including in institutional isomorphism and the supersizing of development.

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Participation in the post-2015 national consultations in Senegal

The Sustainable Development Goals (SDGs), the successor of the Millennium Development Goals (MDGs), were formed with an overall global consultation. The voice of everyone everywhere was to be heard in the world we want post 2015. This was done as an attempt to respond to major critique of the MDGs, that they were formed by a small group of insiders, without any consultation with stakeholders. National consultations took place in 88 countries at all levels of society, including Senegal, where academics, practitioners and citizens shared their views on the world that they wanted. The overall aim of this article is to examine the request for participation during the post-2015 national consultation process in Senegal and reflect upon whether this massive participation served its purpose.

The article is based on fieldwork in Senegal and New York over a total of 12-month period between 2011 and 2013, including four months at UNDP Senegal during the Senegalese national consultations. Research methods included semi-structured interviews and participant observation. As argued in this article, the research findings reveal a contradiction between best practices in development policy making and desired outcomes.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir
Geir Gunnlaugsson

*Rannsókn þessi er styrkt af Rannsóknasjóði HÍ og Rannís.

„Petta er bara bévítans hark“ - Veruháttur og vettvangur íslenskra óperusöngvara

Óperustarfið virðist sveipað ákveðinni dulúð en starfsumhverfi klassískra söngvara hefur lítið verið rannsakað miðað við aðra tónlistarmenn. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á aðstæður og upplifun íslenskra söngvara sem velja margir söngbrautina þrátt fyrir litla hefð og fá atvinnutækifæri hérlendis. Hverjar eru leikreglur sviðsins og hvaða aðgerðir teljast líklegar til árangurs? Meginefniviður rannsóknarinnar eru hálfopin eigindleg viðtöl við átta klassíska söngvara af báðum kynjum. Greining niðurstaðna byggir á kenningakerfi Bourdieu og varðar helst samspil veruháttar (e. habitus), vettvangs (e. field) og auðmagns (e. capital).

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að viðmælendur nutu allir ríks tónlistaruppeldis í æsku. Starfsumhverfið á Íslandi er sagt einkennast af harki og öryggi. Þrátt fyrir lág laun eru flestir viðmælendur drifnir áfram af listrænni hvöt. Fáir hliðverðir fara með mest vald á íslenska söngsviðinu og þykir félagslegt auðmagn mikilvægt til að eiga von um verkefni. Söngvarar eru sagðir almennt ragir við að gagnrýna hliðverði og stjórnendur af ótta við að spilla fyrir sér tækifærum. Gagnrýni á íslenska starfsvettvanginn lýtur helst að ógagnsæi í ráðningum, vinnuhygli og skorti á fagmennsku. Flestir viðmælenda myndu ekki ráðleggja öðrum að velja þennan starfsvettvang. Ástæður kunnunar og brotthvarfs úr starfi geta verið framkomukvíði, söngtæknileg vandamál, bág starfsöryggi og lítið sjálfsákvörðunarvald. Erlendis kemur einnig til heimprá og álag á fjölskyldulíf auk þess sem kynjamismunun og kynferðisleg áreitni er þekkt vandamál.

Ása Fanney Gestsdóttir
Berglind Rós Magnúsdóttir

„Er ekki gaman að spila?“ - Viðtalsrannsókn á viðhorfum atvinnufólks í sígildri tónlist til menntunar sinnar og starfa út frá kenningum Bernard Lehmann um habitus, verðmætamat og bakgrunn hljóðfæraleikara

Þó nokkuð hafi verið fjallað um margvíslegt gildi tónlistar, tónlistarflutnings og tónlistarmenntunar í íslensku samfélagi, hafa starfsaðstæður og viðhorf tónlistarfólks til starfs síns lítið verið rannsakaðar. Þá virðist ýmislegt benda til þess að lífseigar staðalmyndir ríki um starf tónlistarfólks og framlag þess jafnvel léttvægt metið. Í þessari rannsókn eru könnuð viðhorf atvinnufólks í sígildri tónlist til menntunar sinnar og starfa út frá kenningum Bernard Lehmann um habitus, verðmætamat og bakgrunn hljóðfæraleikara á sviði sígildrar tónlistar. Sérstaklega var sjónum beint að því, hvort þær væntingar sem hljóðfæraleikarar hafa þegar þeir velja að gera hljóðfæraleik að atvinnu reynast í samræmi við þann veruleika sem svo bíður á vinnumarkaði. Einnig var leitað eftir viðhorfum þeirra varðandi framtíðarhorfur í atvinnumálum hljóðfæraleikara. Tekin voru viðtöl við níu íslenska hljóðfæraleikara og þau þemagreind. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að það þarf sérstakar aðstæður á heimili til að barn geti sinnt jafn kostnaðarsömu og flóknu áhugamáli og hljóðfæraleik í klassískri tónlist. Sömuleiðis þarf innsýn í menningarleg verðmæti og forgangsöröðun þar sem mat á lífsgæðum og velmegun eru með tilteknum hætti. Að lokum er spurt hvort réttlætanlegt sé á okkar tímum að listamenn fái lág laun fyrir vinnu sína og sú stefna afsökuð með því hve „gaman“ sé í vinnunni.

Guðrún Birgisdóttir
Njörður Sigurjónsson

Vettvangur dægurtónlistar á Íslandi

Menningarrannsóknir Pierre Bourdieu sýndu að í nútímasamfélagi tekur menningin á sig mynd sem líkist fjárhagsauð. Mótast hafa ólíkir vettvangar þar sem fram fer sköpun og neysla menningar og einstaklingar og hópar safna auði sem um margt líkist fjárhagsauð. Stofnanir og orðræður menningar gegna því tvöfalda hlutverki að skilgreina gildi hvers vettvangs og meta hverjir eiga heima á vettvanginum. Fagurbókmenntir og sígild tónlist eru meðal elstu menningarvettvanga en síðar bættust aðrir við, t.d. ljósmyndavettvangur. Bourdieu benti á þátt gagnrýnenda og annarra hliðvarða og það hefur átt vel við um sókn dægurtónlistar til viðurkenningar á síðustu 50 árum.

Rannsókn á íslenskum vettvangi dægurtónlistar hófst með bók höfundar um Rokksögu Íslands, en síðar var sjónum einkum beitt að dægurtónlistargagnrýni. Farið var yfir gagnrýni í íslenskum dagblöðum 1968-2000 og hún greind með áherslu á togstreitu á milli „popp“ og dægurtónlistar sem ætlar sér hlut í menningunni. Spurningar sem upp komu voru kannaðar frekar með viðtölum við fjóra af helstu gagnrýnendum dægurtónlistar á Íslandi.

Meðal niðurstaðna er, að dægurtónlistargagnrýni á Íslandi hefur leitast við að brjóta niður múra milli há- og lágmennningar. Flestir helstu gagnrýnendur hafa lagt áherslu á að styðja við dægurtónlist sem setur sér listræn markmið en virða jafnframt áherslu annarra á skemmtigildi.

Gestur Guðmundsson

*Rannsóknin var styrkt af Norræna Rannsóknasjóðnum (NOS-HS) 1998-2000.

Dæгурtónlistarmenning við ysta haf: Ísland og „þorpseinkennið“

Erindið byggir á doktorsritgerð höfundar sem er í vinnslu og leitast við að útskýra þá krafta sem knýja áfram samfélag íslenskra dæгурtónlistarmanna Með öðrum orðum; hver er drifhvötin að baki starfsseminni? Þrjár kenningar eru í forgrunni: Í fyrsta lagi kenningar Pierre Bourdieu um veruhátt og menningarframleiðslusviðið. Í öðru lagi rit Howard Becker um eðli listheima (Art Worlds). Og í þriðja lagi rannsókn mannfræðingsins Ruth Finnegan á tónlistarlífinu í enska bænum Milton Keynes.

Aðferðafræði var margþætt. Hálf opin viðtöl við 30 íslenska tónlistarmenn, etnógrafísk þáttökurannsókn, sögulegar heimildir auk reynslu höfundar og innsæis eftir um tuttugu ára starf sem tónlistarblaðamaður. Lagt var upp með grundaða kenningu og samfélagsleg háttsemi tónlistarmannanna dregin fram eftir rýni í áður nefnd rannsóknargögn. Upphafleg rannsóknarspurning var þriþætt: a) af hverju þarftu að búa til tónlist?, b) koma henni svo á framfæri? og c) á hvaða hátt spilar íslenskt samfélag inn í þetta?

Helstu niðurstöður ríma við þá staðreynd að Ísland er örsamfélag. Þetta „þorpseinkenni“ felur það m.a. í sér að boðskipti eru hröð og óformleg, talsvert er um tengsl á milli tónlistarmanna úr ólíkum geirum og mörk á milli atvinnumennsku og áhugamennsku eru óljós. Flestir viðmælendur lýstu þessari nálægð sem jákvæðri en nefndu einnig að á sama tíma ætti hún það til að vera kæfandi.

Arnar Eggert Thoroddsen

Leikskóli í krísu

Frá hruni hefur leikskólinn átt í vanda. Þá var lofað að slá skjaldborg um málefni m.a. barna og skólakerfisins. Í upphafi hélt loforðið en smám saman tók að höggva í; leikskólar þurftu að spara, ýmis störf voru lögð niður, minna var ráðið í afleysingar og að lokum voru margir leikskólar sameinaðir, þvert á vilja þeirra sem þar voru. Í kjölfarið stækkuðu leikskólar, fjarlægð milli stjórnenda og starfsmanna varð meiri og yfirmönnum fækkaði. Nú virðist samfélagið vera að rétta úr kútnum en leikskólarnir eiga enn í erfiðleikum. Skýrslur og rannsóknir gefa vísbendingar um streitu og mikla starfsmannaveltu. Haustboðinn er leikskólastjórar kvartandi yfir manneklu. Ár hvert eru vinnuhópar og nefndir settar á stofn og ekkert virðist breytast.

Vinnuaðstæður í íslenskum leikskólum er viðfangsefni erindisins. Til grundvallar verða íslenskar og alþjóðlegar skýrslur um leikskólamál skoðaðar og gerð verður grein fyrir könnun á meðal starfsfólks leikskóla sem framkvæmd var í september 2016. Þar var fólk beðið að lýsa hvað valdi álagi og erfiðleikum í starfi.

Helstu niðurstöður eru að leikskólar á Íslandi eru í nauðvörn, vinnudagur er langur, fjöldi tíma sem hver kennari er í samskiptum við börn er með því mesta í OECD löndum. Leikskólakennarar og aðrir í leikskólanum upplifa erfiðleika sem tengjast hávaða, of mörgum börnum í of litlu rými, skort á tíma og rými til undirbúnings starfinu og almennt virðingarleysi.

Kristín Dýrfjörð

Reading problems: The possible role of attention and object recognition abilities

The purpose of the current study was to look at the role of visual attention in reading problems and to see to which extent word recognition problems go hand in hand with specific recognition problems for another object class: faces. Participants (current undergraduate students or recent graduates, N = 60) completed a face matching test and a visual search test. In the face matching test, we manipulated facial information that relates to holistic vs. part-based processing. The visual search test consisted of a feature search and a conjunction search, the latter of which relies heavily on visual attention. People who screened positive for dyslexia (D-POS, N = 23) were on average worse than others (D-NEG, N = 37) on part-based processing of faces but were not disadvantaged on holistic processing of faces. This is in alignment with our *a priori* hypotheses and the general consensus that recognition by parts is especially important for word recognition. The average group difference for part-based processing of faces was relatively small and there was variability within both groups. In addition, we could not detect any specific problems with visual attention in our D-POS group. We speculate that a larger effect for part-based face processing as well as an attentional deficit could be revealed with increased test reliability and a more representative sample.

Heiða María Sigurðardóttir
Alexandra Arnardóttir
Anna Sigríður Valgeirsdóttir
Eyðís Þuríður Halldórsdóttir
Hilma Rós Ómarsdóttir

*This research was funded by the Icelandic Research Fund.

Student evaluations of teaching in gender studies

Neo-liberalism with its 'new public management' affects institutions of higher education. Universities are increasingly conducting operations as a business where teachers are seen as service providers and students as customers. Examples of this trend are currently visible in the academic hiring and tenure process where the outcomes of students' evaluations of teaching (SET) are taken into account and thereby affecting the career prospects of new academics. Research has cast a light on the gendered aspects of teaching and SET. Hence, men are more likely than women to teach the latter part of the undergraduate studies and graduate studies while women more than men teach introductory courses. This relates to women's status within universities where they are more likely to be found in the lower precarious academic positions. In 1996 gender studies became an independent study program at the University of Iceland while at the same time offering a selection of elective courses in other lines of study. In 2010 a mandatory course in gender studies was offered for the first time at the Faculty of Political Science. Our presentation revolves around the analysis of 28 SETs of one teacher in gender studies collected during an 8 year time period. We compare data from elective and mandatory courses, taught at different levels of instruction. We find that students in the mandatory course are less positive towards the course and the teaching. These findings will further be discussed in light of pedagogies of discomfort and women's precarious position within universities.

Gyða Margrét Pétursdóttir
Thamar Melanie Heijstra

Áhrif kreppunar á lífskjör ólíkra hópa og ólíkra landa

Markmiðið verkefnisins er að sýna hvernig kreppan hafði áhrif á lífskjör almennings í Evrópuríkjum og hvort og hvernig stjórnvöld beittu sér til að milda þau áhrif.

Þátttakendur eru frá öllum Norðurlöndunum fimm, Írlandi, Bretlandi, Spáni og Grikklandi. Verkefnið byggir á djúprannsóknnum á 9 löndum, sem fóru misjafnlega djúpt í kreppuna. Þá er gerður kerfisbundinn samanburður á áhrifum kreppunnar á lífskjör í um 30 Evrópulöndum, með sérstakri úrvinnslu á frumgögnum EU-SILC gagnasettsins. Það gerir kleift að þróa mismunandi mælingar á afleiðingum kreppunnar á hina ýmsu lífskjarþætti.

Við styðjumst sérstaklega við sambætta mælingu á fjárhagsþrengingum einstaklinga í þessum löndum, sem byggir á þremur breytum. Auk þess að sýna hversu misjafnlega einstök lönd komu út úr kreppunni gera gögnin einnig mögulegt að meta hvernig kreppan lagðist á einstaka þjóðfélagshópa í Evrópuríkjunum. Þannig má fá mynd af því hvernig kreppan lagðist í mismiklum mæli á meðlimi ólíkra tekjuhópa, stéttahópa, aldurshópa o.fl.

Niðurstöður sýna að kreppan lagðist með mestum þunga á lágtekjufólk (fólk í lægsta fimmtungi tekjustigans, fólk með minnsta menntun, atvinnulausa, öryrkja og innflytjendur). Greiningin sýnir hvernig lífskjaraáhrifin tengjast dýpt kreppunnar (umfangi efnahagssamdráttar) og aðgerðum stjórnvalda. Sérstaklega eru saman bornar ólíkar gerðir velferðarríkja. Í þróaðri velferðarríkjunum voru kreppuáhrifin mildari og þar sem niðurskurðaraðgerðum (austerity measures) var beitt í meiri mæli lenti kreppan með meiri þunga á lægri tekjuhópunum.

Stefán Ólafsson

Mat á fjárhagsþrengingum í Lífskjararannsókn Evrópusambandsins: Líkön, aðferðir og þróun

Lífskjararannsókn Evrópusambandsins (Survey of Income and Living Conditions; SILC) er fjölþjóðleg langsníðsrannsókn þar sem ýmsar spurningar um efnahagslegar aðstæður heimila eru lagðar fyrir. Rannsóknin er mikilvæg heimild um þróun fátæktar í Evrópu og samanburð milli landa.

Algengt er að meta fátækt með stökum atriðum spurningalista en líklega er um að ræða fjölvíða hugsmíð þar sem undirliggjandi (latent) breytur hafa áhrif á svör við einstökum atriðum spurningalistans. Því er eðlilegt að beita aðferðum sem meta sambönd milli mældra atriða til að koma auga á undirliggjandi breytur. Í þessari athugun var þessháttar aðferðum beitt til að meta fjárhagsþrengingar meðal svarenda Lífskjararannsóknar Evrópusambandsins.

Greiningin var gerð á gögnum allra landa sem tekið hafa þátt í Lífskjararannsókninni frá upphafi rannsóknarinnar. Fjárhagsþrengingar voru skilgreindar sem flokkabreyta og var því Latent Class Analysis (LCA) notuð til að flokka svarendur eftir því hvort þeir höfðu upplifað fjárhagsþrengingar eða ekki. Niðurstöðurnar gáfu til kynna fjölda heimila í hverju landi sem höfðu gengið í gegnum fjárhagsþrengingar á framkvæmdatíma rannsóknarinnar. Sjá má að þróun fjárhagsþrenginga var misjöfn eftir löndum yfir tíma og að á Íslandi var þróunin mismunandi eftir hópum.

Farið verður yfir aðferðir sem beitt var til að flokka einstaklinga sem höfðu upplifað fjárhagsþrengingar, samanburð líkana auk umfjöllunar um endanlegt líkan. Fjallað er um álitamál sem komu upp við greininguna og hvaða endurbætur má gera á líkaninu.

Anton Örn Karlsson

Börn og fjárhagsþrengingar á Íslandi, 2008- 2015

Í þessu erindi er fjallað um hvernig börnum á Íslandi vegnaði á milli 2008 og 2015.

Í kjölfar hrunsins lögðu stjórnvöld áherslu á að hlífa viðkvæmum hópum, s.s. öryrkjum, ellilífeyrisþegum og atvinnulausum, við áhrifum kreppunnar eins og kostur var. Aftur á móti er ýmislegt sem bendir til þess að börn og barnafjölskyldur hafi ekki verið talin í viðkvæmri stöðu að sama marki og ofangreindir hópar.

Við metum hvernig börnum vegnaði í samanburði við þessa hópa hvað varðar hvort heimili þeirra bjuggu við fjárhagsþrengingar eða ekki. Heimili í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands eru flokkuð með tilliti til fjárhagsþrenginga með greiningu undirliggjandi hópa (e. latent class analysis) út frá tekjum, skorti á efnislegum gæðum og erfiðleikum við að láta enda ná saman.

Niðurstöðurnar benda til þess að börn hafi orðið fyrir meiri áhrifum af kreppunni en fullorðnir almennt sem og eftirlaunaþegar og atvinnulausir en að hagur þeirra hafi vænkast hraðar eftir að efnahagslífið fór að rétta úr kútnum. Börn einstæðra foreldra og börn sem bjuggu á heimilum sem þáðu örorkubætur urðu fyrir meiri áhrifum af kreppunni en önnur börn. Þá benda niðurstöðurnar til þess að áhrif húsnæðiskostnaðar á fjárhagsþrengingar heimila barna hafi aukist frá því fyrir hrún.

Kolbeinn Stefánsson
Anton Karlsson
Lovísa Arnardóttir

Viðbrögð stjórnvalda og velferð almennings í Evrópu

Alþjóðlega fjármálakreppan sem hófst árið 2007 og náði hámarki 2008-09 hafði umtalsverð neikvæð áhrif á lífskjör almennings í Evrópu. Leiddi kreppan með beinum hætti til aukningar á atvinnuleysi og efnahagslegs óöryggis, en jafnframt takmarkaði hún fjárhagslegt svigrúm stjórnvalda til að mæta slíkum lífskjarabreytingum með afgerandi hætti. Í erindinu verður leitast við að svara hvernig ólík stjórnvöld í Evrópu brugðust við áhrifum kreppunnar á velferð almennings og að hve miklu leyti slík viðbrögð voru sambærileg á milli landa. Jafnframt verður fjallað um hvort þættir á borð við velferðarkerfi, efnahagslega velmegun og dýpt kreppunnar hafi skilyrt viðbrögð stjórnvalda með kerfisbundnum hætti. Erindið byggir á gagnabanka um stefnuviðbrögð stjórnvalda í Evrópu og tölulegum gögnum frá opinberum aðilum.

Agnar Freyr Helgason

Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna og unglunga: Umbreytingarannsókn*

Í fyrirlestrinum verður greint frá nýrri rannsókn sem beinist að lífsgæðum og þátttöku fatlaðra barna og unglunga á Íslandi. Stuðst er við félagsleg- og menningarleg sjónarhorn. Rannsóknin er umbreytingarannsókn og byggir á blönduðu raðbundnu sniði. Bætt verður við fyrirbyggjandi megindleg gögn með matslistunum KIDSCREEN-27 og Participation and Environment Measure og þeim niðurstöðum fylgt eftir með nýjum og umfangsmiklum eigindlegum gögnum. Raddir og reynsla fatlaðra barna verða í brennidepli en jafnframt verður leitað eftir sjónarhornum foreldra og annarra lykilaðila til að auka skilning á lífi barnanna og aðstæðum. Leitast verður við að greina sameiginlega þætti og það sem skilur að í reynslu og aðstæðum þátttakenda. Sérstök áhersla verður lögð á það sem styður við eða dregur úr lífsgæðum og þátttöku fatlaðra barna og unglunga – og að auka skilning á hvernig þeim ferlum er viðhaldið. Niðurstöður verða samþættar í gegnum fræðileg sjónarhorn þar sem einkum er byggt á gagnrýnum kenningum innan fötlunarfræði, félagsfræði bernskunnar og hugtökum Bourdieu. Þannig mun rannsóknin auka fræðilegan skilning á hvernig þekking og völd tengjast fötlun í barnæsku, og hvernig hugmyndir um annars vegar „hið eðlilega“ og hins vegar um „frávik og fötlun“ mótast. Jafnframt verður varpað ljósi á mikilvæga þætti hugsmíðanna „lífsgæði“ og „þátttaka“, og á tengsl þeirra og birtingarmyndir í mismunandi samhengi.

Snæfríður Þóra Egilson
Linda Björk Ólafsdóttir
Anna Sigrún Ingimarsdóttir
Freyja Haraldsdóttir

* Rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði.

Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna í ljósi gagnrýnna fötlunarfræða: Kenningar og hugtök*

Á síðustu árum hafa sjónir beinst í auknu máli að lífsgæðum og þátttöku fatlaðra barna. Niðurstöður meginlegra rannsókna hafa sýnt fram á takmarkaða þátttöku barnanna við ýmsar aðstæður og að sjónarhorn barna og foreldra þeirra geta verið mjög ólík. Það að börn meti lífsgæði sín og þátttöku öðruvísi en foreldrar þeirra endurspeglar að hugtökin tvö séu að hluta til huglæg og skilgreind af ólíkum aðilum með tilliti til aðstæðna. Gagnrýnin fötlunarfræði hentar vel til að dýpka skilning á þessum hugtökum út frá samhenginu hverju sinni, valdatengslum og samtíðunum við aðra þætti í lífi barnanna, til dæmis kyn, stétt og þjóðerni. Í þessum fyrirlestri kynnum við gagnrýna fötlunarfræðilega nálgun rannsóknarverkefnis sem ber heitið Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna- og unglunga – umbreytingarannsókn og er styrkt af Rannsóknasjóði. Í kenningarlegu nálguninni sem verður kynnt er litið er á „lífsgæði“ og „þátttöku“ sem sveigjanleg hugtök sem tengjast félagslegu samhengi. Unnið er með sjálfskilning barna og orðræðu um barnæskuna til að greina hvernig hugtökin fá merkingu í samskiptum barna og annarra, t.d. foreldra og fagmanna. Auk þess er stuðst við kenningu Bourdieu um félagslega og menningarlega endursköpun sem gerir kleift að skilja valdatengslin sem viðhalda ákveðnum viðhorfum um þátttöku og lífsgæði. Þessi kenningarlega nálgun er nýjung í fötlunarfræðilegum rannsóknum sem hjálpar til að skilja betur þarfir fatlaðra barna fyrir stuðning og þjónustu.

Stefan C. Hardonk

*Rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði.

Líðan og lífsgæði 8-18 ára barna með hreyfihömlun*

Í fyrirlestrinum verður greint frá fyrstu meginlegu niðurstöðum rannsóknarinnar Lífsgæði og þátttaka fatlaðra barna og unglinga: Umbreytingarannsókn. Um lýsandi samanburðarþversnið var að ræða þar sem upplifun 8-18 ára barna með hreyfihömlun á líðan og lífsgæðum sínum var könnuð. Auk þess var mat foreldra barnanna skoðað og borið saman við sjálfsmat barna. Gögnum var safnað með lífsgæðamatslistanum KIDSCREEN-27 sem metur lífsgæði barna á fimm víddum: Hreyfiathafnir og heilsa, Líðan og sjálfsmynd, Fjölskylda og frjáls tími, Vinir og Skóli og Nám. Úrtakið samanstóð af öllum börnum með hreyfihömlun á þessum aldri sem höfðu fengið þjónustu frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og voru með greindartölu ≥ 80 . Svarhlutfallið var um 43%. Niðurstöður sýndu að börnin voru almennt sátt við líðan sína og lífsgæði. Lægstu skorin voru í víddinni Hreyfiathafnir og heilsa þar sem lífsgæðin voru á mörkum þess að vera minni en almennt gerist. Sjálfsmat barna var hins vegar marktækt hærra en mat foreldra í öllum víddum nema Fjölskylda og frjáls tími og töldu foreldrar fleiri umhverfis- og einstaklingsbundna þætti draga úr lífsgæðum barna sinna en börnin sjálf. Fyrirhugað er að fylgja þessum meginlegu niðurstöðum eftir með eigindlegum aðferðum til að rýna nánar í hugsmíðarnar „lífsgæði“ og „þátttaka“ og fá sem heildstæðustu mynd af lífi og líðan barna með hreyfihömlun á Íslandi.

Linda Björk Ólafsdóttir

*Rannsóknin er styrkt af Rannsóknasjóði.

Hreyfanleiki kyngervanna: að ögra eða staðfesta hugmyndir samfélagsins

Í verkefninu er skoðaður kynjaður líkamleiki (gendered embodiment) í ljósi þess hreyfanleika (transitioning) sem einkennir kyngervi fólks. Sjónum er sérstaklega beint að hinsegin fólki og hvernig það skapar sér sjálfsmynd með hliðsjón af kyni, kynhneigð, kyngervi og kynvitund. Skoðað verður hvernig hinsegin fólk metur stöðu sína í samfélaginu með hliðsjón af bakgrunnsbreytum svo sem kyni, aldri og félagslegri stöðu. Verkefnið byggist á alþjóðlega spurningalistanum International Social Survey Program (ISSP) 2014, sem fjallar um þegnrétt (citizenship) og á 55 viðtölum við hinsegin fólk tekin á árunum 2013-2015. Viðtölin varpa frekara ljósi á sköpun sjálfsmýndar með hliðsjón af hreyfanleika kyngervanna, svo sem gagnvart karlmennsku og kvenleika og tilraunum fólks og möguleikum til að yfirstíga kynjatvíhyggju.

Þorgerður Einarsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir
Svandís Anna Sigurðardóttir

Ekki vera eins og þú ert: Kynferðiseinelti og mótun kvenleikans

Kynferðiseinelti er einelti sem beinist að kynferði þess sem fyrir því verður, undir þeim formerkjum að viðkomandi sýni ekki ásættanlegan kvenleika eða karlmennsku. Einelti af þessu tagi hefur lítið verið skoðað með fræðilegum hætti hérlendis. Í erindinu er gerð grein fyrir kynferðiseinelti og upplifun ungmenna sem hafa af því reynslu. Leitast er eftir að svara spurningunum: Hvað er kynferðiseinelti, hvernig birtist það í íslenskri skólamenningu og hverjar eru afleiðingar þess? Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt en gagnasöfnun fór fram í formi hálfstaðlaðra einstaklingsviðtala. Tekin voru viðtöl við níu ungmenni sem upplifað höfðu kynferðiseinelti á skólagöngu sinni. Leitað var eftir þátttöku einstaklinga sem höfðu upplifað kynferðiseinelti á skólagöngu sinni með því að birta „auglýsingu“ á samskiptamiðlinum Facebook. Niðurstöðurnar sýna að kynjamisrétti meðal unglinga virðist hunsað í íslenskri skólamenningu og að síður sé tekið á því einelti sem beinist að kynferði brotáþola en öðru einelti. Kynferðisleg áreitni og druslustimplun eru meðal birtingarmynda kynferðiseineltis og virðast eiga þátt í mótun kvenleikans. Niðurstöðurnar benda enn fremur til þess að nauðsynlegt sé að vinna með skólamenninguna í heild til þess að hægt sé að taka á og koma í veg fyrir kynferðiseinelti.

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

Upplifun ungra karla á kynlífsmenningu framhaldsskólanema

Kynlífsmenning innan félagslífs framhaldsskólanema hefur breyst hratt á undanförunum árum. Með öflugri internettengingu og tilkomu samfélagsmiðla hefur umræða um kynferðismál breyst og er hún óþvingaðri en áður. Á sama tíma hefur aðgangur að klámi aldrei verið eins óheftur og hafa rannsóknir sýnt að drengir sérstaklega byrja afar ungir að horfa á klám. Misjafnt hefur verið hversu markvissa kynfræðslu nemendur fá í grunnskólum í dag og margt sem bendir til þess að drengir leiti í klám sem uppsprettu þekkingar. Í erindinu verður rýnt í upplifun ungra karla á þeirri kynlífsmenningu sem ríkir í framhaldsskólum í dag. Ljósi verður varpað á þá þætti sem helst hafa áhrif á upplifun þeirra á kynlífsmenningunni. Sagt verður frá eiginlegri rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við tólf unga karla, tvö rýnihópaviðtöl og sex einstaklingsviðtöl. Um hálfopin viðtöl var að ræða en stuðst var við sama spurningarlista og í samskonar rannsókn sem varpaði ljósi á upplifun stúlkna á kynlífsmenningunni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að félagsþrýstingur hafi töluverð áhrif á kynlífsmenningu ungra karla ásamt klámneyslu sem einnig hefur mótandi áhrif. Ungir karlar telja ekki sömu reglur gilda um kynhegðun karla og kvenna og eru sammála um að strákum leyfist töluvert meira í kynferðislegum málefnum. Viðmælendur telja kynfræðslu verulega ábótavant í íslensku skólakerfi.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Pórður Kristinsson

*Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði Íslands og Forvarnarsjóði Reykjavíkurborgar.

Konur og karlar í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja á Íslandi og í Noregi

Árið 2015 voru Ísland og Noregur í efstu tveimur sætum árlegrar úttektar Alþjóðæfnaðagsráðsins á kynjajafnrétti. Ísland var aftur á móti í 29. sæti og Noregur í 39. sæti þegar kom að jafnrétti í æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja. Markmið rannsóknar minnar er að auka skilning á lágu hlutfalli kvenna í stjórnunarstöðum. Í erindinu mun ég fjalla um viðhorf stjórnenda á Íslandi og í Noregi til gefinna skýringa á lágu hlutfalli kvenna við stjórn atvinnulífsins. Einnig mun ég skoða hvort þeir álíti að jafnvægi í fjölskylduábyrgð, virkar ráðningarstefnur og jákvæð mismunun geti stuðlað að auknu kynjajafnvægi í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja. Byggt er á niðurstöðum könnunar sem send var til æðstu stjórnenda á Íslandi og í Noregi árið 2014 og 2015 og var unnið úr svörum frá 908 stjórnendum. Við greiningu gagna var stuðst við kenningar um framboð og eftirspurn (supply and demand) til að varpa ljósi á stöðuna. Helstu niðurstöður sýna að skýringar sem tengjast framboði (væntingar til kvenna) fá meiri stuðning hjá stjórnendum en skýringar á eftirspurn (hindranir í stofnunum). Hvað varðar að fjölga konum í framkvæmdastjórnnum þá álíta konur jafnvægi í fjölskylduábyrgð, virkar ráðningarstefnur og jákvæða mismunun vera mikilvægari leiðir en karlar til að stuðla að auknu kynjajafnvægi í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.

Laufey Axelsdóttir
Sigtona Halrynjo

*Rannsóknin hlaut styrk frá Rannís 2014-2017. Sigtona Halrynjo, hlaut einnig styrk frá The Norwegian Research Council og CORE - Centre for Research on Gender Equality.

Konur og karlar í stjórnendastöðum á Íslandi: Menning fyrirtækja og valdatengsl einstaklinga

Ísland er þekkt fyrir að teljast til þeirra landa þar sem jafnrétti er eitt það mesta í heiminum. Opinberar stefnur stjórnvalda miða að því að jafna stöðu kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Aukinheldur er gerð krafa um jafna þátttöku foreldra á uppeldi barna og á vinnumarkaði. Fjöldi kvenna á vinnumarkaði er 82% en þegar kemur að áhrifastöðum í samfélaginu eru þær í miklum minnihluta. Einungis 21,9% framkvæmdastjóra í starfandi fyrirtækjum árið 2015 voru konur. Í þessu erindi verða mögulegar ástæður á lágu hlutfalli kvenna í stjórnunarstöðum skoðaðar. Þá hvort og hvernig viðurkenndar venjur í samfélaginu (endur)skapa valda ójafnvægi á milli kvenna og karla í stjórnunarstöðum á Íslandi. Tvær skýringar (macro / micro) eru lagðar til grundvallar; venjur/menning fyrirtækja og valdatengsl einstaklinga. Rannsóknin byggir á niðurstöðum spurningalista sem sendur var til forstjóra og framkvæmdastjóra 250 stærstu fyrirtækja undir lok árs 2014. Aukinheldur byggir hún á 52 viðtölum við konur og karla í stjórnendastöðum, tekin á árunum 2010 - 2017.

Niðurstöður leiða í ljós að þrátt fyrir hið mikla kynjajafnrétti sem ríkir hér á landi, taka konur í stjórnendastöðum meiri ábyrgð á fjölskyldu samhliða vinnu en karlar í sams konar starfi. Konur í valdastöðu þurfa alla jafna að leggja harðar að sér til að láta þetta tvennt, fjölskyldu og atvinnu, ganga upp. Þessi þversögn er á skjön við þá jafnréttishugmyndafræði sem ríkir á Íslandi.

Ólöf Júlíusdóttir
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

Búsetumynstur karla og kvenna í stjórnendastöðum

Stjórnendur stærri íslenskra fyrirtæka eru líklegri til að búa í tilteknum hverfum en öðrum, auk þess um er að ræða ákveðna búsetueinsleitni innan einstakra fyrirtækja. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort búsetudreifing kvenstjórnenda sé frábrugðin dreifingu karlstjórnenda, en samspil búsetu og kynferðis er áhugavert í ljósi kenninga um fjölbreytni í æðstu stjórnendastöðum. Mismunandi rök hníga annars vegar að því að meiri og minni einsleitni finnist í búsetu kvenstjórnenda. Annars vegar er mögulegt að fyrirtæki sem leggja áherslu á fjölbreytni beini sjónum sínum að fjölbreytni í víðu samhengi sem kynni þá að valda minni einsleitni meðal kvenstjórnenda. Hins vegar er mögulegt að þegar nýr stjórnandi sé „óhefðbundinn“ á einn mælikvarða (svo sem kynferði) gæti meiri íhaldssemi á aðra mælikvarða (svo sem búsetu). Í rannsókninni er byggt á gögnum sem safnað var með könnun hjá stjórnendum stærstu fyrirtækja á Íslandi og eru þau greind með meginlegum aðferðum. Niðurstaða rannsóknarinnar er að búsetueinsleitni karla og kvenna er svipuð yfir það heila, en samspil aldurs og búsetueinsleitni er þó frábrugðið eftir kynjum. Konur sem segjast vera virkar í félagsstörfum og að félagsleg tengsl hafi gagnast þeim sýna meiri búsetueinsleitni en aðrar konur og þessi munur er meiri en sambærilegur munur hjá karlmönnum. Niðurstöðurnar eru í samræmi við kenningar um að aukinni fjölbreytni á einn mælikvarða kunni að fylgja minni fjölbreytni á aðra mælikvarða.

Þorgerður Einarsdóttir
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Magnús Þór Torfason
Margrét Sigrún Sigurðardóttir

*Rannsóknin er styrkt af Aldarafmælistjóði Háskóla Íslands og RANNÍS 2014-2017.

Sambúð/arvandi virkjana og ferðapjónustunnar

Umfang ferðapjónustu í hagkerfinu hefur aukist mjög á undanförunum árum sem og fyrirferð greinarinnar í samfélagumræðunni. Eitt af því sem einkennir ferðapjónustuna er hversu flókin hún er og eru ferðapjónustuaðilar fjölbreyttur hagsmunahópur enda er staðsetning þeirra og starfsemi breytileg. Það sama gegnir um hagsmuni greinarinnar og annarra atvinnugreina og lendir ferðapjónustan stundum í samkeppni við aðrar atvinnugreinar um náttúruauðlindir. Í tilfalli ferðapjónustunnar takast því oft á tíðum á mörg ólík sjónarmið sem varða hagsmuni margra ólíkra hagsmunaaðila með mismunandi hætti. Í rannsókninni sem hér er kynnt verður kenningum um ákvarðanatöku í opinberri stefnumótun beitt til að varpa ljósi á mismunandi sjónarmið og hagsmuni ferðapjónustunnar. Viðfangsefnið eru virkjunarhugmyndir sem eru til umfjöllunar í 3. áfanga rammaáætlunar. Kynnt er niðurstaða netkönnunar og viðtala við ferðapjónustuaðila þar sem varpað er ljósi á viðhorf þeirra til virkjunarhugmynda. Þau eru síðan borin saman við fyrirliggjandi gögn um viðhorf ferðamanna annars vegar og hins vegar mat sérfræðinga í faghópi 2 í 3. áfanga rammaáætlunar á áhrifum einstakra virkjunarhugmynda.

Niðurstöður sýna að ferðapjónustuaðilar eru almennt neikvæðir gagnvart frekari uppbyggingu virkjana, sérstaklega á hálendinu og eru neikvæðari en ferðamenn gagnvart uppbyggingu allra raforkumannvirkja nema vindmylla. Nokkuð ósamræmi er milli viðhorfa ferðapjónustuaðila til einstakra virkjunarhugmynda og faghóps 2 á áhrifum sömu virkjunarhugmynda. Mest ósamræmi er vegna hugmynda um vindorkuver norðaustan við Búrfell sem ferðapjónustuaðilar telja síst hafa neikvæð áhrif á ferðapjónustuna á meðan faghópurinn telur það hafa mest neikvæð áhrif af þeim virkjunarhugmyndum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar.

Anna Dóra Sæþórsdóttir
Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir

Vandinn við að leggja mat á samfélagsleg áhrif - Árekstrar milli mismunandi aðferða

Mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta var verkefni faghóps 3 í þriðja áfanga rammaáætlunar sem skilaði niðurstöðum til verkefnisstjórnar og mótaði heildstæðar lokatillögur til umhverfisráðherra 2016. Faghópurinn rannsakaði samfélagsleg áhrif út frá þverfaglegum sjónarhornum og kannaði hvernig samfélagslegt mat virkjunarkosta gæti verið unnið í samráði við íbúa viðkomandi svæða. Hlutverk faghópsins var að móta aðferðafræði við matsgerðina og markmið erindisins er að draga saman vandkvæði sem komu upp við mat samfélaglegra áhrifa. Tilgangurinn með því er að þróa aðferðafræðina áfram þannig að framkvæmd fjórða áfanga geti byggt á niðurstöðum og lærdómi af fyrra mati.

Samfélagsleg áhrif virkjunarkosta fela í sér mat á nýtingu landsvæða, þar með talið verndun. Hingað til hefur almennt verið álitð að það að virkja ekki feli ekki í sér nýtingu. Á sama hátt og auð svæði milli bygginga fela í sér fermetra sem ekki teljast til nýtingar svæðisins og er ekki að finna sem skráða eign (skilgreinda á efnahagsreikningi). Þessi breyting sem krefst nýrrar sýnar og ólíkrar aðferðafræði en við hefðbundið mat á áhrifum. Sú aðferðafræði er ómótuð, sem kallar á gagnaöflun fyrir matið samhliða þróun aðferðafræðinnar og að mismunandi aðferðir séu notaðar samhliða. Þetta ferlið veldur árekstrum sem gerð er grein fyrir í erindinu og þann lærdóm sem af þeim má draga til þróunar bættra aðferða við matsgerðir til framtíðar.

Ásgeir Brynjar Torfason

Að móta aðferðafræði við mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta. Lærdómurinn af starfi faghóps 3 í 3. áfanga rammaáætlunar

Í lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun segir að leggja skuli „mat á verndar- og orkunýtingargildi landsvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar“. Þetta einfalda ákvæði laganna reynist þegar nánar er að gáð all snúið í framkvæmd, ekki síst hvað varðar mat á samfélagslegum áhrifum nýtingar/verndunar. Þegar kemur að stærri virkjunarkostum má búast við að afleiðingar ákvarðana, af eða á, hafi margháttuð áhrif á einstaklinga og samfélög, sem flókið getur verið að meta. Vandasamar spurningar vakna um hvaða samfélagslegu áhrif umfram önnur eigi að taka til mats og hvaða aðferðum eigi að beita við það mat. Jafnframt geta vaknað spurningar sem eru siðferðilegar og stjórnmálalegar í eðli sínu, til dæmis um hvað eigi að teljast æskileg og óæskileg samfélagsleg áhrif. Í þessu erindi verður farið yfir störf faghóps 3 í 3. áfanga rammaáætlunar, sem undirritaður stýrði, en faghópnum var falið að móta aðferðafræði við mat á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta í 3. áfanga. Erindið er þáttur í yfirstandandi þverfaglegri rannsókn sem er framhald af vinnu faghópsins, og þeim félagsvísindalegu og hugvísindalegu rannsóknum sem hann stóð fyrir á samfélagslegum áhrifum virkjunarkosta. Endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir en þær munu meðal annars byggjast á frekari úrvinnslu úr gögnum og niðurstöðum faghópsins.

Jón Ásgeir Kalmansson

Samfélagsleg áhrif: Tenging við svæði, hópa og málefni í rammaáætlun

Yfirgripsmikil hugtök eins og sjálfbær þróun og samfélagsleg áhrif þjóða upp á mismunandi túlkanir og tengingar í umfjöllun um ágreiningsefni eins og orkunýtingu eða verndun landsvæða. Í erindinu er rýnt í hvaða merking er lögð í samfélagsleg áhrif virkjanaframkvæmda og verndunar, í efni frá 3. áfanga rammaáætlunar, og hvaða landfræðilega kvarða samfélagsleg áhrif eru tengd við. Er verið að vísa til ákveðinna hópa á afmörkuðu svæði, þjóðina sem heild eða samfélag jarðarbúa? Einnig er greint hvaða málefni eru tengd við ákveðin svæði og hópa í umfjölluninni. Unnið er bæði með gögn úr vinnu faghóps III, í 3. áfanga rammaáætlunar, sem fékk það verkefni „að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið ...“ og innsendar umsagnir við drög að niðurstöðum verkefnastjórnar rammaáætlunar. Gögn faghópsins leituðust við að fanga viðhorf almennings (íbúa á ákveðnum svæðum og þjóðarúrtaks), en flestar umsagnirnar bárust frá samtökum, sveitarfélögum og orkufyrirtækjum. Í ljósi mismunandi túlkana og tenginga, vakna óneitanlega spurningar um hvort og hvernig hægt er sameinast um aðferð við mat á samfélagslegum áhrifum sem dregur úr ágreiningi um efnið.

Magnfríður Júlíusdóttir

Afstaða Íslendinga til utanríkis- og öryggismála

Afstaða Íslendinga til öryggismála hefur lítið verið rannsökuð frá því í lok kalda stríðsins. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður könnunar um afstöðu til og hugmynda um utanríkis- og öryggismál, en Félagsvísindastofnun HÍ vann könnunina í nóvember og desember 2016. Niðurstöður könnunarinnar eru settar í samhengi við þróun í öryggisfræðum, þá sérstaklega verufræðilegt öryggi (ontological security), öryggisvæðingu (securitization) og mikilvægi svörunar (answerability) við henni. Helstu niðurstöður eru að almenningur á Íslandi telur öryggi sínu helst stafa ógn af efnahagslegum og fjárhagslegum óstöðugleika og náttúruhamförum, en telur litlar líkur á því að hernaðaráttök eða hryðjuverkaárásir snerti landið beint. Þessar niðurstöður eru í litlu samræmi við helstu áherslur stjórnvalda í öryggismálum og því mikilvægt að stjórnvöld átti sig á því hvernig hægt er að tryggja það að almenningur sé meðvitaður um þær forsendur sem áhættumat og öryggisstefna grundvallast á. Þá eru nýliðnir atburðir, þ.e. aukinn vopnaburður lögreglu, skoðaðir í ljósi öryggisvæðingar og til þess notuð könnun sem Maskína framkvæmdi á vordögum 2017. Þar má greina skýra svörun almennings við öryggisvæðingartilraunum valdhafa, þótt tölurverður munur sé á milli hópa.

Silja Bára Ómarsdóttir

Greining á þjónustu við flóttafólk

Á síðustu árum hefur fjöldi flóttafólks sem fær vernd á Íslandi aukist umtalsvert. Bæði hafa íslensk stjórnvöld tekið á móti fleira kvótaflóttafólki en áður en einnig hefur fjöldi hælisleitanda sem sækjast eftir vernd hér á landi aukist verulega. Til þess að flóttafólki vegni vel hér á landi er mikilvægt að þjónusta við þennan hóp sé rannsökuð og greind svo hægt sé að endurmeta hana og þróa eftir þörfum þeirra sem nota þjónustuna.

Í erindinu mun vera fjallað um niðurstöður skýrslu sem Alþjóðamálastofnun vann fyrir innanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið árið 2016 þar sem gæði þjónustu við flóttafólk voru greind. Í skýrslunni var leitast við að fá fram viðhorf flóttafólksins sjálfs á þjónustunni bæði með hópviðtölum og spurningakönnun. Þá voru tekin viðtöl við starfsfólk sem vinnur við þjónustu við flóttafólk, auk þess sem þjónusta við flóttafólk á Íslandi var borin saman við þjónustu við þennan hóp í nágrannalöndunum. Að lokum voru settar fram tillögur að mögulegum umbótum á málefnum útlendinga og innflytjenda almennt. Í erindinu verður sérstök áhersla lögð á niðurstöður greiningar á viðtölum við starfsfólk sem vinnur með flóttafólki dagsdaglega. Hvað sér starfsfólkið sem styrkleika í kerfinu, hverju er ábótavant og hvernig sjá viðmælendur fyrir sér að bæta mætti þjónustuna við flóttafólk hér á landi. Auk þess sem tekin verða dæmi um hvernig þjónustunni er háttað í nágrannalöndunum í kringum okkur.

Auður Birna Stefánsdóttir

Friðarfræðsla og fordómaleysi

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands var formlega stofnað í október 2016 og stóð í fyrsta sinn fyrir sumarnámskeiði 19. - 23. júní 2017 í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Rauða krossinn og Háskóla unga fólksins. Markmið sumarnámskeiðsins var að styrkja nærsamfélög Reykjavíkurborgar og vinna gegn fordómum og mismunum með því að stuðla að auknum samskiptum barna af ólíkum uppruna. Börnin sóttu vikulangt námskeið í Fellaskóla þar sem lagt var upp með að efla færni þeirra í að greina og leysa úr átökum á friðsamlegan hátt, tileinka sér gagnkvæma virðingu og samvinnu og auka þekkingu þeirra á mannréttindum, orsökum átaka og friði. Í erindinu verður leitast við að draga lærdóm af námskeiðinu og námsefnið sett í samhengi við umræðu innan friðarfræða um mismunandi nálganir og áherslur í friðarfræðslu. Þá verður einnig vikið að ályktunum Sameinuðu þjóðanna um friðarfræðslu og mikilvægi hennar í að skapa friðarmenningu og réttlát samfélög.

Auður Örlygsdóttir

Frá vopnaskaki til friðaruppbyggingar: Aðkoma fyrrverandi búrúndískra hermanna og skæruliða að friðaruppbyggingu

Í rannsóknum sem lúta að fyrrverandi hermönnum og skæruliðum er oftast dregin upp mynd af þeim sem ógn við friðaruppbyggingu. Lítið er um að sjónum sé beint að mögulegum jákvæðum áhrifum þeirra í þessu samhengi. Þessi rannsókn lýtur að aðlögun fyrrverandi hermanna og skæruliða í Búrúndí að nýju lífi eftir borgarastyrjöldina þar í landi. Rannsóknin byggir á 160.000 orðum af vettvangsnótum, 18 einstaklingsviðtölum og 4 rýnihópaviðtölum við fyrrverandi hermenn og skæruliða.

Í erindinu er greint frá aðkomu fyrrverandi hermanna og skæruliða að friðaruppbyggingu. Flestir viðmælendurnir sögðust þekkja stríð manna best og væru þar af leiðandi þeir síðustu sem myndu taka þátt í slíku á ný. Margir viðmælenda tóku jafnframt virkan þátt í friðaruppbyggingu. Eins mótsagnakennt og það má virðast voru tilgreindar ástæður fyrir því að hafa tekið þátt í stríðinu og því að vinna nú að friði mjög áþekkar. Viðmælendur vildu leggja sitt á vogarskálarnar fyrir betra og réttlátara samfélag og var það bæði nefnt sem ástæða fyrir þáttöku í stríðinu og við friðaruppbyggingu. Ýmislegt bendir til þess að fyrrverandi hermenn séu vannýttur kraftur í friðaruppbyggingu.

Guðrún Sif Friðriksdóttir

*Rannsóknin er styrkt af Rannís, The Nordic Africa Institute og Þróunarsamvinnustofnun.

Meginreglur fjöleignarhúsalaga

Lögin um fjöleignarhús nr. 26/1994 eru viðamesta löggjöf íslensk réttar sem tekur til einstaks og sérstaks sviðs sameignar. Lögin eru ekki síst þýðingarmikil þar sem að þau fjalla um eignarform sem meirihluti landsmanna varðveitir í aleigu sína. Lögin frá 1994 skruppu þó ekki alsköpuð úr höfði Seifs heldur hefur löggjöf á þessu sviði verið að þróast síðan um miðja síðustu öld, samfara þeim breytingum sem urðu á búsetuháttum þjóðarinnar í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar sem lýstu sér ekki síst í stórfelldum flutningum „á mölina“ með nýju búsetuformi. Hugað verður því að forsögunni og eldri lögum á þessu réttarsviði frá árunum 1959 og 1976 og hvernig löggjöf, sem í upphafi var hrein íslensk nýsmíði, hefur þróast og tekið breytingum á þeim liðlega 60 árum sem liðin eru.

Þess verður síðan freistað að gera stuttlega grein fyrir nokkrum meginþáttum laganna, svo sem gildissviði þeirra; lagalega hugtakinu fjöleignarhúsi; grundvelli séreignar, sameignar og sameignar sumra; hlutfallstölu og eignaskiptayfirlýsingu; reglum um ákvarðanatöku og kostnaðarskiptingu; hlutverki húsfélags og ákvarðanatöku á vettvangi þess o.fl. Það er jafnframt áhugavert við þá skoðun að greina það með hvaða hætti reglur á sviði fjöleignarhúsalaga hafa þróast á annan veg en meginreglur íslensk réttar um sérstaka (óskipta) sameign.

Loks verður því velt upp hvort lögin þarfnist endurskoðunar og hvar skóinn kreppi þá helst við framkvæmd laganna að óbreyttu.

Karl Axelsson

Hagnýting séreignar í fjöleignarhúsum og nábýlisréttarleg álitamál henni tengd

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga um fjöleignarhús, nr. 26/1994, hefur eigandi séreignar í fjöleignarhúsi einn rétt til hagnýtingar og umráða yfir séreign sinni. Réttur eiganda til að nýta séreign sína með þeim hætti sem hann kys sætir þó tilteknum takmörkunum, enda ber eigendum fjöleignarhúsa jafnframt skylda til að taka eðlilegt og sanngjarnt tillit til annarra eigenda við hagnýtingu séreignar sinnar, sbr. 3. tölul. 13. gr. laganna. Í fyrrnefndu ákvæði 26. gr. laganna er meðal annars vísað til annarra ákvæða laganna og óskráðra reglna nábýlisréttar í þessu samhengi.

Í erindinu verður fjallað um þær reglur sem lúta að rétti eigenda og afnotahafa fjöleignarhúss til athafna á séreign sinni og réttarstöðu þeirra gagnvart eigendum og afnotahöfum annarra séreignarhluta í húsinu. Við þá skoðun verða annars vegar í forgrunni einstök ákvæði fjöleignarhúsalaganna og hins vegar reglur nábýlisréttarins, sem í meginatriðum eru ólögfestar, auk þess sem litið verður til dómafordæma og niðurstaðna kærunefndar húsamála. Er ætlunin að skoða samspil þessara tveggja réttarsviða og varpa ljósi á það hvaða réttarreglur gilda um nýtingu séreignar í fjöleignarhúsi, að hvaða marki þær leiðir beint af lögfestum reglum fjöleignarhúsanna og að hvaða marki reglur nábýlisréttarins koma þar við sögu.

Helga Sigríður Þórhallsdóttir
Helgi Áss Grétarsson

Breytt hagnýting séreignar í fjöleignarhúsi

Árið 1994, með setningu fjöleignarhúsalaga, nr. 26/1994, voru tekin upp nýmæli í íslenska löggjöf er lúta að breytingum á hagnýtingu séreignar. Helstu rökin fyrir setningu nýmælanna voru byggð á því að breytt nýting séreignar, einkum atvinnustarfsemi í húsnæði sem ætlað er til íbúðar, hafði verið tilefni óþrjótandi deilna í fjöleignarhúsum.

Með lagasetningunni voru hagsmunir annarra eigenda af því að fá notið eigna sinna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi hafði verið ráðgert og þeir máttu reikna með, látnir vega þyngra en hagsmunir fasteignareiganda af því að geta hagnýtt eign sína á þann veg sem honum sýnist. Áður hafði samþykki meðeigenda þannig ekki verið áskilið fyrir breyttri nýtingu en eftir gildistöku laganna þarf eigandi að fá samþykki meðeigenda sinna fyrir breyttri hagnýtingu eftir nánari fyrirætlum ákvæðis 27. gr. fjöleignarhúsalaga.

Í erindinu verður fjallað um nefnda breytingu á fjöleignarhúsalöggjöfinni og hvernig ákvæði 27. gr. fjöleignarhúsalaga hefur verið túlkað í framkvæmd. Dómi Hæstaréttar Íslands frá 8. júní 2017 í máli nr. 624/2016 verða gerð sérstök skil en þar krafðist húsfélag viðurkenningar á að íbúðareiganda væri óheimilt, án samþykkis allra sameigenda, að reka í íbúð sinni gististað, sem féll í flokk II í 3. mgr. 3. gr laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Auður Björg Jónsdóttir

Sálrænar afleiðingar af margþættri mismunun í íslensku skólakerfi

Fatlaðar konur um allan heim hafa orðið fyrir margþættri mismunun. Hún hefur komið í veg fyrir jöfn tækifæri þeirra til menntunar og annarrar samfélagsþátttöku og dregið úr líkamlegri og andlegri vellíðan. Erindið byggir á meistaranannsókn höfundar sem beinir sjónum að reynslu fatlaðra kvenna á Íslandi af margþættri mismunun. Sálrænar afleiðingar slíkrar mismununar eru í brennidepli, ásamt því hvernig konurnar andæfa því misrétti sem þær verða fyrir og hvernig þær sjá fyrir sér samfélagsumbætur. Rannsóknin byggir á níu eigindlegum viðtölum við fatlaðar konur á Íslandi. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að þáttakendur upplifa margþætta mismunun í ólíkum rýmum samfélagsins, m.a. í skólakerfinu, sem oft er bæði dulin og meiðandi. Sálrænu afleiðingarnar eru flóknar og mótsagnakenndar og birtast í gegnum þreytu, sorg, kvíða og ótta, reiði, tilfinningar um valdleysi, að vera öðrum háðar, hlutgervingu og afmennskun. Í erindinu verður sérstaklega varpað ljósi á reynslu kvennanna af margþættri mismunun í grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Fjallað verður um þær afleiðingar sem mismununin hefur haft fyrir geðheilsu þeirra og hvaða breytingar þær sjá fyrir sér á skólakerfinu, og viðmóti innan þess, svo þær hafi jöfn tækifæri til menntunar og fullrar þátttöku í samfélaginu.

Freyja Haraldsdóttir

Þroskaþjálfar í skóla án aðgreiningar: Fagleg sýn og reynsla

Stórt skref var stigið í mannréttindabaráttu fatlaðs fólks á Íslandi 21. september 2016 þegar Alþingi samþykkti að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skyldi fullgiltur. Samkvæmt samningnum felast skyldur fagstétta meðal annars í því að stuðla að eigin starfsþróun og þess umhverfis sem þær starfa í og afnema starfshætti sem ekki samræmast honum. Erindið sem hér er kynnt byggir á rannsókn höfunda á störfum og starfsþróun þroskaþjálfra á breiðum starfsvettvangi í ljósi þeirra mannréttindaákvæða sem í samningnum felast. Sjónum er beint að hlutverki og helstu áskorunum þroskaþjálfra er starfa innan grunnskólans í ljósi ákvæða 24. greinar samningsins sem fjallar um rétt til menntunar án aðgreiningar. Byggt er á félagslegu tengslasjónarhorni mannréttinda, faglegum og siðfræðilegum starfsviðmiðum þroskaþjálfra og menningarsögulegri starfsemiskenningu (CHAT). Gagna var aflað meðal starfandi þroskaþjálfra með spurningakönnun og rýnihópaviðtölum. Niðurstöðurnar sýna, að um helmingur þátttakenda í rannsókninni starfar innan skólakerfisins og gegna þar veigamiklu hlutverki við að styðja fötluð börn í námi og félagslegri þátttöku sem og önnur börn er þarfnast stuðnings í skólanum. Helstu áskoranir þroskaþjálfanna og togsreitur í starfi innan grunnskólans verða ræddar sem og þær lausnir sem þeir telja að geti stuðlað að farsælli þróun skólastarfs þar sem hverju barni er tryggður nauðsynlegur stuðningur til náms og félagslegrar þátttöku án aðgreiningar.

Vilborg Jóhannsdóttir
Jóna G. Ingólfssdóttir

Skóli án aðgreiningar sem námssamfélag: Hvað hafa þroskaþjálfar fram að færa?

Frá árinu 2008 hefur skóli án aðgreiningar verið opinber skólastefna hér á landi. Í kjölfar nýlegrar úttektar Skrifstofu Evrópumíðstöðvarinnar um skóla án aðgreiningar á framkvæmd stefnunnar hafa skapast miklar umræður í skólasamfélaginu. Í niðurtöðunum og umræðunni í kjölfar þeirra er hlutur þroskaþjálfra í skólaskrifstofunni lítt sýnilegur. Erindið byggir á rannsókn höfundar á störfum og starfsþróun þroskaþjálfra á breiðum starfsvettvangi. Rýnt er í skólahluta rannsóknarinnar með aðstoð meginreglna starfsemiskenningar Engeströms (Cultural-Historical Activity Theory - CHAT). Gagna var aflað með spurningakönnun og rýnihópaviðtölum við þroskaþjálfra er starfa innan skólakerfisins. Niðurstöður rannsóknarinnar voru síðan greindar með aðferðum CHAT. Samkvæmt CHAT er litið á skólann sem starfsemiskerfi og námssamfélag og var hlutverk þroskaþjálfra innan kerfisins skoðað í því ljósi. Þetta er gert með það að markmiði að koma auga á hvert framlag þroskaþjálfra til skólaskrifstofunnar er. Niðurstöðurnar benda meðal annars til að fagþekkingar þroskaþjálfra sé þörf innan skólakerfisins meðal annars vegna faglegrar áherslu þeirra á mannréttindi, heildræna sýn á nemandann og þau siðfræðilegu starfsviðmið að stuðla að virkri þátttöku allra í skólaskrifstofunni. Á grundvelli greiningar niðurstöðanna er kynnt hvað þroskaþjálfarnir telja að geti stutt við og hvað þeir telja hindra þróun og framkvæmd stefnunnar hér á landi.

Jóna G. Ingólfssdóttir
Vilborg Jóhannsdóttir

„Petta lotterí“: Samvinna foreldra barna með röskun á einhverfurófi við skóla og sérfræðinga

Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum litillar eigindlegrar rannsóknar þar sem viðtöl voru tekin við foreldra 6 barna með röskun á einhverfurófi. Rannsókninni er ætlað að vera fyrsta skref í stærri rannsókn með könnunarsniði. Tilgangur rannsóknarinnar í heild er að kanna samvinnu skóla, sérfræðinga og foreldra barna með röskun á einhverfurófi. Í þessum hluta er sjónum beint að reynslu foreldra. Tekin voru hálfopin viðtöl við foreldra 6 barna með röskun á einhverfurófi. Við greiningu gagna var beitt þemagreiningu og stuðst við vistkerfakenningu Bronfenbrenner.

Meðal niðurstaðna er að samvinna er nokkuð breytilega eftir alvarleika einkenna og þá um leið hversu ung börnin eru þegar þau fá formlega greiningu. Börn með vægari einkenni á rófinu greinast gjarnan mun síðar en þau sem hafa meiri einkenni, stundum ekki fyrr en í efri bekkjum grunnskóla. Tíminn fram að greiningu getur verið sérstaklega erfiður. Bæði foreldrum og starfsfólki skóla er ljóst að barnið glímir við einhvers konar vanda en það getur verið svolítið „lotterí“ eins og eitt foreldri orðaði hversu vel starfsfólk skóla kemur til móts við þarfir barnsins.

Jónína Sæmundsdóttir

Margbreytileiki brotthvarfsnemenda. Tengsl við námslegan stuðning og áhættuhegðun

Brotthvarf úr framhaldsskóla er óvenjumikið á Íslandi samanborið við önnur OECD ríki. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina ólíka áhættuhópa en rannsóknir á sviðinu eru gagnrýndar fyrir að líta á brotthvarfsnemendur sem einsleitán hóp. Slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð á Íslandi og mun varpa mikilvægu ljósi á mismunandi einkennum þeirra sem hverfa frá námi. Um er að ræða yfirgrípsmikla langtímarannsókn. Hún hófst árið 2007 og nær til 3470 nemenda á aldrinum 16 til 20 ára úr öllum framhaldsskólum landsins. Úrvinnsla byggist á klasagreiningu og tvíkosta aðhvarfsgreiningu. Niðurstöður okkar sýna að námsleg og félagsleg skuldbinding (student engagement), námsárangur og andleg líðan skipa nemendum sem hverfa frá námi í aðgreinanlega hópa. Brotthvarfshóparnir eru greindir eftir bakgrunni nemenda, þátttöku foreldra í námi þeirra og þörf fyrir stuðning skóla. Jafnframt er fjallað um tengsl við vissu nemenda um námval sitt, námserfiðleika, virkni í félagslífi og vímuefnaneyslu. Rannsóknin varpar ljósi á mikilvægi þess að forvarnir og inngrip taki mið af ólíkum einkennum brotthvarfsnemenda.

Kristjana Stella Blöndal
Atli Hafþórsson

„Er þá enginn sem hugsar um þau?“ Eftirfylgni við ungmenni í Noregi sem ekki eru í skóla eða vinnu.

Eftirfylgni með 16-21 árs ungmönnum sem hvorki eru í skóla eða vinnu hefur verið við lýði í Noregi í rúm tuttugu ár. Þegar úrræðinu var komið á fót var það bundið í lög og lagt upp með að ná sambandi við öll ungmenni í þessum sporum og bjóða þeim aðstoð til að finna kröftum sínum farveg. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á úrræðið Eftirfylgni í Hordaland, Noregi. Rannsóknin byggir á viðtölum við fjóra ráðgjafa, yfirmann Eftirfylgni og sex ungmenni sem voru ráðþegar. Niðurstöður sýndu að innan Eftirfylgni er ákveðið vinnulag til að nálgast ráðþega og vilji þeir aðstoð er hún veitt. Nokkur úrræði standa ráðþegum til boða. Ráðgjöfum bar saman um að skólakerfið ætti að hlúa betur að nemendum í vanda og að snemmtæk íhlutun skilaði góðum árangri. Þeir lögðu áherslu á að ráðgjöfin byggði á umhyggju og festu. Ráðþegarnir voru allir brotthvarfsnemendur, en voru komnir í framhaldsskóla eða önnur úrræði sem Eftirfylgni hafði haft milligöngu um. Viðhorf nemendanna til ráðgjafa Eftirfylgni einkenndust af virðingu og þakklæti og þeir virtust finna í ráðgjöfunum fullorðinn einstakling sem gott var að leita til. Framtíðarsýn flestra ráðþeganna var að ljúka framhaldsskóla, en það var að þeirra mati lykillinn að vinnumarkaðinum. Niðurstöður rannsóknarinnar geta komið að gagni við að koma á fót eftirfylgni við íslensk ungmenni, sem yrði nýjung á sviði náms- og starfsráðgjafar.

Lára Hreinsdóttir
Kristjana Stella Blöndal

„Nú veit ég svona nokkurn veginn hvað ég vil gera“: Vinna með námi og starfsferilsþróun framhaldsskólanemenda

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast þekkingu á reynslu framhaldsskólanemenda af samþættingu vinnu og náms. Lögð var áhersla á að kanna hvort nemendur teldu sig hafa hag af fyrri starfsreynslu fyrir komandi náms- og starfsferil. Tekin voru hálf-opin viðtöl við sjö framhaldsskólanemendur á aldrinum 18 til 20 ára sem vinna samhliða námi. Niðurstöðurnar sýna að þrátt fyrir að fjárhagslegur ávinningur hafi í raun verið megin ástæðan fyrir því að þau unnu samhliða námi, hafði starfsreynslan sem þeir öfluðu sér mun víðtækari áhrif. Í gegnum hlutastörf sín öðluðust ungmennin ákveðna starfshæfni og þekkingu sem þau sáu fram á að kæmi að góðum notum í framtíðinni. Starfsreynslan nýttist þeim einnig við skipulagningu á áframhaldandi námi og gerði þau reiðubúnari til að hefja störf á vinnumarkaði við lok skólagöngu, gaf þeim tækifæri til starfskönnunar og jók sjálfsþekkingu þeirra. Megin niðurstaðan er því sú, að starfsreynsla ungmenna skiptir máli fyrir náms- og starfsferilsþróun þeirra. Því er mikilvægt að þau fái tækifæri til að afla sér þekkingar og hæfni með atvinnuþátttöku samhliða námi. Vonast er til að rannsóknin skili foreldrum og öðrum þeim aðilum sem vinna með ungu fólki, á vettvangi náms og atvinnulífs, aukinni þekkingu á reynslu framhaldsskólanema af samþættingu vinnu og náms.

Brynja Dröfn Þórarinsdóttir

„Maður er bara sinn eigin skapari“

Markmið rannsóknarinnar var að öðlast innsýn í starfstengda sjálfsmynd nokkurra íslenskra ungmenna með því að kanna þátt hnattvæðingar og staðbundinnar menningar í mótun hennar. Gert var ráð fyrir að hnattvæðing væri fyrirferðarmeiri en staðbundin þættir. Að auki var rannsóknin frumtilraun til að beita frásagnarnálgun Dan P. McAdams (sjálfssaga eða narrative identity) á Íslandi og í því skyni að kanna starfstengda sjálfsmynd. Hálf-opin einstaklingsviðtöl voru tekin við sex 22 ára ungmenni. Helstu þemu voru dregin út með opinni og síðar markvissri kóðun samhliða gagnasöfnun og að henni lokinni. Helstu niðurstöður sýna, þvert á það sem talið var, að áhrif staðbundinnar menningar eru ríkjandi í starfstengdri sjálfssögu viðmælenda. Sagan byggir á hefðbundnum gildum fjölskyldu og nærsamfélags sem birtast í frásögunum af eigin ágæti, vinnusiðferði og mikilvægi tengslanets. Þar að auki má greina stef þjóðlegrar forlagatrúar þess efnis að þó framtíðin sé óljós í ótryggum heimi efast þau ekki um að allt fari vel að lokum. En heimssýn þátttakenda reyndist einnig fela í sér flest það sem talið er einkenna æviskeið ungmenna í hnattvæddum heimi. Heimurinn er opinn og fullur af tækifærum en óvissa og óöryggi vegna marg- og síbreytileika flækir mótun starfstengdrar sjálfsmýndar. Niðurstöður kunna að gefa vísbendingar um þætti sem valda ungmönnum vanda við náms- og starfsval sem birtist meðal annars í miklu brotthvarfi frá námi hér á landi.

Soffía Valdimarsdóttir

Sjónarhorn álfa: Áhrif álfatrúar á manggert umhverfi

Með rannsókninni er leitast við að varpa ljósi á efnisleg áhrif álfatrúar í íslensku samfélagi. Áhrifin birtast í fimmtíu og sjö ljósmyndum af stöðum víða um land þar sem álfatrú hefur haft áhrif á manggert umhverfi. Myndirnar sýna álfasteina, álfakletta, dvergasteina, huldufólksbyggðir eða álagabletti sem hafa haft áhrif á vegi, staðsetningu húsa á lóðum, hönnun húsa eða útlit þeirra svo eitthvað sé nefnt. Hver mynd sýnir hvernig náttúra og manggert landslag mætast og kljást um rýmið og hvernig samtál verður á milli þess tveggja heima sem birtist þá einnig í sögum um álfa eða huldufólk og samskipta þeirra við mannfólkið á staðnum.

Við rannsóknina var beitt aðferðum þjóðfræðinnar, þjóðsagnafræði og listransókna. Það er að segja: þjóðsagnasöfn og aðrar mögulegar heimildir um álfatrú (t.d. umfjallanir dagblaða) voru kortlögð. Saga hvers staðar var skráð út frá öllum mögulegum skriflegum heimildum svo sem viðtalsbókum og reynslusögum og einnig voru tekin viðtöl við fólk á hverjum stað fyrir sig. Heimildirnar voru þá nýttar til að veða og meta þau sjónarhorn sem sýna ekki bara álfasteinana heldur einnig þau áhrif sem þeir hafa á umhverfið í kring.

Hjátrú á borð við álfatrú hefur áhrif á bæjar- og borgarskipulag dagsins í dag líkt og í gamla sveitasamfélaginu. Finna má fjölmörg dæmi þar sem álfatrú hefur ekki aðeins áhrif á umhverfið heldur einnig hegðun fólks í borgarumhverfinu.

Bryndís Björgvinsdóttir
Svala Ragnarsdóttir

Kynjasögur um hvítabirni

Í gegnum aldirnar hafa hvítabirnir heimsótt Ísland annað slagið og gera enn. Heimsóknir þessara gesta hafa þótt heldur betur frásagnaverðar og um samskipti manna og bjarndýra hafa í gegnum tíðina verið sagðar magnaðar þjóðsögur og sagnir. Í fyrirlestrinum verður skyggnst undir yfirborð þessara sagna og þjóðtrú og flökkusögur um heimsókn hvítabjarna skoðaðar með aðferðum þjóðsagnafræðinnar.

Margt áhugavert kemur í ljós þegar kafað er í sagnaefnið með aðstoð sagnagrunnsins og þjóðsagnasafna. Þjóðtrúin segir að bjarndýrin séu manneskjur í álögum og þau þóttu klók og vitur. Hvítabirnir éta hvorki nafna sína eða óléttar konur, þeir þekkja banamann sinn, rauðkinnungur er öðrum björnum grimmari og dýrakóngurinn er með horn úr höfði og talar mannamál. Athyglinni er beint að birtingarmynd hvítabjarna í árekstrum þeirra við íbúa landsins þar sem misjafnt er hver er að lokum étinn. Ákveðin sagnaminni koma aftur og aftur fyrir í sögunum og í þeim má greina viðhorf fólks til þessara óboðnu gesta.

Rannsóknin á sögum um heimsóknir hvítabjarna er hluti af viðameira rannsóknaverkefni á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Ströndum um samspil mannlífs og náttúru. Þar er athyglinni beint að viðburðum þegar ógnir og vá steðja að og árekstrar verða milli fólks og náttúruafla.

Jón Jónsson

Birtingarmyndir hvítabjarnarins í sagnaefni, ímyndum og efnismenningu

Björninn hefur almennt mikla þýðingu í heimsmynd, efnis- og sagnamenningu víða um heim. Hvítabjörninn á sér þó sérstakan stað í þjóðfræðiefni norðurslóða og ekki síður á Íslandi. Sem tákni um kraft, ógn, umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og jafnvel samvinnu norðurslóðaríkja hefur hvítabjörninn ýmsa óvænta merkingarauka. Upp á síðkastið hefur hann fengið á sig aukna þýðingu í orðræðum um loftslagsbreytingar og ekki síst sem tákni um viðkvæmni vistkerfisins. Sú tákmynd skírskotar í aðstæður staðbundinna hópa en einnig í áskoranir allrar heimsbyggðarinnar - að minnsta kosti á meðal þeirra sem óttast áhrif loftslagsbreytinga. Á meðal Íslendinga hefur hvítabjörninn margar birtingarmyndir en holdi klæddur er hann álitinn svo hættulegur að hann er skotinn á færi þá sjaldan sem hann birtist (þó sumir hafa viljað koma honum fyrir í Húsdýragarðinum). Gagnvart erlendum ferðamönnum á Íslandi er hann þó settur fram sem landlægt dýr sem má nálgast í vinalegum og aðgengilegum minjagripum. Í erindi þessu verður varpað ljósi á þessar mörgu birtingarmyndir hvítabjarnarins í ólíku sagnaefni, ímyndum og efnismenningu. Beitt verður aðferðum þjóðfræðinnar, þjóðsagnafræði og þverfræðilegum sjónarhornum á efnismenningu og ímyndir. Þá verður einnig notast við blandaða aðferðafræði, sjónræna greiningu og textarýni.

Kristinn Schram

The relationship between Greenlanders and sled dogs: an ethnographic case study in Kulusuk, East Greenland

Due to the harsh climate conditions, the inhabitants of the Arctic have limited resources, which leads to a very unique way of life. The relationship between dogs and humans is one of the characteristic relationships in the area, a coexistence based on survival and mutual stewardship. Sled dogs, whose role is deeply implanted in Greenlandic culture are essential for human mobility in the Arctic and are a significant part of the local subsistence-economy. The goal of this ethnography is to offer a comprehensive view of hunting activities with the use of sled dogs in Kulusuk, a small village in East Greenland.

Through participant observation of practices linked to sled dog use this research was able to address perceptions of local inhabitants regarding sled dogs, environment and tourism. The relationship between Greenlanders and their dogs can unveil multiple meanings regarding how the value of animal, environment and heritage vary and change through traditional, rural and urbanizing areas.

In recent years, both climate change and increasing tourism have been transforming the use of dogs in the Arctic, offering new perspectives, both in the economic and cultural dimensions. In addition, interviews collected during the fieldwork, provide a wide range of feedbacks regarding these changes, and how they affect people's survival and access to resources.

Andrea Fiocca

Óvæntir gestir: Grænlandingar á Íslandi árið 1925

Árið 1925 kom hópur Grænlandinga til Ísafjarðar, alls um 90 manns. Tilefni heimsóknarinnar var að dönsk stjórnvöld höfðu ákveðið að stofna nýja „nýlendu“ í Scoresbysundi - Ittoqqortoormiit - á norðaustur strönd Grænlands og flytja þangað fólk sem kom aðallega frá Ammassalik. Förinni var heitið til Ísafjarðar til þess að fá nýja staðarprestinn vígðan og sækja vetrarvistir.

Þessi gestakoma vakti mikla athygli, bæði á Ísafirði og um land allt. Gestakoman var ljósmynduð og eru þær myndir varðveittar á Ljósmyndasafni Ísafjarðar.

Í erindinu verður fjallað um þau viðhorf sem voru ráðandi til Grænlands á þessum tíma hérlendis. Af hverju einkenndust þau? Hvaða ímyndir birtust? Voru þessi viðhorf svipuð þeim sem voru ráðandi í Danmörku eða ólík? Báru þau keim af svipaðri nýlenduhyggju og þar var ráðandi eða fundu Íslendingar til samstöðu með grönnum sínum? Í erindinu verður heimsóknin sett í samhengi við nýlendustefnu þessa tíma þar sem átök og deilur Dana og Norðmanna um yfirráð yfir Austur-Grænlandi verða annars vegar í forgrunni en hins vegar hvernig samband Íslendinga og Dana hafði áhrif á viðhorf í þessu samhengi.

Í erindinu verður því beitt aðferðum ímyndafræða annars vegar og nýlendufræða hins vegar. Þar verður sett fram sú tilgáta að viðtökurnar sem Grænlandingar fengu á Ísafirði hafi fremur einkenst af samhug og samstöðu en yfirburða- og nýlenduhyggju.

Sumarliði R. Ísleifsson

Nýsköpun, netvangar og starfsumhverfi

Um áhrifamátt veraldarvefsins þarf ekki að fjölyrða. Aftur á móti er fjárvæðing jafningjaskipta í rauntíma án tillits til staðsetningar nýtilkomin; Hver og einn getur orðið virkur þátttakandi á netvöngum heimsins (e. platforms) með gagnvirkum hætti. Fjölpætt markaðstorg sem stuðla að skiptum á vörum og þjónustu milli jafningja á eigin forsendum eru að festa sig í sessi og hægt er að stunda örugg viðskipti og í vaxandi mæli gegn þóknun þriðja aðila; eða deilifyrirkomulagi (e. sharing economy). Viðskipti eiga sér stað utan hefðbundinna markaða og yfirstofnanir þjóðríkja (e. supranational) eru orðin almenn. Það þýðir síðan að lykilstoðir norræna fyrirkomulagsins, samfélagsleg ábyrgð sem og samráð á vinnumarkaði eiga undir högg að sækja. Það er aðkallandi að endurmeta nánast allar stofnanir þjóðríkisins og meginviðfangsefni fyrirlestursins eru hugleiðingar um núverandi umskipti. Tilgátan er að nærsamfélagið sé í auknum mæli að verða grunneining samfélagsins og gerandinn, eða einyrkinn sem í deilikerfinu er nefndur örfrumkvöðull (e. micro-entrepreneur), sé í viðkæmri stöðu og vinnumarkaðurinn að verða viðvikskerfi (e. gig economy). Eftir því sem þjóðríkið verður vanmáttugra skiptir mannauður, menningarstig í víðum skilningi og nýsköpunargeta meira máli. Auknar ráðstöfunartekjur og nærtæk tækifæri fyrir frumkvöðla héraendis eru allt að því einstakar og tímabundið tækifæri sem verður að nýta af innsýn og skilvirkum ákvörðunum.

Örn D. Jónsson

Netviðskipti í Kína: innsýn frá Ali Express og Zenni Optical

Netviðskipti við Kína hafa aukist umtalsvert á síðustu árum, en þar gætir m.a. áhrifa frá viðskiptasamningi Íslendinga við Kína þar sem innflutningur á vörum frá Kína varð tollfrjáls. Einnig hefur þekking neytenda á netviðskiptum almennt aukist og umtalsverð þróun í tækni og viðmóti haft áhrif. Engu að síður er þekking á kaupum á vörum frá þessum aðilum að vissu leyti takmörkuð og því mikilvægt að neytendur öðlist frekari innsýn í viðskiptahætti til að geta tekið afstöðu til þess hvort þeir vilji nýta sér netviðskipti við Kína og með hvaða hætti. Þessi rannsókn byggir á reynslu af yfir 100 innkaupum fyrir nokkra aðila frá tveimur seljendum, Ali Express og Zenni Optical, reynslu af þjónustu sem þeir veita og fyrirbyggjandi rannsóknum um áreiðanleika netviðskipta við þessa stóru þjóð. Niðurstöðurnar gefa til kynna að veruleg þróun hafi átt sér stað í viðskiptaháttum Kínverja á netinu og töluverð tækifæri eru til staðar til að kaupa vörur á lágu verði, en engu að síður er mikilvægt að neytendur átti sig þeim kostum og áhættum sem slíkum viðskiptum fylgja.

Gunnar Óskarsson

Tækninýsköpun með aðstoð hópverkunar

Eitt form opinnar nýsköpunar (e. open innovation) í fyrirtækjum er hópverkjun (e. crowdsourcing). Hópverkjun gengur út á að nýta visku eða aðföng þess breiða hóps sem stendur utan við fyrirtækið og þannig leita hugmynda og lausna út fyrir þau þekkingarsvið sem fyrirtækið hefur yfir að ráða.

Á síðustu misserum hafa sprottið upp milliliðir sem aðstoða fyrirtæki við hópverkjun með svokallaðri dreifileit (e. broadcast search). Við dreifileit er Netið notað til að dreifa upplýsingum um áskoranir til stórs hóps af fólki og það ákveður síðan hvort það tekur þátt í leysa þær. Markmiðið er að ná fljótt til fólks sem á auðvelt með að leysa áskoranirnar vegna menntunar eða fyrri reynslu.

Í þessari rannsókn er kannað hvernig dreifileit getur stýtt þróunartíma og lækkað þróunarkostnað við tækninýsköpun. Með tilviksgreiningu er gerður samanburður á því hvernig mismunandi aðferðir við dreifileit hafa áhrif á þróunartíma og þróunarkostnað. Skoðað hvernig þrjú milliliðir — NineSigma, Innocentive og YourEncore — bjóðast til að aðstoða við lausn þriggja tæknilegra vandamála hjá Össuri hf.

Niðurstöðurnar sýna að dreifileit getur stýtt þróunartíma og lækkað þróunarkostnað á nokkra vegu. Hár upphafskostnaður og föst tímalengd koma þó í veg fyrir að slíkt nái fram að ganga nema fyrir erfið vandamál sem ólíklegt er að leysist innan fyrirtækisins.

Christina Mai
Rögvaldur J. Sæmundsson

„Hugmyndir verða til í samtali frekar en eintali“ - Klasi í listum á Íslandi

Undanfarið hefur aðstaða ýmissa íslenskra listgreina batnað þegar tekin hafa verið í notkun hús eða húsnæði sérstaklega ætluð til listsköpunar og nýsköpunar tengdri þessum listgreinum. Þar ber hæst að nefna tónlistarhúsið Hörpu, Marshall húsið, Bíó Paradís og Tjarnarbíó. Slík starfsemi á ákveðna hliðstæðu í klasahugtakinu sem beitt hefur verið í tengslum við viðskiptatengda nýsköpun, þar sem landfræðilegar þyrpingar tengdra stofnana starfa í samvinnu og samkeppni hvor við aðra. Eðli og ávinningur slíkrar aðstöðu í tengslum við listsköpun er mikilvægt viðfangsefni. Markmið rannsóknarinnar er að kanna hver slíkur ávinningur er og meta hliðstæðuna við klasahugtakið í viðskiptum. Kynntar eru niðurstöður úr eigindlegri rannsókn þar sem rætt var við framkvæmdastjóra mismunandi menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að skoða hvort íslensk menningarhús væru staðgenglar listaklasa hér á landi. Vísbendingar eru um að þótt menningarstofnanir séu mikilvægar fyrir viðurkenningu og sýnileika viðkomandi listgreina, séu ákveðnir vankantar á fyrirkomulaginu. Listamenn hafa sjaldnast fast aðsetur í húsunum sem eru frekar nýtt undir yfirbyggingu, s.s. fagfélög, framkvæmdarstjóra, stofnanir og umsjónarmenn. Þá er ekkert menningarhús sem einblínir á að tengja saman listamenn úr ólíkum áttum og styrkja þannig virðisdeðjuna líkt og raunin er í hefðbundnum klösum. Út frá niðurstöðum eru settar fram hugmyndir að því hvernig klasi í listum hér á landi gæti skapað samfélag listamanna og starfað í þágu þeirra og atvinnulífsins.

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir
Magnús Þór Torfason

Þróun nýrrar þekkingar til nýsköpunar í samstarfi háskóla, sjúkrastofnana og fyrirtækja: Hvaða áskoranir eru í stjórnskipulagi slíks samstarfs?

Víða um heim hafa stjórnvöld lagt aukna áherslu á að efla samstarf einkaaðila og opinberra aðila við þróun nýrrar þekkingar og nýtingu hennar til nýsköpunar. Í kjölfarið hafa sjónir rannsakenda beinst að því hvaða stjórnskipulag (e. governance) sé heppilegt til að slíkt samstarf sé árangursrík.

Í þessari rannsókn er fjallað um áskoranir sem stjórnvöld glíma við þegar þau hvetja til samstarfs háskóla, sjúkrastofnana og fyrirtækja um þróun nýrrar þekkingar til nýsköpunar á sviðum þar sem miklar væntingar eru um fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning. Byggt er á tilviksgreiningu á þeirri atburðarás sem leiddi til brottrekstrar vísindamannsins og skurðlæknisins Paolo Macchiarini frá Karólínsku stofnuninni í Stokkhólmi og skók sænskt fræðasamfélag fyrri part ársins 2016. Rannsóknir Macchiarini fjalla um notkun stofnfruma til vefjalækninga (e. regenerative medicine), en þær eru sérlega áhugavert tilvik vegna þeirra mikilu væntinga sem gerðar eru um fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning af notkun stofnfruma.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar er bent á fjórar áskoranir stjórnvalda — flækjustig, tvöfalt hlutverk stjórnvalda, fjármögnun háskóla og hefðir fagstétta — og rætt um hlutverk þeirra í þeirri atburðarás sem um ræðir.

Rögnvaldur J. Sæmundsson
Maureen McKelvey
Olof Zaring

The effect of customer involvement in developing of new products and services

The role of customer involvement in the development of new products and services has been studied quite extensively in the last two decades. Acquiring knowledge from external sources helps firms better understand customer needs and increasing the likelihood of meeting those needs and expectations. Even though a large body of literature addresses the implications of customer involvement for project performance, results of prior research are somewhat inconsistent.

In this paper, we seek to reconcile this inconsistency by examining the differing impact of customer involvement in the development of new products on one hand, and new services on the other. We propose that the role of customer involvement is different for these new types of innovations, and that involvement in the early stages is relatively more important for products while involvement in the launch stages is more important for services.

We use a comprehensive set on customer involvement in the development of new products and services, as reported by project managers involved in large innovation projects that responded to the questionnaire.

The results confirm the different pattern for products and services: For services, involvement in the launch stage significantly improves project performance, but involvement in the early stages has no effect. For products, involvement in the early stages has a marginally significant effect, but involvement in the launch stage has no effect.

Sabit Veselaj

Magnús Þór Torfason

Nýsköpun í vefjalækningum – Er það eitthvað fyrir okkur á Íslandi?

Vefjalækningar er það kallað þegar frumur, vefir eða líffæri mannlíkamans eru ræktuð og mótuð í læknisfræðilegum tilgangi. Á enskri tungu nefnist þetta „regenerative medicine“ sem er lýsandi hugtak því grunnhugmyndin er endurmyndun (e. regeneration) fruma og frumukerfa til nota í lækningaskyni.

Til að kortleggja stöðu vefjalækninga á Íslandi voru tekin viðtöl við aðila sem hafa beina eða óbeina aðkomu að greininni, þ.e. vísindamenn sem stunda grunnrannsóknir á sviði stofnfrumna, aðila sem hafa stofnað sprotafyrirtæki um hagnýtar rannsóknir í vefjalækningum, lækna á Landspítalanum og aðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Einnig voru skoðuð tölfræðileg gögn um styrkveitingar til verkefna sem tengjast vefjalækningum undanfarin ár.

Útkoman var notuð til að máta vefjalækningar á Íslandi við þrenns konar fræðileg líkön um ferli tæknilegrar nýsköpunar. Sérstaklega var skoðað hvernig stefna stjórnvalda hefur áhrif á uppbyggingu vefjalækninga á Íslandi til framtíðar.

Helstu niðurstöður eru þær að til að stuðla að sem mestri nýsköpun tengdri vefjalækningum ættu stjórnvöld að auka styrki til rannsókna og þróunar. Einnig er mikilvægt koma á fót samstarfsvettvangi þar sem aðilar úr ólíkum áttum geta borið saman bækur sínar og samræmt markmið. Loks er mikilvægt að auka erlent samstarf, einkum við aðila sem stranda framarlega í hagnýtingu og klínískum prófunum.

Sigurður Páll Steindórsson

Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson

Gæðþjónusta fyrir fjölskyldur með krabbamein. Tilraunaverkefni janúar- júní 2017

Tilraunaverkefnið sem hér sagt frá er byggt á niðurstöðum rýnihópahluta og viðtalshluta þriggja ára rannsóknarverkefnis (2015-2017) um aðstæður, þjónustu og þarfir barna í fjölskyldum þar sem foreldri hefur greinst með krabbamein.

Markmið sex mánaða tilraunahluta (pilot) er að veita þá þjónustu sem kallað var eftir meðal fagfólks, barna, foreldra og ömmu/afa, láta reyna á hvort hægt sé að mæta þörfum fjölskyldnanna og hvernig megi vinna markvissar að því að innleiða slíka þjónustu til framtíðar. Aðferð: Markmið og framkvæmd verkefnisins var kynnt rækilega stjórnendum LHS og sérfræðingum, samstarf var haft við Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, krabbameins-lækningadeildir LHS og Fjölskyldubru LHS. Þátttaka í verkefninu var boðin 22 fjölskyldum frá krabbameinsdeildum Landspítalans, en 15 þeirra nýttu sér þá gæðþjónustu sem stóð til boða í verkefninu. Sagt er frá þverfaglegu samstarfi sérfræðinga um greiningarferli, upplýsingar, fræðslu og samtalsþjónustu til handa öllum foreldrum á krabbameinslækningadeildum LHS. Niðurstöður: Gerð er grein fyrir skipulagi, innihaldi og framkvæmd verkefnisins ásamt frumniðurstöðum úttektar (mats) á gagnsemi þess, annmörkum og ágæti, auk þeirra lærdóma sem af því má draga m.t.t. framtíðarskipan.

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor
Gunnjóna Una Guðmundsdóttir
Sigurlína Davíðsdóttir

*Eftirtaldir aðrir aðilar hafa styrkt rannsóknina: Innanríkisráðuneytið, Rannsóknasjóður Háskóla Íslands, Aðstoðarmannasjóður Háskóla Íslands, Rannsóknastofnun í barna –og fjölskylduvernd, Vinnumálastofnun, Barnavinafélagið Sumargjöf og Lýðheilsusjóður

Europe's Trust Deficit: Sources, Correlates and Remedies

Has trust in political institutions in Europe fallen and populist politics risen to such levels that the EU is at risk of disintegration? Could other countries follow the United Kingdom and leave the EU? Or has the tide of populism and distrust in Europe receded and will Brexit be unique? The study uses data from the European Social Survey on trust in national parliaments and in the European Union, disaggregated to the individual level and paired with information on regional macro variables, such as GDP and unemployment, to identify economic and social characteristics associated with Europe's growing trust deficit in some EU countries. The study also uses data on elections to the European Parliament, disaggregated to the regional level, to identify factors associated with support for non-mainstream political parties and movements labelled as "anti-EU". While the study confirms that economics matters, it does not suggest that it is the only, or even the main factor. Economic conditions are particularly important for trust in national parliaments, but trust in European institutions and political support for the EU are less sensitive to the state of the economy. This suggests that improvements in the obvious economic variables will not magically restore support for the European project.

Gylfi Zoega

Christian Dustman

Barry Eichengreen

Sebastian Otten

Andre Sapir

Guido Tabellini

On the Causes of Brexit

This study analyses the voting pattern in the June 23rd referendum on the continued participation of the United Kingdom in the European Union and evaluate the reasons for the results. We find that output, education and the share of older people at the regional level can explain attitudes towards immigrants and the European Union. Thus, regions where GDP per capita is low, a high proportion of people have low education, a high proportion is over the age of 65 and there is strong net immigration. They are furthermore more likely to be apprehensive of the European Union, consider the enlargement of the European Union as having gone too far, be suspicious of immigrants and not want them as neighbours and, most importantly, to vote for Brexit. The fear of immigration does not seem to be fully justified in terms of the literature on the labour market effects of immigrants in the UK. Looking at the response of the sterling exchange to poll numbers, we find that investors appear to view Brexit as a negative event.

Ágúst Arnórsson

Who Votes for Right-Wing Populist Parties in Europe?

We find that a right-wing identity, a negative view of immigrants, not being satisfied with democracy, being negative on homosexuality and mistrust in both the national and the European parliament seem to be the factors heavily correlated with voting for a right-wing populist party in Europe. Gender, age, and education are also important. Thus, men are more likely to vote for a right-wing populist party and as are the old and the less educated. Having experienced unemployment also increased the probability of voting for these parties.

Jónas A. Gunnarsson
Gylfi Zoega

Institutionalized Mistrust – Accountability in Crisis Restoring trust in the aftermath of the financial crisis in Iceland

Public trust in institutions in Iceland plunged after the country's banking sector collapsed in October 2008. The political system wobbled under an outrage and anger when the general public took to the streets. Parliamentary Special Investigation Commission conducted a ground-breaking crisis-induced investigation, delivering a new milestone report in Iceland's history of politics and public administration. Given this endeavour and subsequent investigations disclosing ample information to restore trust in institutions, public trust in institutions keeps wobbling. This paper addresses the questions, why has it taken so long and how has public trust in institutions progressed after the crash? The research examines data from Gallup, Annual Survey 2001-2017 on public trust in Icelandic institutions, identifies patterns of trust in the aftermath of the crisis and discusses how these patterns can be explained. Our empirical findings confirm, that during the crisis public trust in institutions collapsed, that public trust has been volatile and the return of public trust is a slow, rough and drawn out process. Our theoretical interpretations of the findings suggest that elements of mistrust inherent in the principal-agent approach to accountability in public administration implemented in previous New Public Management reforms undermined the possibility to create a climate of trust necessary to ensure effective public accountability mechanisms. We argue, that in the absence of a climate of trust, accountability mechanisms of culpability undermining mechanisms of answerability, combined with successions of scandals in the aftermath of the crisis, are the main explanatory factors to the slow return of public trust.

Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir
Guðrún Johnsen

Political trust: Performance or Politics?

The literature and empirical research on political trust have always emphasised the role of government performance in generating political trust and support. The paradox of political trust in Iceland following the financial crash of 2008, is that despite indications of a strong policy performance in many respects, the level of political confidence has not recovered. The literature and research also provide theories and evidence on how citizens supporting or identifying with parties forming the majority in government express more political trust than those identifying with the parties making up the minority in parliament. Thus, when the political parties forming government enjoy a large and solid support base, it is believed to have an enhancing effect on political trust levels. The purpose of the study is to further our understanding on the relationship between citizens and political parties in generating political trust, both in good times as well as in difficult times when the political system comes under stress. By analysing European Social Survey data with three time points of 2004, 2012 and 2016, we will compare the effects of government performance and citizens' identification with political parties on the development of political trust in Iceland.

Sjöfn Vilhelmsdóttir
Gunnar Helgi Kristinsson

Pönkast í söfnum: Róttækni og Pönksafn Íslands

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um ný jaðarsamtök í Bretlandi sem nefnast Punk Museology, eða Pönk Safnafræði. Samkvæmt stefnuskrá þeirra, sögulega séð, endurspeгла söfn vald ríkjandi meirihluta samfélags og útiloka með þeim hætti raddir fjölbreytilegs hóps fólks. Þau telja nauðsynlegt að gera róttækar breytingar á grundvallar starfsemi safna og rekstrarlegum hugsunarhætti starfsmanna. Með því móti megi (og verði) söfn að berjast gegn kúgun, misrétti, valdabeitingu og öðrum pólitískum, menningarlegum og samfélagslegum vandamálum. Samtökin telja að þetta geti átt sér stað ef söfn innleiði hugmyndafræði pönk-safnafræðinnar. Ofangreind stefnuskrá verður í kjölfarið tengt við Pönksafn Íslands, sem opnaði dyr sínar í nóvember 2016 á kvennaklósettinu í Bankastræti 0. Sýningin fellur mestmegnis að hefðbundnum sýningarháttum og uppsetningu safna. Þar má þó finna einstaka þætti sem gefa sýningargestum vald yfir túlkun og merkingu sýningarinnar á mun virkari þátt en almennt þekkist á menningarstofnunum af þessu tagi. Rannsóknin er byggð á vettvangsrannsókn höfundar, ásamt safnafræðilegum kenningum um hlutverk safna, miðlun og sýningargerð. Einnig verður byggt á kenningum um jaðarmenningu með áherslu á pönk og þeirri hugmyndafræði sem því tengist. Niðurstöður benda til þess að með áframhaldandi þróun og nýbreytni geti söfn hér á landi orðið enn mikilvægari samfélagslegur, pólitískur og menningarlegur vettvangur.

Guðrún D Whitehead

Sjóminjasafn – Til hvers?

Fyrstu hugmyndir um stofnun Sjóminjasafns Íslands litu dagsins ljós fyrir aldamótin 1900 þegar Jón Þórarinsson ritaði grein um málið í Fjallkonuna. Í erindinu verður varpað ljósi á þá opinberu umræðu sem átti sér stað um stofnun Sjóminjasafns Íslands allt frá lokum 19. aldar og fram til ársins 1954 þegar Þjóðminjasafn Íslands opnaði sérstaka sjóminjasýningu í nýju húsnæði sínu. Umræðan verður skoðuð út frá kenningu og hugmyndum um að líta megi á þjóðarsöfn sem menningarlegar stjórnarskrár. Skoðað verður hver hvatinn að hugmyndunum var, hvaða hlutverk safnið átti að hafa með tilliti til hugmyndarinnar um Íslenska þjóðríkið og hvernig það átti að greina frá þjóðinni. Var sterk þjóðerniskennd hvatinn að baki hugmyndum um stofnun Sjóminjasafns Íslands? Átti að festa í sessi ímynd Íslendingans sem hins hrausta sjómanns sem bjó og starfaði við aðstæður sem aðeins ofurmennum var bjóðandi? Eða var tilgangurinn ef til vill að varðveita menningu, gripi og handbrögð sem voru að líða undir lok og hverfa á tímum samfélagslegra breytinga og tækniframfara? Leitað var leiða til að svara þessum spurningum með rannsókn á þeim heimildum sem fyrir liggja um málið og þær túlkaðar út frá fyrrnefndum kenningum. Niðurstaðan er ef til vill sambland af þessum tveimur þáttum, minjavörslu og nauðsyn þess að skapa þjóðinni ímynd sem hæfa þótti og væri landi og þjóð sæmandi.

Björn Pétursson

Dauður fugl dafnar vel á safni

Á sýningunni Sjónarhorn í Safnahúsinu við Hverfisgötu gefur að líta eitt af fáum uppstoppuðum eintökum sem til eru af geirfuglum í heiminum. Geirfuglinum sem tegund var útrýmt á fyrri hluta 19. aldar og kepptust söfn og safnarar víða um heim við að eignast eintak af honum til varðveislu, rannsókna og sýningarhalds. Í þessu erindi verður sjónum beint að þessari sögu, sem vekur upp margvíslegar áhugaverðar spurningar er tengjast hreyfanleika og tengslum þvert á landamæri. Leitað verður í kenningarlega smiðju fræðimanna sem fjallað hafa um vald, rödd og atbeini efnislegra minja.

Í rannsókninni er notast við blandaða aðferðafræði. Lagt verður upp í "follow the thing" leiðangur þar sem slóð geirfuglsins er rakin í margvíslegu samhengi, þvert á tíma og rými. Notast verður við samtíma- og sögulegar heimildir, vettvangsrýni og textagreiningu, eigindleg gögn, ljósmyndir og sjónræna greiningu.

Katla Kjartansdóttir

Torfhús í sýningarrýmum safna

Íslenskur arkitektúr, torfhús, hafa frá lokum 19. aldar verið viðfangsefni á sýningum erlendra og innlendra safna. Torfhús hafa verið notuð sem umgjörð við miðlun á félagslegu, menningarlegu og efnislegu rými Íslendinga, sýnd hafa verið módel af torfhúsum, hluti torfhúsa hefur verið reistur í sýningarrýmum, heilu torfhúsin hafa verið endurbyggð og torfhús (s.s. baðstofur) hafa verið reist í sýningarrýmum menningarminjasafna víða um land. Í erindinu verður hugað að þessum þætti í sýningarsögu safna og sérstaklega skoðað með hvaða hætti má gagnrýna framsetningar safna á torfhúsum í ljósi útrýmingar Íslendinga á húsakostinum sjálfum. Við rannsóknina er notast er við blandaða aðferðarfræði; heimildarýni á sögulegum gögnum, ljósmyndir, vettvangsathuganir á söfn og aðra staði þar sem torfhús er að finna og viðtöl við ýmsa aðila sem koma að málefnum torfhúsa. Niðurstöður rannsóknarinnar eru meðal annars þær að framsetning á torfhúsum í sýningarrýmum safna er verulega ábótavant til að gera góða og ítarlega grein fyrir gildi húsanna, fræðilegri skoðun sem varpa ljósi á gerð húsanna og þeim vanda sem söfn og aðrar varðveislustofnanir standa frammi fyrir við að kynna húsakynni sem þjóðin hafnaði.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson

Models, mission, methods

Museums accommodate non-formal, informal and lifelong learning. Museum learning has been defined as a transformative, affective experience that helps visitors to develop new attitudes, interests, appreciation, beliefs, or values. Museum educators are visitor advocates who provide physical and intellectual access to collections. In vastly different museums, educators share many theoretical and practical problems. The traditional pedagogic approach of museums has been found limiting and based on pre-arranged knowledge acquisition. Audience engagement is vital for purposeful learning in museums. Without an educational mission, learning theories are likely to remain contested, since a key aspect of institutional change lies in the pedagogical orientation of museums. Much of education philosophy is based upon the theory of constructivism underpinned by Dewey's progressive education. However there has been a silence of the museum education establishment regarding the intrinsic qualities and 'learning power' of museums. Instead, measures of formal education are used to describe the educational impact of museum learning. This silence is explored in this paper with a focus on the challenges of identifying conceptual frameworks in museum education instead of specific techniques of teaching and communication. Learning through experience, participative and performative learning that engages bodies, minds and emotions is also considered.

AlmaDís Kristinsdóttir

Upplifun fanga á félagslegum veruleika sínum og öryggi í fangelsi

Markmið þessarar eigindlegu rannsóknar var að fjalla um ofbeldi í fangelsum og byggir hún á upplifun einstaklinga sem setið hafa af sér refsíðoma. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að ofbeldi á sér stað innan fangelsa bæði af hendi samfanga og starfsmanna en það hefur ekki verið rannsakað kerfisbundið hér á landi. Áhersla var lögð á að kanna hvernig einstaklingar upplifa félagslegan veruleika sinn og öryggi í fangelsi. Markmið rannsóknarinnar var að fá innsýn í upplifun einstaklinga með tilliti til öryggis, valdbeitingar og/eða ofbeldis á meðan þeir afplánuðu. Tekin voru ellefu hálfstöðluð viðtöl, með snjóboltaúrtaki, við karlmenn sem hafa afplánað í fangelsi til að kanna hvort eða hversu mikið ofbeldi væri í fangelsi og hver væri rót þess. Fjallað var um kenningar um ofbeldi í fangelsum og þær hafðar til hliðsjónar við túlkun á niðurstöðum og má þar nefna álagskenningu Agnew. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ofbeldi í öllum sínum birtingarmyndum er að finna í fangelsi. Viðmælendur upplifðu ofbeldi, urðu vitni að því eða beittu því sjálfir á samfanga sína. Niðurstöðurnar eru í samræmi við erlendar rannsóknir og kenningar um ofbeldi í fangelsum. Vonast er til þess að niðurstöður nýtist í stefnumótun um aðbúnað og gæslu afplánunarfanga.

Nína Jacqueline Becker
Ágúst Mogensen
Helgi Gunnlaugsson

Lögregla á landsbyggðinni

Markmið rannsóknarinnar er að að setja þróun lögreglu utan höfuðborgarsvæðisins í samhengi við almenna samfélagsþróun og opinbera stefnumótun frá síðustu aldamótum og kortleggja stöðu landsbyggðalögreglunnar m.t.t. mannafla, afbrotatíðni, ótta almennings við afbrot og traust til lögreglunnar. Unnið er með afleidd gögn, opinber afbrotagögn, brotapolakannanir og aðrar spurningalistakannanir. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem miðar að því að greina helstu áskoranir sem felast í starfi lögreglumanna á landsbyggðinni.

Iðn- og þéttbýlisvæðing og síðar ör markaðs- og hnattvæðing hafa breytt skipulagi lögreglu í vestrænum þjóðfélögum. Kröfur um aukna hagræðingu, skilvirkni og sérhæfingu hafa bitnað hlutfallslega mest á lögreglu í dreifbýli og fámennu þéttbýli. Breytingarnar hafa torveldað starf dreifbýlislögreglu, sem hefur yfir færri lögreglumönnum að ráða miðað við höfðatölu og hærra hlutfall afleysingafólks og héraðslögreglumanna. Ísland hefur ekki farið varhluta af ofangreindri þróun. Lögreglumönnum hérlendis fækkaði t.d. um 8,3% milli 2007 og 2015 meðan landsmönnum fjölgaði um 7% og fjöldi erlendra ferðamanna nær þrefaldaðist. Stærra hlutfallslegt skarð var höggvið í raðir lögreglumanna utan höfuðborgarsvæðisins. Samfara var ráðist í umfangsmiklar skipulagsbreytingar, þar sem lögregluumdæmum var fækkað og lögreglulið stækkuð. Aukið starfsálag hefur hamlað almennri löggæslu, forvörnum og frumkvæðisvinnu og greindi Greiningardeild Ríkislögreglustjóra frá því árið 2015 að „lögreglan á landsbyggðinni telur sig ekki færa um að halda uppi ásættanlegu öryggisstigi sökum fjárskorts.“

Guðmundur Oddsson
Andrew Paul Hill
Póroddur Bjarnason

Hefur kannabisneysla aukist á Íslandi?

Áhyggjur Íslendinga af neyslu fíkniefna eiga sér langa sögu. Viðhorfsmælingar sem framkvæmdar hafa verið af og til frá 1989 sýna að Íslendingar telja fíkniefnabrot mesta vandamál afbrota í svo til hvert einasta skipti. Mælingar hafa sýnt að neysla fíkniefna er mest meðal ungmenna og áhyggjurnar beinast öðru fremur að unga fólkinu og framtíð þeirra. Samkvæmt mælingu árið 2015 sagðist um þriðjungur þjóðarinnar einhvern tíma hafa prófað kannabis en langflestir aðeins einu sinni eða tvisvar. Um það bil tíu prósent höfðu notað efnið oftar en tíu sinnum og um fimm prósent einhvern tíma á síðustu sex mánuðum.

Í febrúar til maí 2017 var gerð ný mæling á umfangi kannabisneyslu meðal Íslendinga í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Byggt var á úrtaki 1500 manna af landinu öllu 18 ára og eldri og fór gagnasöfnunin fram á netinu. Spurt var hvort neyslan hafi breyst frá síðustu mælingu og jafnframt hvernig hún dreifist á ólíka þjóðfélagshópa. Jafnframt var könnuð afstaða til þess hvernig bregðast eigi við vandanum. Á að afnema refsingu fyrir vörslu á fíkniefnum til eigin nota eða skrá brotin á sakaskrá? Í erindinu verður gerð grein fyrir niðurstöðunum er varða umfang kannabisneyslu á Íslandi meðal fullorðinna og afstöðu til þess hvernig bregðast eigi við vandanum.

Helgi Gunnlaugsson

Stórfelld ofbeldisbrot: Eðli þeirra og þróun skv. gögnum lögreglu

Alvarleg ofbeldisbrot hafa verið hluti af samfélagi okkar svo öldum skiptir. Íslenskar þolendarannsóknir á ofbeldi hafa sýnt að um 2-4% Íslendinga verða fyrir líkamlegu ofbeldi á ári hverju. Þegar litið er til íslenskra rannsókna á ofbeldisbrotum síðustu 10-15 ár má sjá að ofbeldi í nánnum samböndum hefur verið í brennidepli. Hins vegar eru fáar íslenskar rannsóknir sem hafa einblínt sérstaklega á stórfelld ofbeldisbrot burtséð frá tengslum málsaðila, og þróun þeirra. Farið verður yfir íslenskar rannsóknir á ofbeldisbrotum og litið til landanna í kringum okkur. Hver er þróunin í alvarlegum ofbeldisbrotum síðustu ár? Eru stórfelld ofbeldisbrot að verða alvarlegri eins og stundum er haldið fram? Flett var upp í málaskrárkerfi lögreglu, brotum sem féllu undir stórfelldar líkamsárásir auk þess sem brot sem skráð voru „tilraun til manndráps“ og „manndráp“ voru skoðuð og voru ýmsar upplýsingar úr málunum kóðaðar. Valin voru tilviljunarkennt 20 mál á ári yfir nokkurra ára tímabil fram til 2016, þar sem um var að ræða stórfellda líkamsárás. Öll manndráp og tilraunir yfir sama tímabil voru skoðuð. Þegar fjöldi stórfelldra líkamsárása eru skoðuð í gögnum lögreglu yfir 10 ára tímabil miðað við stöðuna í dag, má sjá að meðalfjöldi þeirra var 86 brot á ári, en fjöldinn náði hámarki árið 2014 en fækkaði árin 2015 og 2016. Ekki eru breytingar á fjölda tilrauna til manndráps eða manndrápum yfir tímabilið.

Guðbjörg S. Bergsdóttir
Guðrún Sesselja Baldursdóttir

Öryggistilfinning Íslendinga í miðborg Reykjavíkur: Hverjir óttast afbrot mest og hvað veldur því?

Öryggistilfinning hefur lengi verið notuð sem mæling á ótta við afbrot bæði erlendis og hérlendis. Niðurstöður rannsókna sýna að einstaklingar telja sig vera óöruggari í borgum samanborið við út á landsbyggðinni. Ýmsar skýringar hafa verið settar fram, en einna helst er bent á að almenningur telji afbrotatíðni vera hærrí í miðborginni heldur en í sínu nærumhverfi. Konur upplifa almennt meira óöryggi heldur en karlar, bæði í sínu nánasta umhverfi og miðborgum. Ein ástæða þess er talin stafa af skynjuðu varnarleysi kvenna gagnvart ofbeldi, sér í lagi kynferðisofbeldi. Tilgangur þessarar rannsóknar er að meta öryggistilfinningu Íslendinga í miðborg Reykjavíkur og skoða hverjir það eru sem óttast afbrot mest í miðborginni og hvað er líklega að valda þessum ótta. Í þessu samhengi verður litið sérstaklega til ótta við ofbeldis- og kynferðisbrot og hvort, og þá hvaða, leiðir einstaklingar fara til þess að auka öryggi sitt í aðstæðum sem vekja upp ótta. Gögn voru fengin með netkönnun sem lögð var fyrir 4000 manna úrtak landsmanna á vormánuðum 2017 og sá Félagsvísindastofnun um framkvæmd. Svarhlutfall var rúmlega 60 prósent.

Sædís Jana Jónsdóttir
Jónas Orri Jónasson
Rannveig Þórisdóttir

Afbrotapróun í síbreytilegu samfélagi: Hverjar eru skýringarnar á fækkun auðgunarbrota síðastliðin ár?

Á síðustu tíu árum hafa verið nokkrar sveiflur í fjölda tilkynninga um auðgunarbrot, eins og þjófnaði og innbrot, í tölum lögreglu. Á sama tíma hefur íslenskt samfélag gengið í gegnum miklar sveiflur í efnahagsmálum. Einnig hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt, þó sveiflur hafi verið í mannfjöldapróun með tilliti til erlends vinnuafls og ferðamanna. Ýmsar spurningar vakna um hvað veldur þessari þróun í afbrotatölum lögreglu. Munum við velta því fyrir okkur hvort orðið hefur tilfærsla frá einni tegund auðgunarbrota yfir í aðra og hvort að breyting hafi orðið á samsetningu í gerendahóp á þessu tímabili. Eru breytingar á hópi þeirra sem tilkynna brot til lögreglu? Hafa þættir eins og atvinnuástand og kaupmáttur áhrif á tíðni auðgunarbrota? Er fylgni við sveiflur í fjölda ferðamanna eða fjölda lögreglumanna? Í greininni verður leitað svara við þessum spurningum og öðrum. Bornar verða saman upplýsingar úr málaskrá lögreglu og niðurstöður spurningalistakannana á reynslu almennings af afbrotum, sem Félagsvísindastofnun hefur framkvæmt síðustu ár að beiðni Ríkislögreglustjóra og Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, en svarhlutfall hefur jafnan verið um 60 prósent. Loks verður mæld fylgni tilkynntra brota við íbúasamsetningu og ýmsar hagstærðir.

Snorri Örn Árnason
Jónas Orri Jónasson

Nýjar aðferðir við mælingar á skorti efnislegra gæða meðal einstaklinga og heimila í Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands

Algengt er að nota skort á efnislegum gæðum (*material deprivation*) sem mælingu á fátækt í könnunum. Hins vegar er óljóst hvernig skuli mæla skort. Hagstofa Íslands hefur nýverið hafið endurskoðun á mælingum á skorti efnislegra gæða með tilliti til nákvæmni og áreiðanleika og hvort mælingin eigi við um heimilið í heild sinni eða einstaka svarendur. Þetta tengist gagnasöfnun rannsóknarinnar þar sem einn heimilismanna svarar fyrir alla heimilismenn í gegnum síma þar sem erfitt væri að ræða við alla heimilismenn sökum svarbyrðar og kostnaðar gagnasöfnunar. Þrjár mögulegar lausnir eru á þessu máli:

- 1) Safna upplýsingum um einn heimilismann;
 - 2) Spyrja einn heimilismanna um allt heimilið;
 - 3) Spyrja bæði um skort viðkomandi svaranda og heimilið í heild sinni;
- Þessar aðferðir voru prófaðar í Lífskjararannsókn Hagstofunnar í byrjun árs 2016. Þær voru metnar með tilliti til áreiðanleika og réttmætis með staðfestandi þáttagreiningu og formgerðargreiningu. Í öðru lagi voru aðferðirnar metnar með tilliti til tengsla þeirra við aðrar mælingar sem tengjast skorti á efnislegum gæðum. Að lokum var nákvæmni mælinganna metin. Sérstaklega var hugað að nákvæmni stikamats fyrir smáa hópa.

Anton Örn Karlsson
Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Dreifing tekna á Íslandi: Jafngildi heimilisgerða

Í erindinu eru jafngildiskvarðar lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands metnir á grundvelli huglægs mats þátttakenda í rannsókninni á tekjuþörf heimilis síns.

Jafngildiskvarðar eru notaðir til að umbreyta heimilistekjum í ráðstöfunartekjur á neyslueiningu sem er mæling á lífskjörum að teknu tilliti til þeirrar útgjaldaþarfar og stærðarhagkvæmni sem hlýst af mismunandi fjölda og aldurssamsetningu heimilisfólks. Sá kvarði sem er notaður í lífskjararannsókninni er hinn svokallaði breytti jafngildiskvarði OECD. Samkvæmt honum fær fyrsti heimilismaður eldri en 14 ára vægið 1, börn undir 14 ára fá vægið 0,3 en annað heimilisfólk fær vægið 0,5 þegar allir eru taldir saman.

Val á jafngildiskvarða fyrir tekjurannsóknir getur haft umtalsverð áhrif á niðurstöður, svo sem á mælingu meðal lífskjara, tekjudreifingu og stærð og samsetningu hópsins sem er undir lágtekjumörkum. Jafngildiskvarði lífskjararannsóknarinnar byggir ekki á reynsluathugunum. Fyrir vikið er ekki víst að hann endurspegli útgjaldaþörf og stærðarhagkvæmni ólíkra heimilisgerða á Íslandi og því er hætt við að hann gefi ranga mynd af dreifingu lífskjara á Íslandi.

Niðurstöðurnar benda til þess að hinn breytti jafngildiskvarði OECD vanmeti stærðarhagkvæmni íslenskra heimila og þar af leiðandi jafngildiskvarðinn til vanmats á tekjudreifingu og lágtekjuhlutfalli.

Kolbeinn H. Stefánsson

Hæsta menntun Íslendinga 1981—

Í erindinu verður fjallað um átak Hagstofunnar sem gert var í tengslum við manntalið 2011 að safna saman öllu tiltæku efni um hæstu menntun landsmanna. Gagnasafnið sem tekið var saman byggir að grunni til á Prófaskrá Hagstofunnar þar sem eru upplýsingar um allar útskriftir úr innlendum skólum frá haustönn 1995, manntalinu 1981 og sérstöku átaki Hagstofunnar til að sækja lista yfir alla brautskráningarnema í skólum landsins á árabílinu 1981 og 1995. Eftir gerð manntalsins 2011 var haldið áfram að skipuleggja gagnasafnið þannig að það nýtist í almennri hagskýrslugerð innan Hagstofunnar. Fjallað verður sérstaklega um áskoranir við að afla upplýsinga um menntun erlendis frá og áskoranir við að draga upplýsingar úr ólíkum áttum samann í eina heild. Aðferðafræðinni verður lýst, en einnig verða birtar niðurstöður úr áreiðanleikakönnun sem gerð var í tengslum við Lífskjararannsókn Hagstofunnar 2017. Með nýju gagnasafni verður Hagstofunni gert kleift að gera grein fyrir þróun menntunar eftir kyni, aldri og svæðum sem ekki hefur verið hægt áður. Þá verður mögulegt að nýta þessar upplýsingar í stað menntunarspurninga í úrtaksrannsóknnum Hagstofunnar sem bæði stytta spurningalistana og gerir menntunarbættinum í þeim rannsóknnum betri og áreiðanlegri skil.

Ómar Harðarson
Anton Örn Karlsson

Ljúfar konur og sterkir karlar

Umfjöllun um rétt og kynferði er viðvarandi og birtist bæði í umræðunni um lögfræðina sjálfa sem fræðigrein en einnig við val á einstaklingum til að gegna valdamiklum stöðum innan réttarkerfisins og áhrifum kynferðis á störf þeirra.

Árið 2016 veitti Jafnréttissjóður Íslands styrk til að vinna rannsókn á skipun/setningu í störf hæstaréttardómara hér á landi út frá sjónarhóli kynjafræða og femínískrar lögfræði. Um er að ræða rannsókn á undirbúningi og skipun/setningu í störf hæstaréttardómara. Rannsóknin skiptist í meginatriðum í tvennt, annars vegar kynjafræðilega orðræðugreiningu á niðurstöðum mats dómnefndar um hæfi umsækjenda um embætti hæstaréttardómara skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 sbr. lög nr. 45/2010. Hins vegar er um að ræða lögfræðilega greiningu á hæfnismati nefndarinnar í sömu málum og þeim viðmiðum sem lögð eru til grundvallar við mat á hæfni umsækjenda og hvort þau viðmið standist ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og þeirra alþjóðaskuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir og varða jafnrétti kynjanna.

Rannsóknin tekur til allra dómnefndarálita frá maí 2010 til ársloka 2015 og verða niðurstöður hennar kynntar í erindinu.

Brynhildur G. Flóvenz
Þorgerður Einarsdóttir
Ívar Karl Bjarnason

„Hún reyndi ekki að kalla á hjálp...“ Greining á niðurstöðum Hæstaréttar í nauðgunarmálum

Í erindinu er gerð grein fyrir framkvæmd og niðurstöðum rannsóknar á dómum Hæstaréttar í kynferðisbrotamálum. Um tvö tímabil er að ræða, annars vegar eru greindar niðurstöður Hæstaréttar í kynferðisbrotamálum eftir breytingar á kynferðisbrotakafli almennra hegningarlaga árið 1992 og hins vegar árið 2007.

Rannsóknin byggist á orðræðugreiningu þar sem greind eru þrástef og mynstur í orðræðunni og hvort og þá hvernig samfélagsleg undirskipun kvenna birtist í dómum. Greiningin sýnir að minni áhersla er á átök og líkamlegt ofbeldi eftir lagabreytingar árið 2007 þótt enn virðist meira gert úr líkamlegu ofbeldi en andlegu.

Skoðað er að hvaða marki ábyrgð er lögð á þolendur brotanna. Lengst af virðist óeðlilega mikil ábyrgð lögð á brotþola þótt erfiðara sé að koma auga á hana á seinni árum. Athygli vekur að þegar gerendur eru erlendir virðist draga úr áherslu á þolendaábyrgð.

Pórhildur Sæmundsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

Réttarstaða kvenna sem brotþola kynbundins ofbeldis í ljósi femínískra lagakenninga

Samkvæmt niðurstöðum rannsókna á einkennum og meðferð nauðgunarmála innan íslensks réttarkerfis árin 2008 og 2009 var sakfelld í miklum minnihluta kærðra kynferðisbrota auk þess sem einungis hluti kynferðisbrota er kærður. Er þessi niðurstaða í samræmi við aðrar innlendar og erlendar rannsóknir á þessu sviði. Mikil umræða hefur átt sér stað á undanförunum árum um hvernig réttarkerfið geti verndað þolendur kynbundins ofbeldis, ekki síst kynferðisofbeldis, og að hve miklu leyti lagasetning, túlkun og framkvæmd laga tekur mið af mismunandi veruleika kynjanna.

Á vordögum 2017 fékkst styrkur úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til að rannsaka stöðu brotþola kynbundins ofbeldis á Íslandi í ljósi femínískra lagakenninga. Markmiðið var að kanna hvort lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, túlkun þeirra, framkvæmd og undirliggjandi rök endurspegli ólíka stöðu og hlutverk kynjanna í þessum málaflokki og hvort greina megi mismunun á grundvelli kynferðis í þeim. Enn fremur að varpa ljósi á viðhorf og hugmyndir um brotþola eins og þau birtast í dómum Hæstaréttar og hvort og þá hvernig þau samræmast tilteknum kenningum femínískrar lögfræði.

Eva Huld Ívarsdóttir
Ingibjörg Ruth Gulin
Brynhildur G. Flóvenz

Kynferðislegt ofbeldi í æsku, afleiðingar og úrræði

Kynferðislegt ofbeldi í bernsku getur haft alvarlegar og víðtækar afleiðingar fyrir heilsufar og líðan karla og kvenna. Mikilvægt er að byggja á dýpri þekkingu á reynslu þolenda á Íslandi af þessum víðtæku afleiðingum við þróun heildræns meðferðarúrræðis fyrir þolendur CSA innan heilbrigðiskerfisins. Markmið með doktorsrannsókninni er að auka þekkingu og dýpka skilning á afleiðingum CSA hjá þolendum af báðum kynjum í því skyni að auka hæfni hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta í að veita viðeigandi umönnun. Að þróa og skoða reynslu íslenskra kvenna af heildrænu meðferðarúrræði og reynslu af heilbrigðiskerfinu. Notuð var fyrirbærafræðileg rannsóknaraðferð til að auka þekkingu og dýpka skilning á afleiðingum CSA. Í rannsókn I voru þátttakendur sjö íslenskir karlar með sögu um CSA. Í rannsókn II var borin saman reynsla þessara sjö karla og sjö íslenskra kvenna (frá annarri rannsókn höfundar). Í rannsókn III voru tekin sjö víðtöl við eina íslenska konu með langa áfallasögu. Í rannsókn IV voru tekin víðtöl við 10 íslenskar konur sem tóku þátt í Gæfusporunum. Samtals voru því 65 einstaklingsvíðtöl lögð til grundvallar í greiningarvinnunni. Helstu niðurstöður rannsókna voru að afleiðingar CSA, bæði fyrir íslenska karla og konur, voru alvarlegar fyrir heilsufar og líðan. Þátttakendur töldu að þeir hefðu ekki fengið nægjanlegan stuðning eða skilning frá heilbrigðisstarfsfólki, en þátttaka í Gæfusporunum virtist bæta heilsu og líðan þeirra sem tóku þátt í þeim.

Sigrún Sigurðardóttir

Ofbeldi og vanræksla í æsku meðal fanga á Íslandi

Ofbeldi og vanræksla í æsku móta sjálfsmynd barna og hafa áhrif á þroska heilans og því getur ill meðferð á uppvaxtarárum haft alvarlegar og langvinnar afleiðingar. Meðal annarra vandamála eiga einstaklingar sem hafa orðið fyrir slíkri meðferð á hættu að þróa með sér áfallastreituröskun, en ómeðhöndluð getur hún haft mjög slæm áhrif á líf fólks og verulega skerðandi áhrif á lífsgæði. Fjölmargar erlendar rannsóknir hafa leitt í ljós að áföll og ill meðferð í æsku séu algengari meðal fanga en hjá almenningi og að samband sé milli áfallasögu og afbrotahæðunar. Einnig hefur ítrekað verið sýnt fram á hærri tíðni áfallastreituröskunar meðal fanga en í almennum úrtökum. Niðurstöðurnar leiddu í ljós að ill meðferð í æsku var mjög algeng meðal þátttakenda (n=48) þar sem 87% höfðu upplifað í það minnsta eina af þeim fimm tegundum illrar meðferðar sem metnar voru (M=2,33; sf=1,68). Um 52% höfðu upplifað andlegt ofbeldi, 27% líkamlegt ofbeldi og 48% kynferðisofbeldi af einhverju tagi en rúmlega helmingur þátttakenda greindi frá vanrækslu á uppvaxtarárum sínum. Af þeim þátttakendum sem svöruðu spurningum um einkenni áfallastreituröskunar (n=41) reyndust rúm 63% mæta greiningarviðmiðum fyrir röskunina og greindu þeir allir frá skertum lífsgæðum og/eða skertri virkni vegna einkenna sinna.

Hrafnhildur Gunnþórsdóttir

Gísli Kort Kristófersson

Elín Díanna Gunnarsdóttir

Nauðgun unglingsstúlkna

Rannsóknir sýna að skömmin er helsta hindrunin þegar kemur að því að kæra meint kynferðisofbeldi. Í rannsókn á dómum Hæstaréttar í málum þar sem sakfelld er fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar og brotþoli er yngri en 18 ára, án þess að brot varði jafnframt við sérákvæði hegningarlaganna um kynferðisbrot gegn börnum sbr. 200. – 202. gr., var athyglinni sérstaklega beint að kærðu málanna, aðstæðum sem kæra er sprottin úr og sálrænum viðbrögðum þolenda, sem í öllum tilvikum voru stúlkur. Tæplega 40% brotanna voru kærð umsvifalaust, 64% innan sólarhrings og 76% innan tveggja sólarhringa. Öll brotin höfðu verið kærð innan þriggja mánaða að tveimur undanskildum. Algengast var að tilkynning um brot kæmi frá þolandanum sjálfum eða nánustu aðstandendum hans.

Með rannsókn á dómum Hæstaréttar um nauðgun unglingsstúlkna er skyggst inn í þann veruleika sem blasir við í þeim tilgangi að skilja eðli og einkenni brotanna með það að markmiði að mæta þolendum þeirra af af skilningi og fordómaleysi til að auðvelda þeim að stíga fram. Þannig megi stuðla að því að málin hljóti framgang í refsivörsluferfinu, en ekki síður að þolendur leiti sér hjálpar til að draga úr alvarlegum afleiðingum brotanna.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Áfall á áfall ofan: Ofbeldi gegn konu í nánu sambandi frá sjónarhóli kvenna sem þolenda

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða ofbeldi gegn konu í nánu sambandi frá sjónarhóli kvenna sem þolenda með fyrirbærafræðilegri aðferð. Rætt var við níu konur sem allar höfðu lifað við slíkt ofbeldi. Yfirþema rannsóknarinnar er áfall á áfall ofan sem lýsir reynslu kvennanna af ofbeldi í nánu sambandi í hnotskurn. Konurnar vissu aldrei við hverju þær máttu búast og athafnir mannanna lýstu grimmd í garð kvennanna. Þeir ógnuðu þeim, tóku stöðugt meira af þeim, auðmýktu þær, og þöggðu smám saman niður í þeim. Konunum fannst þær stöðugt hafa minna sjálfstraust og sjálfsálit, fannst þær ekkert eiga, ekki einu sinni tíma sinn. Fannst þær ekki hafa rödd. Þær fundu fyrir einangrunartilfinningu þar sem mennirnir lokuðu á tengsl þeirra við aðra, svo sem vináttu- og ættartengsl. Fannst þær alltaf hafa minna andrými. Gerðu næstum hvað sem er til að halda friðinn. Flestar reyndu að „lesa“ manninn eins vel og þær gátu til að fyrirbyggja reiðiköst og ofbeldi en þegar konurnar litu til baka upplifa þær allar að lífi þeirra hafi verulega verið ógnað. Ályktunin sem dregin er af niðurstöðunum er að ofbeldi í nánu sambandi sé eins niðurbriótandi og raun ber vitni vegna þess að það vegi að reisin konunnar sem manneskju, frelsi hennar og sjálfræði.

Sigríður Halldórsdóttir

Prestshempur og lögreglubúningar: Samskipti og stjórnun meðal „íklæddra“ starfsmanna

Hvað felst í því að vera árangursríkur prestur eða ánægður lögreglumaður?

Í erindinu er gerð grein fyrir niðurstöðum doktorsrannsóknar höfundar, „Á grænum grundum – Rannsókn á leiðtogaeinkennum íslenskra presta og grósku í safnaðarstarfi“. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að greina og túlka áhrifaþætti á árangursríkt safnaðarstarf með megináerslu á stjórnun og áhrif prestsins. Hinum kristna er ætlað að vera góður og kærleiksríkur sem getur reynst snúíð fyrir presta ef taka þarf á erfiðum stjórnunarlegum málum. Fræðimenn hafa bent á að kirkjur verði að skilgreina hvort þær séu eingöngu hugsjónafélög eða hvort þær ætli að tileinka sér markmiðsmiðaða stjórnunarhætti. Í eigindlega hluta rannsóknarinnar var rætt við tólf reynslumikla presta. Helstu niðurstöður sýna að prestar eiga í erfiðri stjórnunarlegri stöðu. Umboð og vald er óljóst gagnvart yfirstjórn.

Lögreglumenn starfa eftir lögum og reglum og er einnig gert að sýna fyrirmyndarhegðun. Í nýrri meistararannsókn Rósu Bjargar Brynjólfsdóttur um upplifun lögreglumanna á starfsanda benda niðurstöður til þess að lögreglumenn upplifa oft erfið samskipti við yfirmenn og mikla stigveldismenningu.

Í erindinu verður varpað ljósi á sameiginlega stjórnunarreynslu presta og lögreglumanna og greint hvernig hægt er að þróa og skerpa á samskiptaferlum meðal „íklæddra“ embættismanna.

Ásdís Emilsdóttir Petersen

Sviðsmyndir í sameiningarferli sveitarfélaga

Að frumkvæði Hornafjarðar ákvað sveitarfélagið ásamt Skeiðarár- og Djúpavogshreppi að fara í formlegt sameiningarferli fyrrihluta ársins 2017. KPMG var ráðgefandi aðili og var ákveðið að beita sviðsmyndagerð (e. scenario planning) til að draga fram framtíðaráskoranir sveitarfélaganna ásamt hefðbundinni greiningu á núverandi innviðum og stöðu sveitarfélaganna. Byggðarannsóknasjóður studdi rannsókn Framtíðarseturs Íslands á væntingum þátttakenda og árangri á notkun sviðsmynda í ferlinu (e. action research). Settur var fram vegvísir (e. road map) um einstaka áfanga ferilsins fram að kosningu íbúa um að sameinast eða ekki. Samliða þessu var sett fram rannsóknaráætlun sem fylgt var eftir í ferlinu. Rannsóknaráætlunin samanstóð af eftirfarandi þáttum:

- Spurningum í almennri netkönnun til íbúa þar sem meðal annars var spurt um viðhorf til framtíðarrýnis (e. foresight) í tengslum við hugsanlega sameiningu.
- Sértekri netkönnun meðal hagaðila í tengslum við tveggja daga vinnustofu, þar sem dregnar voru fram helstu áskoranir sveitarfélaganna til ársins 2030.
- Sértekri netkönnun eftir íbúafundi sveitarfélaganna til að ná fram viðhorfi þeirra til aðferðarinnar, veikleika í notkun og ávinning. Í fyrirlestrinum verður farið yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

Karl Friðriksson

Runólfur Smári Steinþórsson

*Styrktaraðilar verkefnisins voru: Byggðarannsóknasjóður, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Framtíðarsetur Íslands.

Endurskoðun og væntingabilið

Væntingabilið í endurskoðun (e. expectation gap) hefur verið þekkt í hart nær hálfra öld. Í grein eftir Liggio frá 1974 er fyrst talað fræðilega um væntingabilið í endurskoðun. Komið hafa fram skilgreiningar á því hvað er væntingabil. Ekki hafa allir færðimenn skilgreint hugtakið á nákvæmlega sama hátt. Liggio skilgreindi bilið á milli endurskoðenda og notenda reikningsskila. Í Cohen skýrslunni frá 1978 var hugtakið gert yfirgrípsmeira og talað um bil á milli endurskoðenda og þarfa markaðarins. (e. public expects).

Nú hefur hugtakið væntingabil verið þekkt í um hálfra öld og hefur eitthvað verið gert til þess að minnka væntingabil. Svo er það spurning hverjir eiga að upplýsa um væntingabil og hverjir eiga að stuðla að því að minnka það?

Í rannsókninni verður skoðað hvaða efni hafa verið til umfjöllunar hjá endurskoðendum á almennum vettvangi, t.d. í Viðskiptablaði Morgunblaðsins, þar sem greinar hafa birst undir yfirskriftinni „Endurskoðun“. Skoðuð verða árin 2015, 2016 og 2017. Tekin verður saman fjöldi greina og þær flokkaðar eftir efnisinnihaldi. Endurskoðendur eru í bestu aðstöðunni til að upplýsa markaðinn hvað felst í endurskoðun reikningsskila og hvað fellur utan þess í þeim tilgangi að lágmarka væntingabilið sem er á milli endurskoðenda og markaðarins.

Einar Guðbjartsson

Endurskoðunarnefndir

Bornar eru saman tvær kannanir, annars vegar frá 2012 og hins vegar frá 2016, þar sem m.a. er gerð er grein fyrir stjórnháttum nefnda, skipan nefndarmanna og nefndarstörf. Einnig er skoðað hvort einhver munur er á niðurstöðum úr hvorri könnun fyrir sig og samanburður gerður.

Tilgangur endurskoðunarnefndar er að tryggja að gæði og áreiðanleiki fjárhagsskýrsla og fjárhagsupplýsinga sé sem mestur, hvort sem um er að ræða skýrslur til stjórenda félagsins eða til hagsmunaaðila utan félagsins. Umgjörð og fyrirkomulag endurskoðunarnefnda hefur mikið að segja hvort þessum markmiðum er náð eða ekki og því tengist þetta beint góðum stjórnarháttum.

Endurskoðunarnefnd fer með hluta af störfum sem stjórn hafði áður á sínu borði. Þessi uppskipting á viðfangsefnum stjórnar er því hluti af góðum stjórnarháttum. Í greininni verður greint frá niðurstöðum kannananna og uppbyggingu og vinnufyrirkomulag endurskoðunarnefnda greint m.t.t. góðra stjórnarháttanna. Í þessum könnunum eru stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins sem falla undir skilgreininguna „einingar tengdar almannahagsmunum“.

Þetta er fyrsta samanburðarrannsókn sinnar tegundar þar sem sérstaklega er tekið til uppbyggingar og vinnufyrirkomulags endurskoðunarnefna. Margt bendir til þess að breytingar hafa orðið og er vonandi að niðurstöðurnar varpi ljósi á aðstæður endurskoðunarnefnda sem kann að leiða til þess að breytinga, t.d. á löggjöf tengt endurskoðunarnefndum, eigi sér stað.

Jón Snorri Snorrason
Einar Guðbjartsson

Heilsa og vellíðan á vinnustað

Vinnustaðurinn spilar stórt hlutverk varðandi vellíðan starfsmanna. Aukinn hraði og langvarandi álag á vinnustað getur leitt til starfstengdrar streitu sem er eitt algengasta heilsufarsvandamál innan vinnustaða í dag. Markmið þessarar rannsóknar er að skoða heilsu og vellíðan starfsfólks á vinnustað hjá einu af stærstu sveitarfélögum landsins. Rannsóknin byggir á rafrænni spurningalistakönnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk sveitarfélagsins á haustdögum 2016 eða 1566 manns. Svarhlutfallið var 70,2%. Konur voru 79,1% svarenda og karlar 20,1% og endurspegluðu kynjahlutfall þýðisins mjög vel.

Niðurstöðurnar sýna að rúm 37% starfsfólksins fannst það oft vera útbrunnið í lok vinnudags og rúm 27% fannst það vera stressað í lok vinnudags síðastliðna þrjá mánuði. Um 56% starfsfólksins hafði mætt í vinnuna veikt vegna álags á vinnustað síðasta árið og um 20% hafði leitað til læknis vegna veikinda eða heilsubrests sem það rak til aðstæðna í vinnunni. Fjórðungur starfsfólksins hafði hugsað oft um að hætta í núverandi starfi. Enginn munur kom fram á svörum starfsfólks eftir því hvort um karl eða konu var að ræða.

Þessar niðurstöður sýna að heilsa starfsfólksins er ekki góð og því líður ekki nægilega vel á vinnustaðnum. Þessar upplýsingar eru mikilvægar fyrir stjórnendur sveitarfélagsins í því augnamiði að stuðla að betra starfsumhverfi starfsfólki til heilla.

Hjördís Sigursteinsdóttir

Starfskröfur, sjálfstæði og stuðningur við millistjórnendur með ábyrgð á stjórnun starfsmannamála

Í erindinu verður gerð grein fyrir fyrstu niðurstöðum langtíma rannsóknar sem hefur að markmiði að bæta við fyrirbyggjandi rannsóknarstudda þekkingu og þróa áfram kenningar um millistjórnendur í opinberri þjónustustarfsemi.

Rannsóknarspurningar sem liggja til grundvallar þeim niðurstöðum sem kynntar verða eru: Hver er upplifun millistjórnenda af starfskröfum? Hver eru viðhorf þeirra til ábyrgðar, sjálfstæðis og umboðs til ákvarðanatöku – sér í lagi þegar kemur að stjórnun starfsmannamála? Hver er reynsla þeirra og viðhorf varðandi stuðning sem þeir fá sem stjórnendur með ábyrgð á starfsmannamálum?

Gagna var aflað meðal millistjórnenda á þremur af fimm sviðum hjá Reykjavíkurborg, bæði með djúpvíðtölum og með spurningakönnun um líðan, heilsufar og starfstengd viðhorf. Niðurstöðurnar sýna að almenna upplifunin er mikið vinnuálag og að fremur oft eða alltaf er of mikið að gera í vinnunni. Markmið og ábyrgð er skýr að flestra mati. Ákvarðanataka er oft krefjandi og flókin. Jákvæð viðhorf og metnaður gagnvart mannauðsmálum er áberandi mikill þrátt fyrir að stjórnendur telji þau mál oft bæði flókin og tímafrek. Þeir eru nær einhuga um sjálfstæði sitt og að þeir hafi umboð til ákvarðanatöku um flest annað en launamál. Stuðningur í formi upplýsinga frá næsta stjórnstigi upplifðist sem þokkalegur sem og ráðgjöf og hjálp við úrlausn verkefna frá næsta yfirmanni. Ánægja var meiri með ráðgjöf og hjálp frá mannauðsstjórum og sérfræðingum stoðdeilda. Kollegar voru einnig mikilvægur stuðningsaðili að mati millistjórnenda.

Inga Jóna Jónsdóttir

Virk hlustun stjórnenda í samskiptum við undirmenn

Í erindinu eru kynntar niðurstöður eigindlegar rannsóknar þar sem kannað er hvaða skilning og mat stjórnendur leggja á virka hlustun sem aðferð við stjórnun starfsmannamála. Auk þess er skoðað hvernig þeir lýsa afmörkuðum þáttum hlustunar sinnar og í því samhengi hvaða aðferðum þeir telja sig beita við virka hlustun í samskiptum við undirmenn sína. Tekin voru átta hálfopin viðtöl við stjórnendur í ólíkum skipulagsheildum. Við gerð viðtalsramma og við gagnagreiningu var HURIER-líkan um virka hlustun nýtt. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa sterkar vísbendingar um að stjórnendum þyki virk hlustun mikilvæg en hún er vanmetin í stjórnun. Þær benda einnig til þess að stjórnendur séu nokkuð vel með á nótunum um hvað felst í virkri hlustun. Þegar þeir voru beðnir um að skilgreina hugtakið nefndu þeir allir þætti sem eru ofarlega á baugi í skilgreiningum fræðimanna á hugtakinu. Viðmælendur virtust auk þess að einhverju leyti telja sig beita virkri hlustun. Þeir nefndu ýmis atriði henni tengd þegar þeir voru beðnir um að fjalla um afmarkaða þætti eigin hlustunar. Framlag þessarar rannsóknar felst í því að hún er eigindleg rannsókn um virka hlustun en flestar gagnastuddar rannsóknir sem finna má eru meginlegar. Þörf er á fleiri rannsóknum þar sem sjónarmið stjórnenda, hlustunarfærni og þróun færni í virkri hlustun er könnuð.

Kristrún Friðriksdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

Afdrif útskrifaðra grunnskólakennara

Reglulega berast fréttir um kennaraskort í íslenskum grunnskólum. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að aðeins um helmingur þeirra sem er með leyfisbréf sem grunnskólakennari kennir í grunnskóla. Þessi rannsókn byggir á gögnum úr símakönnun sem unnin var með styrk frá starfshóp á vegum Reykjavíkurborgar um eflingu starfs grunnskólakennara til að kortleggja starfsferil útskrifaðra grunnskólakennara. Úrtak er úr þýði útskrifaðra grunnskólakennara á árunum 2000 til og með 2012. Úrtaksramminn sem notast var við eru listar frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands fengust upplýsingar um fólk sem brautskráðist úr kennaranámi hjá Kennaraháskóla Íslands árin 2000 til og með 2007 og HÍ árin 2008 til og með 2012. Niðurstöður sýna að um helmingur þeirra sem útskrifuðust sem grunnskólakennarar á árunum 2000-2012 starfa við grunnskólakennslu en um 85% þeirra sem gera það ekki eru að störfum á öðrum vettvangi. Þar af starfar rúmlega helmingur í fræðslustarfsemi og þá helst sem framhaldsskólakennarar. Þeir sem kenna í grunnskóla hafa marktækt lægri laun en þeir sem aldrei hafa kennt í grunnskóla og þeir sem hafa kennt en eru hættir. Álag í starfi mældist einnig marktækt hæst meðal starfandi grunnskólakennara, mun hærra en meðal kennara sem sinna öðrum störfum.

Stefán Hrafn Jónsson
Helgi Eiríkur Eyjólfsson

Tímaatburðagreining á brottfalli grunnskólakennara

Undanfarin misseri hafa fréttir borist á yfirvofandi skorti á gunnskólakennurum. Hluti af vandanum er minni ásókn í kennaranám en einnig má skýra hluta af þessum vanda með brottfalli grunnskólakennara. Unnið var úr gögnum spurningalistakönnunar á úrtaki úr þýði útskrifaðra grunnskólakennara á árunum 2000 til og með 2012.

Starfsferill í grunnskóla var kortlagður frá útskrift til vorsins 2017. Tímaatburðagreining með Cox-líkani var notuð til að nýta þær upplýsingar sem liggja í mislöngum starfsferlum útskrifaðra kennara. Tímaatburðagreining nýtir alla fánlega tímamarkaða sem mældir eru mánuð eftir mánuð og metur þannig líkindi á að kennari hverfi frá kennslu á hverjum tíma (mánuðum). Ólíkt þversniðsmælingum sem meta stöðuna eftir tímamarkað sem valinn er af geðþótta (t.d. 5 ár) þá fullnýtir tímaatburðagreining allar þær upplýsingar sem liggja fyrir og gefur kost á að meta mismunandi líkur á brottfalli eftir því hversu langt er liðið frá upphafi starfsferils. Niðurstöður benda m.a. til að þeir sem fá ekki stuðning í fyrsta kennslustarfi (t.d. frá leiðsögukennurum) eru líklegri til að hverfa frá kennslu en þeir sem fá þannig stuðning. Niðurstöðurnar nýtast í aðgerðum til að sporna við brottfalli kennara úr starfi.

Helgi Eiríkur Eyjólfsson
Stefán Hrafn Jónsson

Brottfall í námi leikskólakennara

Brottfall úr leikskólakennaranámi við HÍ hefur verið mikið undanfarin ár og fór í 50% á fyrsta ári í grunnnámi á skólaárinu 2014 til 2015. Markmið þessarar rannsóknar var að komast að því hvað það væri annars vegar sem stuðlaði að því að nemendur í leikskólakennaranámi héldust í náminu og hins vegar hvað ylli því að þeir hyrfu frá því. Gerð var könnun meðal nemenda sem innrituðust árin 2014 og 2015 og var svarhlutfall um 50%. Jafnframt var hringt í þá nemendur sem innrituðust á sama tíma en horfið höfðu frá námi. Samhliða rannsókninni var leitað leiða til að styðja betur við nemendur á 1. ári með það að markmiði að draga úr brottfalli. Niðurstöður rannsóknarinnar eru m.a. þær að flestir sem innrituðust í námið á þessum árum voru í 75 til 100% starfshlutfalli í leikskóla á meðan á námi stóð, hvort sem þeir tilheyrðu brottfallshópnum eða voru enn í námi. Þegar nemendur voru spurðir um ástæður brottfalls kom fram að náminu fylgdi of mikið álag, fjárhagslegar ástæður og tímaskortur. Niðurstöður gefa því til kynna að skipuleggjendur námsins og aðrir hagsmunaaðilar geti lært af þeim og skoðað hvað sé til ráða til að sporna við brottfalli.

Arna H. Jónsdóttir
Bryndís Garðarsdóttir

*Verkefnið fékk styrk úr Kennslumálasjóði HÍ árið 2015.

Sumardvalir barna - Úrræði sveitarfélaga

Sumardvöl í sveit hefur lengi verið eitt af þeim úrræðum sem sveitarfélög á Íslandi hafa boðið þeim fjölskyldum sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður fyrir börn sín. Úrræðið er enn víða notað í sveitarfélögum þó dregið hafi úr notkun þess á síðustu árum. Í erindinu verður fjallað um markmið sveitardvalar og forsendur ákvarðana fagmanna um að senda börn í sveit. Sá hluti rannsóknar sem kynntur verður byggir á eigindlegum hálfstöðluðum viðtölum við fagmenn sem hafa allir starfað hjá Reykjavíkurborg. Viðtölin voru afrituð og þemagreind. Viðmælendur hafa í starfi sínu tekið ákvarðanir um sumardvalir barna og unnið að framkvæmd þeirra mála. Niðurstöður benda til þess að fagfólk hafi flest jákvætt viðhorf og jákvæðar minningar tengdar úrræðinu. Hugmyndafræðilegur grundvöllur virðist óljós sem og tenging við samtíma hugmyndir um vinnu með börnum. Úrræðið virðist hafa breyst í gegnum tíðina hvað varðar ástæður dvalarinnar og dvalatíma barnanna. Áður fyrr var það algengt að börn voru send í sveit vegna fátæktar í allt að þrjá mánuði. Í dag er dvalartími talsvert styttri en áður og ástæður sveitadvalar virðast frekar liggja í erfiðri hegðun barna en félagslega erfiðum aðstæðum fjölskyldna þeirra. Niðurstöður eru mikilvægur þáttur í að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur sem njóta stuðnings hins opinbera.

Hervör Alma Árnadóttir
Anni Haugen

Siðurinn að senda börn í sveit á 21. öldinni

Íslenski siðurinn að senda börn í sveit á sumrin var allsráðandi á 20. öldinni og eftir að hafa náð hámarki eftir seinna stríð er það mat margra að hann hafi lagst af fyrir aldamótin 2000. Börn eru þó enn að fara í sveit en óhjákvæmlega hefur siðurinn breyst í gegnum tíðina.

Markmið þessara rannsóknar er að skoða með hvaða hætti siðurinn heldur áfram. Hvað eru börn að gera í sveitinni? Eru þau að vinna eða er eingöngu verið að hafa ofan af fyrir þeim?

Gagnaöflun er lokið. Notast er við viðtöl og tekin voru viðtöl við ellefu einstaklinga sem voru í sveit á sumrin á árunum 2000 til 2016.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að börn sem fara í sveit á 21. öldinni hafi atbeina um hvort þau fari, hvert þau fari og hvað þau geri í sveitinni. Margt hefur breyst frá því á 20. öldinni bæði börnin sjálf sem og aðstæður í sveitinni en þó er annað sem breytist seint eins og nálægðin við náttúrunna og dýrin.

Steingerður Friðriksdóttir
Jónína Einarsdóttir

Does International Law on the Use of Force and on Armed Conflict apply in the Civil War in Syria?

The aim is to explain if and then how contemporary International Law on Use of Force (*Jus ad bellum*) as well as on Armed Conflict (*Jus in bello*) may apply in the Civil War in Syria. The Syria war has been ongoing since 2011 leaving more than 300.000 people dead besides creating wave of refugees in an unprecedented size since World War II. International bodies such as UN and ICRC have been ineffective leading to questions about the regimes they represent, namely UN Charter in relation to use of force and Geneva Conventions in relation to conduct of hostilities.

Various fractions are participating in the conflict, such as Government forces, fractions of rebels, such as FSA, Al-Sham, ISIS, and SDF. External forces are also involved such as Hezbollah as well as Russia, United States, Iran and Turkey. Following questions must be dealt with: Do the parties respect law of armed conflict or are they even bound to do that? Do various fractions have legal standing to use force or intervene in the conflict? Has this conflict perhaps become so special in nature that normal framework of International Law is not relevant any more, and what does that mean then?

Pétur Dam Leifsson

The UN Humanitarian System in Syria

The aim is to explain how the UN humanitarian system works in Syria. There is a huge burden on the UN agencies operating in Syria and the neighbouring countries. According to UNOCHA, 13.5 million people are in need of assistance and the funding gap is currently at 2.2 billion US dollars!

The role of the UN humanitarian organizations is to provide immediate relief in the form of aid (e.g. medicine and food) and to coordinate its efforts with other actors such as NGOs and INGOs. The UN also spearheads negotiations for access to people in need and facilitates aid convoys.

There are huge obstacles to access. The Syrian government requires humanitarian actors to go through a bureaucratic approval system to obtain permits and life-saving items have been removed from convoys. This means that rapid response is almost completely impossible.

Those who have managed to flee to neighbouring countries face dire conditions. They live in cramped settlements, have limited access to work and cuts have been made to cash assistance. There are also growing tensions between the host population and the refugees.

Without political interventions (and some might say military) the humanitarian situation will only continue to deteriorate. Without proper funding the UN will be unable to deliver humanitarian relief to those in need.

Vera Knútsdóttir

United Nations Constitutional Assistance and Human Rights Protection in Post-Conflict Situations

Constitutional reform is very common in a post-conflict setting. The United Nations often participate in this reform with its so-called UN Constitutional Assistance. This lecture covers two topics, firstly the influence that the UN has on human rights provisions of constitutions in post-conflict states and secondly the effectiveness of human rights protection in the same states.

To explore this, constitutions in 12 states which were made following conflict and under the influence of the UN, were analysed using Law and Versteeg's rights index from 2011. Furthermore, rights protection in the 12 states was reviewed using two indexes, Law and Versteeg's constitutional underperformance score and the human rights score from the Fragile States Index.

The main conclusions of the lecture are threefold. Firstly, UN Constitutional Assistance leads to constitutions which contain a high number of rights, a lot of the same rights and especially rights which fall under the category of third-generation human rights. Secondly, the rights content of the new constitutions seems durable, in the years after the Constitutional Assistance. Thirdly, the 12 states in the research generally don't provide effective human rights protection, especially in regard to second- and third-generation human rights. Finally, a more general truth drawn from these conclusions is that the quantity of human rights promised in constitutions does not necessarily equal quality of rights protection.

Auður Tinna Aðalbjarnardóttir
Oddný Mjöll Arnardóttir

Nýlegir dómar um ógildingu veðsamninga á grundvelli 36. gr. samningalaga

Liðnir eru meira en þrjú áratugir frá því að 36. gr. samningalaga nr. 7/1936 var lögfest hér á landi, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Ákvæðið heimilar ógildingu samninga sem er ósanngarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera fyrir sig. Við mat þess er litið til efnis viðkomandi samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerð og atvika sem síðar komu til. Við lögfestingu ákvæðisins voru viðraðar efasemdaraddir um að það væri of víðtækt, og gæti jafnvel grafið undan meginreglunni um skuldbindingargildi samninga.

Við fyrstu sýn virðist ákvæðið vera almenns eðlis og rúmt orðað. Það var hins vegar alltaf ætlunin að fela dómstólum mikilvægt hlutverk við beitingu reglunnar. Því dugar ekki eingöngu að líta til orðalags reglunnar, enda er meginefni slíkrar reglu ekki einungis það sem löggjafinn mælir fyrir um, heldur miklu frekar hvernig dómstólar beita henni. Byggt hefur verið á reglunni einni og sér eða samhliða öðrum ógildingarreglum í flestum þeirra mála þar sem krafist hefur verið ógildingar löggerninga, allt frá því að hún tók gildi.

Hér á landi hefur því fallið fjöldi dóma þar sem reynt hefur á ákvæðið. Í fyrirlestrinum verður sjónum beint að nýlegum dómum sem fjalla um veðsamninga, þar sem krafist hefur verið ógildingar á grundvelli 36. gr. sml. Þar hefur einkum reynt á upplýsingaskyldu lánveitanda gagnvart ábyrgðarmönnum. Samanburður verður einnig gerður við dóma sem fallið hafa á Norðurlöndum um hliðstæð álitafefni.

Ása Ólafsdóttir

Eru skilyrði fyrir veðsetningu rekstrartækja of ströng?

Það er meginregla við veðsetningu að ekki er heimilt að setja safn muna að sjálfsvörsluveði án þess að ségreina munina, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1997 um samningsveð. Verður að gera skýra grein fyrir hver sé hin veðsetta eign og séu eignirnar fleiri en ein ber að telja hverja þeirra upp og auðkenna sérstaklega. Í samningsveðlögunum eru nokkrar undantekningar frá þessari ségreiningarreglu og ein af þeim undantekningum er veðsetning rekstrartækja í fasteign sem er sérstaklega útbúin til rekstursins, sbr. 24.–27. gr. laganna.

Í dómi Hæstaréttar frá 16. september 2016 í máli nr. 528/2016 var fjallað um það hvort fyrirtæki, sem leigjandi fasteignar, gæti veðsett fasteignina með rekstrartækjum sínum. Komist var að þeirri niðurstöðu að slíkt væri óheimilt samkvæmt gildandi lögum. Í erindinu verður gerð grein fyrir rökum málsaðila og niðurstöðu Hæstaréttar.

Enn fremur verður velt vöngum yfir gildandi réttarstöðu í ljósi þess að mörg íslensk fyrirtæki leigja fasteignir undir rekstur sinn, m.a. vegna þess að þau vilja ekki binda fjármuni í fasteignum sem þau ellegar gætu notað til að byggja upp innviði fyrirtækisins. Hætta er því á að gildandi lagareglur um rekstrarveð taki ófullnægjandi tillit til þarfa atvinnulífsins, m.a. vegna þess að stjórnendur fyrirtækja vilja gjarnan hámarka nýtingu fjármagns fyrir kjarnastarfsemi þess, en að aðrir þættir rekstursins séu í höndum annarra.

Karl Óttar Pétursson

Tryggingarbréf og fyrning kröfu

Tryggingarbréf geta í grunninn verið tvenns konar, annars vegar til tryggingar tiltekinnar skuldar og hins vegar allsherjarveð fyrir öllum skuldum útgefanda við eiganda tryggingarbréfsins. Á árunum fyrir hrun varð notkun tryggingarbréfa útbreidd einkum vegna lægra stimpilgjalds á tryggingarbréf en skuldabréf. Varð sá háttur algengur að gefa út sérstakt tryggingarbréf til tryggingar á efndum lánessamninga í stað þess að hafa veðið tilgreint í lánessamningnum sjálfum. Þetta leiddi af sér nokkur vandkvæði á fullnustu þessara krafna og verður í erindinu fjallað um nýlega dóma Hæstaréttar á því sviði.

Þá er sjónum sérstaklega beint að því hvaða áhrif fyrning kröfu hefur á rétt kröfuhafa til að ganga að veði á grundvelli tryggingarbréfs. Samkvæmt 27. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda standa veðréttindi óhöggðu þó svo að krafa sem þeim er ætlað að tryggja fyrnist. Veðréttindi eru eignarréttindi og fyrnast ekki líkt og almennar kröfur.

Í dómi Hæstaréttar frá 15. desember 2016 í máli nr. 218/2016 var deilt um rétt kröfuhafa til að gera fjárnám í veðrétt samkvæmt tryggingarbréfi. Skiptum á búi skuldara lauk í september 2011 og miðaðist nýr tveggja ára fyrningarfrestur við það tímamark. Var krafan talin fyrnd og synjað um heimild til fjárnáms. Fjallað verður um niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli og öðrum þar sem talið er útilokað að fyrnd krafa, sem ekki er tilgreind í tryggingarbréfi, sé innheimt í skjóli 27. gr. fyrningarlaga.

Ólafur Kjartansson

Reynsla foreldra barna sem eiga við námserfiðleika að stríða af þjónustu í skólum

Í erindinu verða kynntar niðurstöður rannsóknar á reynslu og upplifun foreldra barna með námserfiðleika af stuðningi í grunnskólum. Rannsóknin er hluti af rannsókninni *Þjónusta við börn með námserfiðleika í grunnskólum* sem hefur það að markmiði að kanna stöðu nemenda með námserfiðleika í grunnskólum. Skilgreining hópsins sem rannsóknin beinist að eru börn í grunnskólum sem hafa verið greind með ADHD, ódæmigerða einhverfu eða Asperger, almenna og sértæka námserfiðleika, Tourette og geðraskanir s.s. kvíða og þunglyndi. Tekin voru 7 rýnihópaviðtöl við foreldra barna sem eiga það sameiginlegt að eiga börn í 3. – 10. bekk í grunnskólum á Íslandi. Í viðtölunum var leitast var við að fá fram viðhorf þeirra til helstu áskorana sem þeir hafa staðið frammi fyrir varðandi námserfiðleika barnanna. Niðurstöður sýna að foreldrarnir höfðu þurft að hafa mikið fyrir því að fá þjónustu fyrir börnin sín og að þeir hafi upplifað mikið álag í tengslum við skólagöngu barnanna sem hafði áhrif á líðan og samskipti innan fjölskyldnanna. Auk þess hafi mikil streita fylgt heimanámi barnanna og að of lítil áhersla hafi verið lögð á samskipti við foreldra þegar námserfiðleikanna varð vart. Af niðurstöðunum má ætla að mikilvægt sé að huga að velferð allrar fjölskyldunnar þegar barn á við námserfiðleika að stríða sem gæti aukið vellíðan barna og foreldra.

Ingibjörg Karlsdóttir

*Rannsókn styrkt af: Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Lýðheilsusjóði.

Upplifun og reynsla kennara og annarra fagmenntaðra starfsmanna grunnskóla af því að sinna nemendum með námserfiðleika

Í erindinu verða kynntar niðurstöður rannsóknar á upplifun og reynslu kennara og annarra fagmenntaðra starfsmanna í grunnskólum af þjónustu við nemendur með námserfiðleika. Rannsóknin er hluti af rannsókninni *Þjónusta við börn með námserfiðleika í grunnskólum* sem hefur það að markmiði að kanna stöðu nemenda með námserfiðleika í grunnskólum. Skilgreining hópsins sem rannsóknin beinist að eru börn í grunnskólum sem hafa verið greind með ADHD, ódæmigerða einhverfu eða Asperger, almenna og sértæka námserfiðleika, Tourette og geðraskanir s.s. kvíða og þunglyndi. Rannsóknin var eigindleg og tekin voru 8 rýnihópaviðtöl við kennara og annað fagfólk innan skóla sem sinna nemendum í 3. – 10. bekk í grunnskólum á Íslandi. Í viðtölunum var leitast var við að fá fram viðhorf þeirra til helstu áskorana sem þeir standa frammi fyrir í starfinu, hvað gengi vel og hvað þyrfti að bæta. Niðurstöður sýna að starfsfólkið upplifði mikið álag í starfi sökum fjölbreyttra þarfa nemenda sem hafði áhrif á líðan þeirra og starfsánægju. Að mati starfsfólksins skortir fleiri fagmenntaða starfsmenn innan skóla þeim til stuðnings. Af niðurstöðunum má draga þá ályktun að starfsfólk innan grunnskóla þurfi faglega handleiðslu og ráðgjöf í starfi sem gæti stuðlað að meiri starfsánægju þeirra og jafnframt aukinnar velferðar nemenda.

Sigrún Harðardóttir
Ingibjörg Karlsdóttir

*Rannsókn styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og Lýðheilsusjóði.

Reynsla ungra mæðra sem hafa takmarkaða skólagöngu að baki og búa við fátækt. „Hin dulda útilokun“

Í þessu erindi er sagt frá rannsókn sem hafði það að markmiði að varpa ljósi á upplifun og reynslu ungra mæðra af skólagöngu og félagsstöðu til að fá fram sem gleggsta mynd af þeirri lífsreynslu sem fylgir slöku gengi í skóla og innsýn í hvaða áhrif sú reynsla getur haft á líf einstaklinga. Rannsóknin var eigindleg og tekin voru viðtöl við átta mæður sem áttu það sameiginlegt að hafa þegið fjárhagsaðstoð og tekið þátt í úrræðum á vegum Reykjavíkurborgar. Niðurstöður sýna að upveldisaðstæður þeirra höfðu verið erfiðar þar sem þær höfðu allar búið við ofbeldi af ýmsu tagi á uppvaxtarárum sínum. Auk þess sýna niðurstöður að upplifun og reynsla þeirra af skólagöngu einkenndist af ýmsum erfiðleikum í tengslum við nám og félagsstöðu og höfðu þær allar reynslu af einhvers konar einleiti annað hvort af hendi skólans eða samnemenda. Þær voru sammála um að skólinn hefði brugðist þeim þar sem þær fengu ekki þann stuðning og úrræði sem þær þurftu á að halda. Út frá niðurstöðunum má ætla að mikilvægt sé að leggja áherslu á velferð nemenda sem standa höllum fæti innan skóla.

Þorlákur H. Helgason
Sigrún Harðardóttir

Reynsla nemenda sem glíma við námsvanda af námi við Háskóla Íslands – Forvarnir gegn streitu, aukin velferð

Með fjölbreytilegri nemendahópi standa háskólar frammi fyrir þeirri áskorun að mæta þörfum ólíkra nemenda. Í þessu erindi eru kynntar niðurstöður rannsóknar á upplifun og reynslu nemenda sem stunda nám við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og eiga við námsvanda að stríða. Leitað var svara við eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvað styður og hvað hindrar þá nemendur við Háskóla Íslands sem glíma við námsvanda? Tekin voru einstaklings- og rýnihópaviðtöl við nemendur sem voru að ljúka BA námi og glíma við sértæka námserfiðleika, ADHD, kvíða og/eða þunglyndi. Niðurstöður sýna að þeir stóðu frammi fyrir ýmsum áskorunum í náminu sem tengjast því m.a að þeir þurftu lengri tíma en aðrir til að komast yfir það námefni sem lagt var fyrir. Auk þess fannst þeim skorta stuðning og skilning frá kennurum og meiri sveigjanleika varðandi verkefnaskil. Niðurstöður benda til að breyta þurfi kennsluháttum til að stuðla að betri aðlögun nemenda. Með því að skilgreina þá þætti sem hafa áhrif á námsframvindu nemenda er hægt að stuðla að kennsluháttum sem mæta fjölbreyttum hópi nemenda sem geta dregið úr brotthvarfi úr námi. Með slíkum forvörnum mætti þannig stuðla að velferð nemenda og draga úr streitu.

Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir

*Rannsókn styrkt af Kennslumálasjóði HÍ.

Vald og fagmennska í hjúkrun á tímum niðurskurðar

Rannsóknin byggir á viðtölum við 11 hjúkrunarfræðinga á Landspítalanum. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hvernig hjúkrunarfræðingar á bráðadeildum Landspítalans samræma kröfur spítalans um afköst og eigin faglega sýn. Núverandi starfsaðstæður einkennast af miklum niðurskurði, manneklei í röðum hjúkrunarfræðinga og veikindaleyfum þeirra. Helstu niðurstöður eru að hjúkrunarfræðingarnir telja sér ómögulegt að finna heilbriggt, siðlegt og faglegt jafnvægi við ríkjandi starfsskilyrði. Í því skyni að viðhalda lágmarks fagmennsku og takmarka áhættu fyrir sjúklinga forgangsráða þeir tíma sínum og störfum þannig að þeir leitast við að tryggja öryggi sjúklinga. Það er oft á kostnað andlegrar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu hjúkrunarfræðinganna í andrúmslofti sem einkennist af því að engu má muna að mistök geti orðið og þeim finnst bæði öryggisviðmið spítalans og vinnuverndarstefna óásættanleg. Þeir lýsa fjarlægð milli sín og yfirmanna sinna og sakna þess stuðnings og málsvarnar sem þeir telja sig eiga rétt á frá yfirmönnum sem þeir segja hunsa og þagga niður kvartanir og ábendingar um vinnuálag og skort á öryggisviðmiðum. Vegna skorts á stuðningi frá yfirmönnum og áherslu spítalans á afköst hafa hjúkrunarfræðingarnir orðið vitni að og jafnvel átt þátt í gjörðum sem þeir telja ósiðlegar og ófaglegar og þeir eru í æ ríkari mæli farnir að endurmeta stöðu sína í starfi og þátttöku í valdatengslunum innan spítalans.

Klara Þorsteinsdóttir
Ingólfur V. Gíslason

Sýn ungmenna á öryggi á vinnustað

Algengt er að ungmenni stundi launaða vinnu á sumrin og með skóla. Rannsóknir sýna að vinnan stangast of á við vinnuverndarlög og að ungt fólk er líklegra til að slasast í vinnu en eldri starfsmenn. Vitað er að vinnuslys aldurshópsins tengjast þáttum á vinnustaðnum en ekki er ljóst nákvæmlega hvaða þáttum.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða sýn íslenskra ungmenna á, og reynslu af, öryggi á vinnustað. Hún byggir á hópviðtölum við 40 ungmenni, 14-20 ára. Niðurstöðurnar sýna að í grófum dráttum má skipta vinnustöðum/störfum ungmennanna í tvennt. Annar vegar „fullorðinsvinnustaði/störf“, s.s. störf við höfnina, við umönnun og inðnaðarmannastörf (iðnnemar). Á þessum vinnustöðum ríkir ákveðin öryggismenning og hugað er að öryggismálum, þó misbresti megi líka finna. Hins vegar „unglingavinnustaði/störf“, s.s. stórmarkaði, skyndibitastaði og veitingastaði. Ekki hægt að tala um eiginlega öryggismenningu í þessum störfum og aðbúnaður og öryggismál virðast ekki vera í forgrunni. Ungmennin vinna á tímum þegar yfirstjórnendur eru í fríi, fá litla sem enga starfþjálfun og sjaldnast nokkra öryggisþjálfun. Þó almennt sé ekki um hættuleg störf að ræða þá er vinnuálag oft mikið og mörg dæmi um slæmar vinnuaðstæður og slysaáhrif. Sú ályktun er dregin að samfélagslegs átaks sé þörf til að tryggja betur öryggi ungmenna á vinnustað.

Margrét Einardóttir

*Rannsóknin hefur hlotið rannsóknastöðustyrk frá Rannís.

Áhrif ofbeldis/áreitni í vinnu á starfsferil þolenda

Margkmið rannsóknarinnar var að kanna ofbeldi/áreitni í kvörtunum til Vinnueftirlitsins á tímabilinu 1.12.2004 – 9.11.2015 og varpa ljósi á birtingarmyndir þess og afleiðingar á starfsferil þolenda. Innihaldsgreiningu var beitt í rannsókninni á fyrirliggjandi gögnum. Við rýningu gagna voru upplýsingar skráðar um þolendur, gerendur, vinnustaði, eðli mála innan vinnustaða og afleiðingar fyrir starfsferil, líðan og heilsu þolenda. Alls 244 starfsmenn lögðu fram kvörtun á tímabilinu. Þolendur koma úr ýmsum starfsstéttum og starfa 41% þeirra í einkageiranum og 58% í opinbera geiranum. Flestir meintir gerendur gegna yfirmannsstöðu og algengt er að ofbeldi/áreitni hafi varað í nokkur ár á vinnustaðnum. Fjörtíu og tvö prósent þolenda hafði óbreytta stöðu á vinnustað í kjölfar þess að greina frá ofbeldi/áreitni, 19% þolenda hafði verið sagt upp störfum, 17% sagði upp að eigin frumkvæði og 14% fóru langtíma veikindaleyfi. Greina má að munur er á konum og körlum. Algengara er að karlmönnum hafi verið sagt upp störfum en konum. Hins vegar er algengara að konur fari langtíma veikindaleyfi en karlar. Ljóst er að ofbeldi/áreitni getur haft umtalsverð áhrif á starfsferil þolenda á vinnumarkaði. Í kjölfar uppsagna og langvarandi veikinda er ákveðin hætta á að einstaklingar fái verri stöðu á vinnumarkaði með tilheyrandi tekjumissi. Einnig er ákveðin hætta á að það leiði til ótímabundins brottfalls af vinnumarkaði. Mikilvægt er að stjórnmendur fyrirtækja stuðli að forvörnum ofbeldis/áreitni í vinnu.

Ásta Snorradóttir
Kristinn Tómasson

New types of work and employment forms: The atypical working life of millennials

The Nordic labour markets continue to be characterized by high participation rates of both men and women. However, changes are observable regarding the types of work and the employment forms which are nowadays more diverse and precarious than the more traditional and institutionalized ways of working. While the autonomy and flexibility that come with these forms of employment are usually highly valued by the workers, it has also been argued that these new forms of work can negatively effect the wage and working conditions of people. Furthermore it turns out that these new forms of work are disproportionately affecting young people. This presentation is about the working life of young people in Iceland and their experiences of working in non-traditional ways. We interviewed 5 participants under the age of 30 that are either self-employed, in temporary employment or in multiple jobs at the same time, with the purpose of bringing to light the consequences that an atypical working life can have for young people that are still at the beginning of their working career.

Thamar M. Heijstra
Gestur Guðmundsson

„Hagsmunir hverra ráða?": Upplifun stjórnenda og sérfræðinga á áhrifum birtinga umsækjendalista á umsækjendur í opinberum ráðningum

Birting umsækjendalista í opinberum ráðningum er umræðuefni sem heitar umræður skapast oft um. Erindið byggir á niðurstöðum úr rannsókn þar sem skoðuð var reynsla og upplifun stjórnenda og sérfræðinga á áhrifum birtingarlista yfir umsækjendur í opinberum ráðningum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er ákveðinn fælingarmáttur fólgin í birtingunni. Tekin voru viðtöl við stjórnendur og sérfræðinga sem hafa reynslu af ráðningum og þekkingu á áhrifum birtingar umsækjendalista á umsækjendur í opinberum ráðningum. Leitast var við að öðlast frekari skilning á ferli opinberra ráðninga og hvort þessir sérfræðingar teldu að birtingin hefði fælingarmátt. Rannsóknargögnin voru túlkuð og greind samkvæmt fyrirbærafræðilegri aðferðafræði. Niðurstöður sýna fram á að þeir stjórnendur og sérfræðingar sem leitað var til í þessari rannsókn telja að fælingarmáttur í birtingu á umsækjendalistum í opinberum ráðningum sé afar mikill og talið er að um 10-35% af umsækjendum dragi umsókn sína til baka. Þetta geti þar af leiðandi haft mjög neikvæð áhrif á ráðningarferlið í heild. Birting á nöfnum þeirra einstaklinga sem sækja um viðkomandi starf geti því leitt til þess að hæfasti umsækjandinn sæki ekki um starfið. Í lokin gefa niðurstöður rannsóknarinnar einnig til kynna að kerfisbundin birting á listum yfir umsækjendur þarfnist endurskoðunar til að auka líkurnar á að sá hæfasti verði ráðinn og að fagmennska ráði för í þessu umsóknar- og ráðningarferli í opinberum ráðningum.

Sigríður Pétursdóttir
Svala Guðmundsdóttir
Erla Kristjánsdóttir

Ofmenntun á íslenskum vinnumarkaði: Staða meðal háskólamenntaðs fólks

Markmið erindisins er að gera grein fyrir umfangi og eðli ofmenntunar á íslenskum vinnumarkaði. Úrtak rannsóknarinnar byggðist á tilviljunarúrtaki úr Þjóðská sem Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands framkvæmdi 9. mars til 9. apríl 2016. Könnunin náði til 2.001 einstaklings á aldrinum 18 ára og eldri á landinu öllu og svöruðu 1.210 einstaklingar henni. Í þessari rannsókn var aðeins litið til þeirra þátttakenda í úrtakinu sem höfðu lokið háskólanámi og voru í launaðri vinnu á Íslandi. Eftir hreinsun gagna voru þátttakendur 420, þar af voru 192 karlar og 228 konur. Niðurstöður rannsóknar sýndu að 21% þátttakenda var ofmenntað, en þegar falskir ofmenntaðir voru dregnir frá voru 7,1% þátttakenda ofmenntuð. Greining sýnir að marktækur munur er á menntavísindum og félagsvísindum á þann hátt að þeir sem eru með prófgráðu í menntavísindum eru síður ofmenntaðir en þeir sem lokið hafa háskólanámi á félagsvísindasviði. Vanmenntaða einstaklinga er helst að finna innan menntavísinda og meðal þeirra sem unnið hafa lengi á vinnustað. Niðurstöður sýna einnig að konur eru líklegri en karlar til að vera ofmenntaðar. Ofmenntaðir virtust almennt vera síður ánægðir í starfi auk þess sem þeir voru með lægri tekjur en aðrir þátttakendur.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Mat á færni og fötlun - WHODAS 2.0

Hugmyndafræði Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (ICF) hefur leitt til breytinga innan endurhæfingar með áherslu á þverfræðileg sjónarhorn og færni fólks í þeim aðstæðum sem það býr við. Slík nálgun kallar á ný verkfæri til að meta athafnir og þátttöku fólks og árangur þjónustu. WHODAS 2.0 er sjálfsmatstæki sem mælir færni og fötlun í takt við ICF. Matstækið hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og er notað bæði í starfi og rannsóknum. Markmið erindisins er að kynna þróun og rannsókn á próffræðilegum eiginleikum íslenskrar útgáfu af WHODAS 2.0. Matstækið var þýtt úr ensku og bakþýtt og til að tryggja skiljanleika þýðingarinnar var það lagt fyrir og rætt í rýnihópi fólks í endurhæfingu. Gögnum var safnað frá tveimur hópum. Fyrri hópurinn (n=81) samanstóð af fólki sem var að hefja endurhæfingu, en auk þess að svara WHODAS 2.0 fylltu þau út SF-36 lífsgæðakvarðann. Í síðari hópnum (n=55) voru einstaklingar í viðhaldsþjálfun, en þeir svöruðu WHODAS 2.0 tvisvar sinnum með 2ja vikna millibili. Tölfræðileg úrvinnsla beinist að því að staðfesta innri áreiðanleika, áreiðanleika endurtekinna mælinga og samtímaréttmæti íslenskrar útgáfu af matstækinu. Úrvinnsla gagna er í gangi og ætlað að henni ljúki í byrjun hausts. Rannsóknin er framlag til endurhæfingarþjónustu og rannsókna á endurhæfingu á Íslandi. Auk þess opnast möguleikar á þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum á færni og fötlun.

Hafdís Hrönn Pétursdóttir
Guðrún Pálmadóttir
Ragnheiður Harpa Arnardóttir

Mat á Starfshlutverki - Þróun íslenskrar útgáfu WRI 9.0

Vinnugeta á rætur að rekja til ólíkra þátta sem geta ýmist ýtt undir eða torveldað fólki að sækja vinnu. Í starfsendurhæfingu eru þessir áhrifaþættir kortlagðir í samvinnu við notendur þjónustunnar. Til að svo megi verða eru réttmæt og áreiðanleg matstæki nauðsynleg. Worker Role Interview (WRI) 9.0 er viðtalsmatstæki sem metur sálfélaglega þætti sem hafa áhrif á getu starfsmanns til að snúa aftur til vinnu í kjölfar veikinda eða slysa. Matið byggir á því hvernig einstaklingur lítur á og metur sjálfan sig, starfsaðstæður sínar og möguleika til vinnu. Matstækið hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál og er notað bæði í starfi og rannsóknnum. Þýðingarferli íslensku útgáfunnar fól í sér þýðingu og sérfræðihópaumræður, yfirlestur málfarsráðgjafa og prófun fagmanna. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna próffræðilega eiginleika íslenskrar útgáfu matstækisins. Fjórtán íslenskir iðjupjálfar lögðu WRI fyrir 146 skjólstæðinga. Þar af voru 11 viðtöl metin af fleiri en einum iðjupjálfa. Heildarfjöldi matsblaða var 249. Gögnin voru greind með Rasch. Fimmtán af 17 atriðum matstækisins reyndust meta sálfélaglega getu til að snúa aftur til vinnu. Allir matsmenn og meira en 95% skjólstæðinga féllu að Rasch líkaninu. Niðurstöður benda til að íslensk útgáfa tækisins sé réttmæt og áreiðanleg. Rannsóknin er framlag til endurhæfingarþjónustu og rannsókna í endurhæfingu á Íslandi. Auk þess skapar það möguleika á þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknnum í starfsendurhæfingu.

Kristjana Fenger
Jessica M Kramer

Evrópski heilsulæsilistinn HLS-EU-Q16: Þýðing, staðfærsla og prófun

Alþjóða heilbrigðismálastofnunin skilgreinir heilsulæsi sem getu fólks til að eiga aðild að heilsutengdum upplýsingum og þjónustu. Í heilbrigðisáætlun Evrópusambandsins frá 2008-2013 var mat á heilsulæsi sett í forgang. Sú vinna leiddi af sér gerð spurningalista um heilsulæsi í átta löndum Evrópu. Tilgangur rannsóknarinnar er að þýða, staðfæra og þróa 16 atriða sjálfsmatslista sem metur heilsulæsi fólks og felur í sér mat á að finna, skilja, meta og nota upplýsingar um heilsu á sviði meðferða, forvarna og heilsueflingar. Rannsóknin fól í sér þýðingu matslistans „European Health Literacy Survey Questionnaire, short scale“ (HLS-EU-Q16), ígrunduð samtöl og prófun listans með fyrirlögn. Listinn var þýddur og bakþýddur og að því loknu fóru fram 18 ígrunduð samtöl, í tveimur umferðum. Viðmælendur voru á aldrinum 20-74 ára, 9 karlar og 9 konur. Að lokinni aðlögun listans samkvæmt niðurstöðum ígrundaðra samtala var hann sendur á 1200 manna slembað úrtak. Þátttakendur voru á aldrinum 18-85 ára, af öllu landinu, og svarhlutfallið var um 30%. Úrvinnsla gagna beinist að innri áreiðanleika og þáttgreiningu listans auk heildarstiga heilsulæsis þátttakenda og tengsl heilsulæsis við bakgrunn þeirra. Ígrunduðu samtölin höfðu í för með sér nokkrar breytingar á spurningum matslistans. Úrvinnsla annarra gagna er í gangi, en fyrstu niðurstöður benda til þess að innri áreiðanleiki sé góður og heildarstig heilsulæsis sambærileg við það sem er í Evrópu.

Sonja Stelly Gústafsdóttir
Guðrún Heiða Kristjánsdóttir
Árún K. Sigurðardóttir

Ögunaraðferðir barna

Markmiðið með þessari rannsókn var að skoða líkamlegar refsingar (e. physical punishment) foreldra út frá sjónarhorni þeirra sjálfra og kanna hversu hátt hlutfall uppeldisaðferða foreldra voru: a) ögunaraðferðir án ofbeldis (e. non-violent discipline), b) sálrænar valdbeitingar (e. psychological aggression) og c) líkamlegar valdbeitingar (e. physical aggression). Þegar um sálræna og líkamlega valdbeitingu er að ræða fer það eftir því hversu alvarlegar þær eru og á hvaða menningarsvæði þær eiga sér stað hvort þær flokkist undir óuppbyggilega uppeldishætti. Alvarleiki líkamlegrar valdbeitingar var skipt í þrjú stig: vægar, alvarlegar og mjög alvarlegar. Spurningalisti var sendur til foreldra 6–17 ára barna og þeir spurðir um ögunaraðferðir. Foreldrar sem svöruðu listanum (N=617) voru á aldrinum 26–76 ára. Niðurstöður leiddu í ljós að allflestir sögðust beita uppbyggilegum og fremur lýðræðislegum ögunaraðferðum. Þó sögðust 65% hafa notað sálræna valdbeitingu af einhverju tagi sem ögunaraðferð og 19,4% sögðust hafa notað líkamlega valdbeitingu við ögun barna sinna síðastliðið ár. Yngri foreldrar beittu marktækt oftar slíkum aðferðum en eldri foreldrar. Breyturnar kyn og menntun höfðu ekki marktæk áhrif á ögunaraðferðir. Þar sem svarhlutfall var lágt (24%) gefa þessar niðurstöður ekki tilefni til að alhæfa um þýðið, en benda þó til þess að töluvert fleiri foreldrar beiti líkamlegum refsingum en opinberar tölur gefa til kynna.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

*Rannsóknin var styrkt af Félagsráðgjafarfélagi Íslands.

„Betra er heilt en vel gróíð“

Upplifun og afleiðingar ofbeldis og vanrækslu í æsku er viðfangsefni þessarar rannsóknar. Rannsóknin er eigindleg og var gagna aflað með viðtölum við 12 einstaklinga sem voru á aldrinum 23ja ára til 73ja ára. Þátttakendur áttu það sameinlegt að hafa upplifað endurtekið ofbeldi eða vanrækslu í einhverri mynd í barnæsku og leitað aðstoðar vegna andlegrar vanlíðunar á fullorðinsárum.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á sterk tengsl ofbeldis og vanrækslu í æsku við geðraskanir sem og ýmsa líkamlega sjúkdóma auk slakra lífsgæða almennt.

Afleiðingar ofbeldis geta verið margvíslegar og er hætt við að einstaklingar sem búa við erfiðar aðstæður aðlagist og svokölluð „normalisering“ eigi sér stað. Þolendur ofbeldis hafa oft lært að lifa af og kunna jafnvel fátt betur en komast af í slæmum aðstæðum.

Viðmælendur þessarar rannsóknar nefndu flestir brotna sjálfsmynd og ýmis andleg, líkamleg og félagsleg vandkvæði sem þau hafa glímt við og eru jafnvel enn að fást við. Afar mikilvægt er að rjúfa vítahring ofbeldis með aukinni þekkingu og stuðla að góðu aðgengi að upplýsingum og aðstoð. Þannig má auka líkurnar á að draga úr og jafnvel koma í veg fyrir skaða því „betra er heilt en vel gróíð“.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir
Ingólfur V. Gíslason

Fjarvinna starfsfólks og upplýsingaöryggi

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort starfsfólk tiltekinna stofnana stundaði fjarvinnu og ef svo var, hvernig farið væri með skjöl sem urðu til í starfi utan skrifstofunnar. Tilgátan var að meðhöndlun væri ábótavant en aðrar rannsóknir sýna að misbrestur er á því að fjarvinnsluskjöl, sem verða til á tækjum eins og far- og spjaldtölvum og snjallsímum, séu meðhöndluð samkvæmt lögum og reglum. Það leiðir til þess að upplýsingaöryggi er ógnað. Skoðað var hvort starfsfólk gæti vistað fjarvinnsluskjöl í rafrænt skjalastjórnarkerfi, hvort til væru verklagsreglur varðandi slíkt og hvort fylgst væri með því að skjölin væru vistuð. Staða mála hjá 15 stofnunum var könnuð 2015-2016 þar sem viðmælendur voru valdir kerfisbundið. Niðurstöður voru að flestar stofnananna gerðu starfsfólki kleift að stunda fjarvinnu og stór hluti viðmælenda gaf til kynna að hægt væri að vista skjöl í rafrænt skjalastjórnarkerfi. Fæstar stofnananna höfðu sett verklagsreglur um vistun skjalanna og hjá meirihluta var ekki eftirlit með vistuninni. Fyrir kom að skjöl, sem urðu til við fjarvinnu, hefðu glatast. Þá kom fram að fjarvinnsluskjöl voru síður vistuð samkvæmt skjalavistunarstefnu stofnunarinnar en skjöl sem urðu til á skrifstofunni. Rannsóknin gæti gagnast skipulagsheildum sem vilja auka upplýsingaöryggi þeirra skjala sem verða til við fjarvinnu. Hún getur einnig lagt grunn að frekari rannsóknum á sviðinu.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir

Millistjórnendur og stefnumótun: Helstu viðfangsefni millistjórnenda í Arion banka og aðkoma þeirra að stefnumótun fyrirtækisins

Stefnumótun skipulagsheilda er lifandi ferli sem leggur grunn að nær allri áætlanagerð þeirra. Með stefnumótun huga stjórnendur skipulega að framtíð skipulagsheilda, m.a. með því að skilgreina markmið og verkefni til þess að ná þeim. Millistjórnendur takast á við fjölbreytt og flókin verkefni. Fyrri rannsóknir sýna að hlutverk þeirra hefur tekið breytingum undanfarin ár og gegna þeir nú umfangsmeira hlutverki innan skipulagsheilda en oft áður. Millistjórnendur eru í kjörinni aðstöðu til þess að koma auga á sóknarfæri skipulagsheilda og þeir spila því mikilvægt hlutverk í stefnumótunarvinnu skipulagsheilda.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi inn í reynsluheim millistjórnenda í Arion banka. Í þeim tilgangi voru meginviðfangsefni þeirra og aðkoma að stefnumótun fyrirtækisins skoðuð. Tekin voru fimm eigindleg viðtöl við millistjórnendur í Arion banka. Niðurstöður benda til þess að viðfangsefni millistjórnenda séu umfangsmikil og flókin. Í daglegum störfum sínum standa millistjórnendur frammi fyrir margs konar áskorunum og einna helst á sviði starfsmannamála, ákvarðanatöku og upplýsingamiðlunar. Viðmælendur í rannsókninni eru sammála um að viðamesta viðfangsefnið sé starfsmannamál. Niðurstöðurnar gefa jafnframt til kynna að millistjórnendur Arion banka eru virkir þátttakendur í stefnumótun fyrirtækisins, á bæði beinan og óbeinan hátt.

Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir
Runólfur Smári Steinþórsson

Sameiginlegt eignarhald á íslenskum hlutabréfamarkaði

Tilgangur þessarar greinar er að varpa ljósi á sameiginlegt eignarhald fyrirtækja á skráðum hlutabréfamarkaði á Íslandi og bera saman við umfang slíks eignarhalds í Bandaríkjunum. Nokkur umræða hefur verið um hversu fáir aðilar eiga stóra hluti í íslenskum fyrirtækjum sem eru í samkeppni við hvert annað. Sjónum er beint að þremur mörkuðum hér á landi þar sem tveir eða þrír keppinautar eru skráðir í Kauphöll Íslands. Það eru trygginga-, fjarskipta-, og fasteignamarkaðir. Þá er umfang fjárfestinga lífeyrissjóða á íslenskum hlutabréfamarkaði greint á fjórum mismunandi tímapunktum; árin 2003, 2007, 2014 og 2016.

Þótt erfitt sé að bera saman hlutabréfaeign milli tímabila sést að sameiginlegt eignarhald var mun minna fyrir efnahagshrunið árið 2008 en á árunum eftir hrun, bæði hjá öllum stærstu hluthöfum skráðra fyrirtækja og þá einkum lífeyrissjóðum. Ekki liggur fyrir hvaða afleiðingar þetta sameiginlega eignarhald á íslenskum fyrirtækjum hefur á samkeppni og verð. Engar rannsóknir hafa enn verið gerðar á því. Bandarískar rannsóknir benda þó til þess að slíkt eignarhald hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Í ljósi umfangs þess á Íslandi er ástæða til þess að greina áhrif þess hér og mun greinin því varpa betra ljósi á hvernig þróunin hefur verið á Íslandi síðustu tæpu tvo áratugi.

Ásta Dís Óladóttir
Friðrik Árni Friðriksson
Gylfi Magnússon
Valur Þráinsson

Vistvottunarkerfið BREEAM: Greining á aðlögunarhæfni matskerfisins að íslenskum aðstæðum.

Áhrif loftslagsbreytinga eru ótvíræð. Tölur sýna að rekja megi um helming auðlindanýtingar og allt að 30-40% orkunotkunar og útblásturs til byggingariðnaðarins, sem gerir hann að þeim iðnaði sem losar mest af gróðurhúsalofttegundum á heimsvísu. Viðfangsefni þessarar rannsóknar er breska vistvottunarkerfið BREEAM. BREEAM er fyrsta vistvottunarkerfið fyrir byggingar og skipulag sem tekið var í notkun á Íslandi. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt. Annars vegar að útskýra uppbyggingu og eiginleika BREEAM. Hins vegar að varpa ljósi á aðlögun kerfisins að íslenskum aðstæðum, sem er gert með því að framkvæma tilviksrannsókn á íslenskum byggingariðnaði. Rannsóknin byggir á eiginlegri aðferðafræði. Rannsóknargagna var aflað með hálfstöðluðum viðtölum við fimm fagaðila sem starfa innan byggingariðnaðarins á Íslandi og hafa komið að BREEAM vottuðum verkefnum hérlandis. Niðurstöður rannsóknarinnar varpa ljósi á innleiðingu og notkun BREEAM á Íslandi og áhrif kerfisins á fagfólk innan byggingariðnaðarins. Þær gefa vísbendingar um það hvernig BREEAM hentar íslenskum aðstæðum auk þess að gefa innsýn í helstu hindranir og hvata sem fyrirfinnast í íslenskum byggingariðnaði hvað varðar kröfur sem gerðar eru í BREEAM. Þannig stuðlar rannsóknin að þekkingarsköpun og umræðu varðandi sjálfbærar aðferðir innan byggingariðnaðarins á Íslandi og hvar þurfi að gera betur varðandi umhverfismál í byggingariðnaðinum almennt. Það skortir rannsóknir á vistvottunarkerfum og notkun þeirra á Íslandi. Fræðilegt gildi rannsóknarinnar er að þróa tillögur til frekari athugana/rannsókna á viðfangsefninu.

Olga Árnadóttir
Lára Jóhannsdóttir

Innleiðing samfélagslegrar ábyrgðar hjá íslenskum aðilum að United Nations Global Compact

